# FRÉTTABLAÐIÐ

29. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 4. FEBRÚAR 2016




Husky-hundurinn Buddha brá á leik í snjónum á Klambratúni í Reykjavík í gær. Það verður framhald á vetrarríkinu í dag því samkvæmt veðurspá er gert ráð fyrir austan og norðaustan stormi eða roki, 20-28 metrum á sekúndu sunnan og vestan til á landinu síðdegis, en norðan og austan til aðra nótt. Einnig má búast við talsverðri úrkomu, en mikilli úrkomu suðaustan- og austanlands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Jón Gnarr skrifar um verslunarferðir. 18-20

**SPORT** Sandra María spilar í þýsku deildinni til vorsins. 26

**MENNING** Óður og Flexa fá fólk til að hlæja. 34

**LÍFIÐ** Gefur út fyrstu sólóplötuna í slagtogi við stórlax. 36-42

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað, 18–49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, okt.–des. 2015.



Allt sem þú þarft ...

## Fjórar tillögur fara áfram

**SKIPULAGSMÁL** Fjórar tillögur komust áfram í annað þrep í hugmyndasamkeppni um Kársnesið í Kópavogi.

„Með því að taka inn þær nýju og fersku hugmyndir sem fram koma í tillögunum tel ég að við tryggjum að uppbygging sem fram undan er á Kársnesi verði vel heppnuð,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi.

Allar tillögurnar gera ráð fyrir brú frá Kársnesi yfir Fossvog til Reykjavíkur enda er sú tenging bæði í aðalskipulagi Kópavogs og höfuðborgarinnar.

Meðal hugmynda í tillögunum má nefna sundlaug úti á Fossvoginum og sporvagna. – **gar** / **sjá síðu 4**

> Það er lyftistöng fyrir bæinn að vestast á Kársnesinu verði til hverfi þar sem atvinnulíf og íbúðarbyggð blandast saman.



Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri

# Reykjanesbær setur lánveitendum afarkosti

**Reykjanesbær hyggst óska eftir því að fjárhagsstjórn verði skipuð yfir sveitarfélaginu samþykki lánardrottnar fasteignafélags í eigu bæjarins ekki afskriftir. Þeir hafa frest til morguns til að ganga að tilboðinu. Bæjarstjóri segir svar ekki komið.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Reykjanesbær hefur gefið lánardrottnum Eignarhaldsfélagsins Fasteignar (EFF), frest þar til á morgun, 5. febrúar, til að ganga að tillögu bæjarins um afskriftir skulda samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Gangi það ekki eftir sé bænum nauðugur einn kostur að óska eftir því við innanríkisráðuneytið að það skipi fjárhagsstjórn yfir sveitarfélaginu sem tæki yfir stjórn fjármála Reykjanesbæjar.

Samþykkt var að senda bréfið á fundi bæjarráðs síðasta föstudag með atkvæðum þriggja fulltrúa meirihlutans gegn atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, sagði í gær engin viðbrögð hafa borist við bréfinu enda er fresturinn ekki runninn út.

EFF er í eigu Reykjanesbæjar en félagið á meðal annars skóla, leikskóla og sundlaugar sem Reykjanesbær rekur.

Heimildir Fréttablaðsins herma að sáttatillaga bæjarins feli í sér að 6,8 milljarðar verði afskrifaðir af skuldum Reykjanesbæjar en þar mun stærsti hlutinn vera af skuldum EFF. Lánardrottnar bæjarins hafa hins vegar ekki verið tilbúnir að afskrifa meira en 5,1 milljarð af lánum til bæjarins. Skuldir A- og B-hluta Reykjanesbæjar námu í árslok 2014 samtals um 40 milljörðum króna en skuldir EFF tæplega 8 milljörðum. Stærstu lánardrottnar EFF eru Íslandsbanki, Landsbankinn og þá átti Glitnir stóra kröfu sem afhent var ríkinu.

> **5,1** milljarður er upphæðin sem lánardrottnar hafa verið tilbúnir að afskrifa samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Viðræður Reykjanesbæjar og lánardrottna hafa staðið í að verða ár. Markmið viðræðna Reykjanesbæjar hefur verið að gera bænum kleift að komast undir lögbundið 150 prósenta skuldahlutfall fyrir árið 2022 en skuldahlutfallið stóð í 253,6 prósentum í árslok 2014.

Þá hefur Reykjaneshöfn verið í greiðslustöðvun frá 15. október. Reykjanesbær hefur farið fram á að ábyrgð bæjarins á skuldum hafnarinnar verði felld niður. – **ih**




## Veður




Vaxandi austanátt í dag og bætir í ofankomu, 15-28 m/s síðdegis, hvassast sunnan og vestan til, talsverð snjókoma, en slydda eða rigning við suðurströndina. Hægari vindur og úrkomuminna norðaustan til fram eftir kvöldi. Frost 0 til 5 stig, en hlánar sunnan til. Talsverð eða mikil snjókoma suðaustan og austan til í kvöld, en slydda eða rigning á láglendi í nótt.

SJÁ SÍÐU 32



**Fáfnir rekur dýrasta skip Íslandssögunnar.** AÐSEND MYND

# Höfnuðu tilboði í hluti í Fáfni

**VIÐSKIPTI** Sjóðirnir Akur og Horn II, sem saman eiga meirihluta í Fáfni Offshore, höfnuðu í vikunni, tilboði í hluti sína í Fáfni. Heimildir Fréttablaðsins herma að Steingrímur Erlingsson, fyrrverandi forstjóri og stofnandi Fáfnis Offshore, hafi boðið í hlutina. Íslenskir lífeyrissjóðir eru stórir hluthafar í bæði Akri, sem rekinn er af dótturfélagi Íslandsbanka og á 30 prósenta hlut í Fáfni, og Horni II, sem er rekið af dótturfélagi Landsbankans og á 23 prósenta hlut. Steingrími var sagt upp sem forstjóra í desember en hann á 21 prósents hlut í félaginu.

Jóhannes Hauksson, stjórnarformaður Fáfnis og framkvæmdastjóri Akurs, vildi ekki tjá sig um málið og bar fyrir sig trúnaði.

Fáfnir rekur dýrasta skip Íslandssögunnar, Polarsyssel, sem hefur verið í útleigu hjá sýslumanninum á Svalbarða hluta ársins, en það er eina verkefni Fáfnis. Fyrirtækið er með annað enn stærra og dýrara skip í smíðum, Fáfni Víking. Afhendingu skipsins hefur verið frestað nokkrum sinnum, nú síðast fram til ársins 2017. Djúp kreppa ríkir í þjónustu við olíuiðnað en olíuverð hefur fallið um meira en 70 prósent frá sumrinu 2014. Búið er að leggja um 100 olíuþjónustuskipum í Noregi, um 15 prósentum flotans. **– ih**

## Fyrsta listasafnið í vatni



**Fyrsta listasafnið sem stendur undir vatnsborði var opnað í gær, nærri Blanca-ströndinni á Lanzarote í Kanaríeyjaklasanum. Safnið er 2.500 fermetrar. Listaverkin eru 12 metra ofan í vatninu. Hér fyrir ofan sjást nokkur verk eftir listamanninn Jason deCaires.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Jarðskjálfti við Kleifarvatn

**NÁTTÚRA** Íbúar í Hafnarfirði fundu fyrir jarðskjálfta á áttunda tímanum í gærkvöldi. Greindu nokkrir frá því að rafmagnstruflanir hefðu gert vart við sig.

Frumniðurstöður Veðurstofu Íslands leiddu í ljós að um var að ræða tvo skjálfta sem áttu sér upptök um fimm kílómetra frá Krísuvík. Stærsti skjálftinn var upp á 3,9 stig og átti sér upptök sunnan Kleifarvatns.

Nokkrir eftirskjálftar mældust í kjölfarið en ólíklegt er að þeir hafi fundist í byggð. **– bo**

**3,9**

**stig var stærð skjálftans sem átti upptök sín sunnan Kleifarvatns.**

# Kostnaður vegna sérkennslu margfaldast

**Áttatíu milljóna niðurskurður verður á stuðningi og sérkennslu leikskólabarna í Reykjavík. Leikskólastjórar uggandi. Sífellt fleiri börn með greiningu og stuðning. Formaður skóla- og frístundasviðs vill færri greiningar og fleiri úrræði.**

**VELFERÐARMÁL** Skera á niður um áttatíu milljónir til stuðnings og sérkennslu í leikskólum á árinu. Er þetta liður í hagræðingaraðgerðum Reykjavíkurborgar. Leikskólastjórar hafa gagnrýnt niðurskurðinn enda skjóti skökku við að spara í sérkennslu þegar sífellt fleiri börn þurfi aðstoð. Einnig segja þeir að búið sé að skera inn að beini í leikskólum borgarinnar.

Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs, segir gríðarlegan vöxt útgjalda til sérkennslu eina ástæðu þess að endurskoða þurfi fyrirkomulagið. Frá árinu 2009 hafi kostnaður við sérkennslu aukist um 800 milljónir króna, farið úr 300 milljónum í ellefu hundruð milljónir.

Sparað verður í sérkennslu barna með vægari raskanir, svo sem málþroska- og hegðunarraskanir. Skipulag þjónustunnar breytist og áherslan verður á virka ráðgjöf og handleiðslu sérfræðinga við starfsfólk leikskóla, eins og gert hefur verið með hegðunarráðgjöf. Skúli tekur börn með erlendan bakgrunn sem dæmi en greiningar á málþroskaröskunum hafa tvöfaldast á síðustu árum. Árið 2012 greindust 124 börn með röskunina en árið 2014 voru þau tvö hundruð.

„Annað hvert barn sem er sent í greiningu vegna málþroskaröskunar er af erlendum uppruna. Við getum minnkað áherslu á greiningar sem eru dýrar og tímafrekar og einbeitt okkur að því að auka málörvun og þjálfun á leikskólanum – án sérstakrar greiningar. Við þurfum ekki flóknar greiningar til þess að vita að barn af erlendum uppruna þurfi stuðning í íslensku.“

Greiningum leikskólabarna hefur almennt fjölgað mjög og þar af leiðandi hefur sérkennsla og stuðningur á leikskólum aukist. Nær helmingi fleiri börn voru með greiningu á leikskólum Reykjavíkur árið 2014 en árið 2009.

„Við viljum skoða þessa fjölgun á greiningum. Hvort það séu alltaf eðlilegar ástæður að baki eða hvort þær séu hugsanlega afleiðing af því hvernig kerfið okkar er byggt upp. Því ef barn er komið með greiningu fylgir því fjármagn. Þannig myndast hvati í kerfinu til að senda börn í dýrar greiningar. Við viljum draga úr þessari greiningamiðun en tryggja betur að úrræðin séu markviss og skili sér í stöðugum framförum barnanna,“ segir Skúli.

erlabjorg@frettabladid.is



**Spara þarf á leikskólum borgarinnar, fyrst og fremst í sérkennslu og stuðningi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Fjöldi barna sem fá stuðning í leikskólum Reykjavíkur**




*Fjöldi barna í leikskólum borgarinnar






# NISSAN PULSAR

**ACENTA DÍSIL / EYÐSLA 3,6 L/100 KM***

**3.590.000 KR.**

**STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN PULSAR ACENTA ER MEÐAL ANNARS:**
LED dagljósabúnaður, NissanConnect upplýsingakerfi með 7" snertiskjá, íslensku leiðsögukerfi og samþættingu við snjallsíma fyrir Facebook og Google leit, Bluetooth handfrjáls síma- og hljómtækjabúnaður, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, bakkmyndavél, aðalljós með birtuskynjun, upplýsingatölva með 5" litaskjá, sjálfvirkur regnskynjari á rúðuþurrkum, tvískipt sjálfvirk loftkæling, 16" álfelgur, lykillaust aðgengi og ræsing.

## REKSTRARLEIGA Á SÉRKJÖRUM

Bjóðum nokkra bíla á lækkuðum rekstrarleigukjörum. Innifalin í leigu eru tryggingar, dekk og reglubundið þjónustueftirlit.

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum Nissan.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

ENNEMM / SÍA / NM73420 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

# Tíu til fimmtán starfsmenn BUGL hafa veikst af myglusvepp

**HEILBRIGÐISMÁL** Myglusveppur greindist í húsnæði göngudeildar BUGL við Dalbraut í byrjun síðasta árs og hafa framkvæmdir staðið yfir án þess að náðst hafi að koma í veg fyrir vandann. Í síðustu viku var starfsmönnum sent bréf þar sem tilkynnt var að takmarka þyrfti starfsemi göngudeildarinnar eftir að fleiri starfsmenn veiktust.

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum eiga níu starfsmenn erfitt með að vera í húsnæði göngudeildar vegna myglutengdra einkenna. Í heildina hafa þó tíu til fimmtán starfsmenn á BUGL fundið fyrir einkennum síðustu misseri, mismiklum á hverjum tíma.

Enginn er þó fjarverandi frá vinnu til lengri tíma þessa dagana vegna myglu „en það koma upp dagar þar sem einkenni eru svæsnari og þá

**3** starfsmenn BUGL voru frá vinnu síðustu tvo daga.

er starfsmaður frá vinnu, til dæmis einn í fyrradag og tveir í gær,“ segir Anna Dagný Smith, mannauðsráðgjafi kvenna- og barnasviðs.

Þeim starfsmönnum, sem ekki geta unnið vegna einkenna sem tengjast myglu, hefur verið útveguð starfsaðstaða tímabundið í öðru húsnæði Landspítala. Fréttablaðið hefur einnig rætt við starfsmann sem getur einungis verið í litlum hluta húsnæðisins og mætir því hvorki á starfsmannafundi eða í mötuneyti.

Þessa dagana eru framkvæmdir á fullu á þeim stöðum þar sem mygla og rakaskemmdir hafa greinst, segir í svari Landspítala. Stór hluti eldra húsnæðis BUGL hefur nú þegar verið tekinn í gegn og starfsemi þar því „að mestu hnökralaus“. Á göngudeild er aftur á móti eingöngu bráðaþjónustu sinnt. Nýjum málum hefur verið frestað, hópar felldir niður og eingöngu bráðamálum sinnt þar til ráðin verður bót á húsnæðisvandanum. – **ebg**

## Athugasemd frá Landsbankanum

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn hafnar því sem fram kemur í Skjóðunni, pistli sem ritaður er undir nafnleynd í Markaðinum í gær, að bankinn hafi selt Setbergslandið í Garðabæ á vildarkjörum til handvalinna kaupenda.

Segir Landsbankinn að Hömlur, dótturfélag Landsbankans, hafi auglýst eignina til sölu í fjölmiðlum. Í janúar hafi Hömlur tekið tilboði í landið með fyrirvörum af hálfu kaupenda. Kaupendur hafi ekki staðið við tilboðið og eignin því boðin aftur til sölu. Annað tilboð hafi borist í árslok 2015 og sé eignin nú seld. Yfirlýsinguna má lesa í heild á Vísi. – **jhh**

**» Landsbankinn segir að upplýsingar um að Setbergslandið væri til sölu hafi legið fyrir opinberlega í um tvö ár áður en það var selt.**

## Merkel setur pressu á Pútín

**ÞÝSKALAND** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hefur undanfarið þrýst á Vladimír Pútín, forseta Rússlands, að nýta áhrif sín meðal aðskilnaðarsinna í austurhluta Úkraínu til að tryggja frið á svæðinu og leysa úr átökum sem þar eru. Frá þessu greindi talsmaður kanslarans í gær.

Eiga leiðtogarnir tveir að hafa átt langt samtal í gegnum síma í gær. Degi fyrr fundaði Merkel með forseta Úkraínu, Petró Porosjenkó, í Berlín. Á fundinum sagði Merkel þurfa aukið öryggi fyrir íbúa Austur-Úkraínu, áframhaldandi vopnahlé og aukið aðgengi fyrir alþjóðleg samtök til að hjálpa fólki í neyð. Enn fremur sagði Merkel ekki standa til að draga úr viðskiptaþvingunum gegn Rússum. – **þea**



Angela Merkel Þýskalandskanslari

# Fjórir keppa áfram á Kársnesi

**Sundlaug úti á Fossvoginum og sporvagn eru meðal hugmynda í tillögum sem komust áfram í samkeppni um skipulag á Kársnesi. Hluti af keppni á Norðurlöndunum þar sem lokaverðlaun eru 15,7 milljónir króna.**

**SKIPULAGSMÁL** Fjórar tillögur komust áfram í annað þrep í hugmyndasamkeppni um Kársnesið í Kópavogi sem sjálfbæra líftaug.

„Með því að taka inn þær nýju og fersku hugmyndir sem fram koma í tillögunum tel ég að við tryggjum að uppbygging sem framundan er á Kársnesi verði vel heppnuð,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi.

Nítján tóku þátt í Kársness-samkeppninni sem er á vegum Nordic Built Cities. Það er verkefni sem fyrst og fremst er ætlað að efla nýsköpun og samkeppnishæfni Norðurlandanna. Kársnes var valið til þátttöku í fyrra ásamt fimm öðrum þéttbýlissvæðum á hinum Norðurlöndunum. Fram kemur í tilkynningu frá Kópavogsbæ að Nordic Built Cities leggi áherslu á að tillögurnar leiði til nýjunga í vöru eða þjónustu sem mætti mögulega nota til útflutnings frá Norðurlöndunum.

Allar tillögurnar gera ráð fyrr brú frá Kársnesi yfir Fossvog til Reykjavíkur enda er sú tenging bæði í aðalskipulagi Kópavogs og höfuðborgarinnar. Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans, sem er formaður dómnefndar í samkeppninni, sagði í ávarpi þegar tillögurnar fjórar voru kynntar í gær, að ekki gerðu sér allir grein fyrir möguleikum Kársness eftir að Fossvogurinn hefði verið brúaður.

Meðal hugmynda í tillögunum má nefna sundlaug úti á Fossvogi og sporvagna.

„Það er lyftistöng fyrir bæinn að vestast á Kársnesinu verði til hverfi þar sem atvinnulíf og íbúðarbyggð blandast saman og möguleikar til fjölbreyttrar útivistar eru nýttir til fulls. Þá munu lífsgæði íbúa svæðisins aukast verulega þegar brú yfir Fossvog tengir Kársnes við Reykjavík,“ segir Ármann bæjarstjóri.

Þeir fjórir keppendur sem eftir eru fá nú frest til 22. maí til að skila inn tillögum í næsta þrepi keppninnar. Í júní mun síðan dómnefndin velja eina tillögu sem verður send utan í lokakeppni Nordic Built Cities.

Tillögurnar fjórar fá nú 150 þúsund norskar krónur, sem svarar til tæplega 2,3 milljóna króna, í verðlaun. Sömu upphæð fá keppendurnir síðan eftir að 2. þrepi er lokið í maí auk þess sem sigurvegarinn þá fær 250 þúsund norskar krónur til viðbótar.

Vinni viðkomandi síðan heildarkeppnina bíða aðrar 500 þúsund norskar krónur í verðlaun. Samtals verða því verðlaun fyrir sigurvegarann í lokakeppninni 1.050.000 norskar krónur sem svarar til ríflega 15,7 milljóna króna.
**gar@frettabladid.is**




**Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, lýsti ánægju með tillögur í hugmyndasamkeppni um Kársnesið.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Það er lyftistöng fyrir bæinn að vestast á Kársnesinu verði til hverfi þar sem atvinnulíf og íbúðarbyggð blandast saman.**
>
> Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri í Kópavogi



# GRAFÍK OG MARGMIÐLUN

**VILTU LÆRA Að SETJA UPP EIGIN VEFSÍÐU, VINNA EIGIÐ MYNDBAND EÐA ÚTBÚA KYNNINGAREFNI? VILTU KUNNA Á HELSTU HUGBÚNAÐARLAUSNIR Í GRAFÍK, MARGMIÐLUN, HÖNNUN EÐA LJÓSMYNDUN? REYNDIR LEIÐBEINENDUR OG RAUNVERKEFNI.**



**NÆSTU NÁMSKEIÐ:**

**GRAFÍSK HÖNNUN**
hefst 11. febrúar

**PREMIERE PRO**
hefst 13. febrúar

**ALVÖRU VEFSÍÐUGERÐ**
hefst 29. mars

**INDESIGN**
hefst 6. apríl

**PHOTOSHOP EXPERT**
hefst 20. apríl

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

**www.ntv.is**

ntv

Nýi tölvu-og viðskiptaskólinn

# GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

**bilaland.is**

ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN




RENAULT Clio Sport Tourer.
Nýskr. 03/15, ekinn 41 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 283157.

Glæsilegur bíll
**2.690 þús.**




HYUNDAI i10 Comfort.
Nýskr. 05/15, ekinn 34 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 2.090 þús.**
Rnr. 192019.




HYUNDAI i10 Comfort.
Nýskr. 05/15, ekinn 34 þús km.
bensín, beinskiptur.
**VERÐ kr. 1.790 þús.**
Rnr. 283349.




SUBARU Outback Premium
Nýskr. 02/15, ekinn 58 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 5.490 þús.**
Rnr. 340141.




HYUNDAI ix35 Comfort
Nýskr. 05/15, ekinn 33 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 5.290 þús.**
Rnr. 320477.




BMW 2 218d Active Tourer f45
Nýskr. 05/15, ekinn 1 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 4.790 þús.**
Rnr. 131823.




RENAULT Megane Sport Tourer
Nýskr. 02/15, ekinn 49 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 3.090 þús.**
Rnr. 320486.

**bílaland**

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is




## Dagar verslunarinnar Vísis taldir




Nágrannar verslunarinnar Vísis við Laugaveg koma til með að sakna hennar en 100 ára verslunarrekstri þar lauk um helgina. Í gær voru menn í óðaönn að ganga frá í húsnæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gjafir yfir 120 þúsund krónum skattskyldar

**Fréttablaðið fjallaði nýverið um jólagjafir hjá ríkisstofnunum. Fari verðmæti slíkra gjafa yfir 120 þúsund krónur á að borga af þeim skatt að sögn ríkisskattstjóra. Séu gjafirnar hins vegar peningar ber ávallt að telja þær fram til skatts.**

**SKATTAMÁL** Verðmæti tækifærisgjafa má ekki fara yfir 120 þúsund krónur án þess að þær verði taldar fram til skatts. Þetta segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

Fréttablaðið fjallaði í janúar um jólagjafir og jólahlaðborð ríkisstofnana og -fyrirtækja. Af þeim 150 svörum sem blaðinu höfðu þá borist mátti ráða að dýrustu gjafirnar sem ríkisstarfsmenn fengu frá vinnuveitanda sínum fyrir síðustu jól væru að verðmæti tæplega 31 þúsund krónur. Þessar gjafir eru því fjarri því að ná því marki að vera skattskyldar.

Skúli Eggert segir að almennt eigi að telja til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og það sem metið verði til peningaverðs. „Þá skiptir það ekki máli í hvaða formi það er eða hvaðan það stafar,“ segir hann.

Ríkisskattstjóri segir jólagjafir flokkast sem tækifærisgjafir. „Það er auðvitað mjög mismunandi á milli fyrirtækja, stofnana og einstaklinga hvað þeir líta á sem viðunandi gjöf. Það er auðvitað vandrötuð línan þarna, að vera ekki tíkarlegur í gjöfum þannig að það móðgi móttakandann og um leið að hafa það innan skynsamlegra marka,“ segir Skúli Eggert.

> **Það er auðvitað vandrötuð línan þarna, að vera ekki tíkarlegur í gjöfum þannig að það móðgi móttakandann og um leið að hafa það innan skynsamlegra marka.**
>
> Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri

Meginreglan að sögn Skúla Eggerts er sú að jólagjafir frá fyrirtækjum eru ekki skattskyldar nema það séu peningar. „Ef þetta eru peningar sem eru gefnir þá er það ekki annað en launauppbót. Dæmi um slíkt er ef menn fá einhverjar bónusgreiðslur eða greidda einhverja yfirvinnu sem þeir hafa ekki unnið en er einhvers konar jólagjöf eða eitthvað slíkt. Þá er það skattskylt að fullu,“ segir hann.

Skúli Eggert segir að í öllum tilfellum þurfi að vega þetta og meta. „Það þarf að hafa það í huga þegar verið er að gefa einstaklingsbundnar gjafir,“ segir hann og tekur sem dæmi gjöf sem starfsmenn slá saman í eða fyrirtækið borgar handa starfsmanni sem er að láta af störfum. „Það er einsskiptis athöfn, það er tækifærisgjöf. Jafnvel þó að það væri eitthvað sem kostaði jafnvel hundrað þúsund krónur eða eitthvað þess háttar, þá er ekki hægt að líta á það sem skattskylt í þeim skilningi.“ gar@frettabladid.is



Sátu dýrlegar veislur en aðrir fengu ekkert

Mikill munur er á jólagjöfum og veisluhaldi ríkisstofnana og embætta fyrir starfsmenn. Á meðan sumir fengu hvorki vott né þurrt sátu aðrir dýrar veislur með mökum sínum í boði ríkisins.

**Fréttablaðið birti lista yfir dýrustu jólagjafir og hlaðborð 22. janúar.**


MAKEUP THAT'S GOING PLACES
NÝTT
DOUBLE WEAR
MAKEUP TO GO
8-hour wear at the push of a button.
Raki, ljómi, lýtalaus allan daginn.
Sérhannaðar umbúðir halda farðanum ferskum.
Þrýstu einu sinni fyrir létta áferð, tvisvar fyrir meiri þekju.
Taktu hann með þér hvert sem þú ferð.
esteelauder.com © 2015 Estée Lauder Inc.
NÝTT
Liquid
Compact
ESTĒE LAUDER
Double Wear
Stay-in-Place Makeup
Teint longue tenue
intransférable
SPF 10
LITIR FYRIR ALLA HÚÐTÓNA
ESTĒE LAUDER
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
DOUBLEWEAR FÖRÐUM
FIMMTUDAG, FÖSTUDAG
OG LAUGARDAG
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Samfylking eins og maki á leið í meðferð

**Það virðast margir vera á þeirri skoðun að formannsskipti í Samfylkingunni séu óumflýjanleg. Árni Páll Árnason formaður hyggst þrátt fyrir það bjóða sig fram að nýju og segir vandann ekki snúast um persónu sína. VG orðin afhuga auknu samstarfi eins og staðan er í dag.**

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



**STJÓRNMÁL** „Maður verður bara að treysta því að menn geti hamið sig í hnífunum,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, þar sem hann var staddur í Vestmannaeyjum í gær og þar með ófær um að mæta á þingflokksfund. Ástandið innan þingflokksins er sérstaklega slæmt að mati þingmanna innan flokks sem utan.

Árni segir hins vegar að ástandið hafi aldrei snúist um sig og sína persónu og tekur því ekki nærri sér þó aðrir séu orðaðir við formannssætið. „Það væri nú eitthvað að ef enginn vildi vera formaður í Samfylkingunni,“ segir Árni. Hann hyggst bjóða sig fram til formanns að nýju þegar landsfundur fer fram. Samflokksmaður Árna sagði í samtali við Fréttablaðið að Árni liti svo á að ekki mætti bola honum úr embætti.

Og það eru sannarlega fleiri sem vilja vera formenn flokksins. Helgi Hjörvar þingmaður hélt samkvæmi fyrir lokaðan hóp samfylkingarfólks í Reykjavík þann 15. janúar síðastliðinn. Athygli vakti að þingmenn voru ekki í samkvæminu en þó var nokkuð vel mætt af fólki.

Helgi stofnaði líka nýlega Facebook-síðu fyrir sjálfan sig sem opinber persóna svo stuðningsmenn geti lækað hann. Þingmenn annarra flokka tóku svo eftir því að Helgi fundaði með Hrannari B. Arnarssyni, fyrrverandi aðstoðarmanni Jóhönnu Sigurðardóttur, í Alþingishúsinu á þriðjudag. Þá þótti ljóst að Helga væri ekki í mun að fela formannsbuxurnar.

> **Það væri nú eitthvað að ef enginn vildi vera formaður í Samfylkingunni.**
>
> Árni Páll Árnason
> formaður Samfylkingarinnar

Þingmaður Vinstri grænna, sem ekki vildi láta nafns síns getið, sagði að það hefði verið subbuskapur hjá Helga Hjörvar og Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur að leggja fram frumvarp um afnám verðtryggingar þann 21. janúar síðastliðinn. Helgi Hjörvar væri formaður þingflokks Samfylkingarinnar og það tíðkaðist ekki í því embætti að leggja fram mál þvert gegn vilja formanns flokksins. Þessir tveir formenn verði að dansa í takt og framlagningin hafi sýnt að engin virðing sé borin fyrir Árna Páli sem formanni flokksins.

Heimildir Fréttablaðsins herma hins vegar að það hafi verið viðbrögð Árna sem komu á óvart. Málið hafi verið þaulrætt í þingflokki Samfylkingar og þingmönnunum gefið leyfi til að leggja frumvarpið fram. Þegar Árni lagðist hart gegn frumvarpinu í fjölmiðlum hafi það komið þingmönnunum tveimur í opna skjöldu.

Þingmenn VG segja að fyrir nokkrum misserum hafi farið fram samtal á milli flokkanna á vinstri vængnum um aukið samstarf. Þá hafi það helst verið Samfylking sem ekki vildi ræða samstarf eða sameiningu í krafti stöðu sinnar sem stærsti flokkurinn. Nú sé komið annað hljóð í strokkinn en þingmönnum vinstri vængsins þyki tal um sameiningu nú hjákátlegt. Einn orðaði það svo: „Samstarf væri eins og að reyna að lappa upp á hjónaband þar sem annar aðilinn er veikur og þarf nauðsynlega í meðferð.“




**Samkvæmt mælingum Gallup er fylgi Samfylkingarinnar helmingur af því sem það var fyrir ári.**

*Samkvæmt könnun Gallup

## Þessi hafa verið nefnd

- Magnús Orri Schram, fyrrverandi þingmaður, er það nafn sem flestir virðast spenntir fyrir í formannsembættið eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Hann nýtur mikils stuðnings innan Ungra jafnaðarmanna og Kragans. Horft er til Magnúsar sem fersks andblæs af þeim sem ekki geta hugsað sér neinn sitjandi þingmann í formannsembættið.
- Össur Skarphéðinsson er talinn hafa tvö plott í gangi. Annað snýst um að verða forseti og hitt formaður Samfylkingarinnar. Það gæti hæglega unnið gegn honum ef fólk veit ekki í hvorn fótinn hann ætlar að stíga.
- Anna Pála Sverrisdóttir, fyrrverandi formaður Ungra jafnaðarmanna, er vonarstjarna innan flokksins. Hún fékk eitt atkvæði í formannsembættið á síðasta landsfundi flokksins sem jafnvel var atkvæðið sem skildi á milli Árna Páls Árnasonar og Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur.



ÍSLANDS
LAMB
*Stolt kjötmeistarans*

# Saltkjöt frá Íslandslambi
## Skert innihald salts

# 45%

## minna salt - sama bragð
## njóttu þess...






### Sérverkað saltkjöt

Hófleg saltneysla er mikilvæg fyrir alla og sér í lagi þá sem af einhverjum orsökum þurfa að passa uppá saltneyslu. Sérverkað saltkjöt frá Íslandslambi er með 45% minna salti án þess að það komi niður á bragðgæðum

Fæst í verslunum BÓNUS HAGKAUP

# Fimm þúsund barna á flótta er saknað

**UN Women segja aðbúnað flóttakvenna og barna ekki góðan á landamærastöðvum í Makedóníu og Serbíu. Hægt sé að bæta þar úr með einföldum hætti.**


Flóttakonur komnar til Serbíu eftir að hafa gengið yfir landamærin frá Makedóníu. Þúsundir flóttamanna fara þarna um daglega. NORDICPHOTOS/AFP

**FLÓTTAFÓLK** Þýska lögreglan segir að fimm þúsund þeirra barna, sem komu með flóttafólki til landsins, sé nú saknað.

Þetta upplýsir lögreglan stuttu eftir að Evrópulögreglan, Europol, sagði að tíu þúsund þeirra barna, sem komu til Evrópu með flóttafólki á síðasta ári, sé saknað.

Á síðasta ári fóru meira en 850 þúsund manns yfir hafið frá Tyrklandi til Grikklands og flestir héldu áfram norður Balkanskaga áleiðis til Austurríkis, Þýskalands og Svíþjóðar.

Fjórðungur þessa hóps flóttafólks voru börn og 17 prósent voru konur. Að sögn alþjóðlegu hjálparsamtakanna UNICEF hefur hlutfall kvenna og barna hækkað, og nú er svo komið að börn eru þriðjungur þeirra flóttamanna sem koma til Evrópu.

Langflestir hafa þessir flóttamenn farið í gegnum landamærabæinn Gevgelija í Makedóníu, við landamæri Grikklands. Þar þurfa þeir að láta skrá sig og sækja um bráðabirgðahæli.

Þaðan þarf fólkið að ferðast norður að landamærum Serbíu, sem er þriggja til fjögurra klukkustunda leið með bifreið eða lest. Aftur þarf fólk að láta skrá sig í landamærabænum Presovo í Serbíu.

Alþjóðasamtökin UN Women gerðu nýlega úttekt á aðbúnaði flóttakvenna og barna þeirra á þessum landamærastöðvum í Makedóníu og Serbíu, þar sem fólkið þarf að láta skrá sig. Í ljós kom að aðbúnaðurinn er engan veginn nógu góður, meðal annars vegna þess að neyðaraðstoð er gjarnan hönnuð af körlum.

UN Women hefur brugðist við með því að samhæfa aðgerðir og bæta aðbúnað flóttafólks með þarfir kvenna sérstaklega í huga. Einfaldar lausnir geta oft verið áhrifaríkar, eins og bara það að koma upp kynjaskiptum svefnskálum, salernum og sturtuaðstöðu.

Einnig þurfi að sjá til þess að á landamærastöðvunum séu sérstök svæði ætluð konum og börnum. Einnig þurfi að tryggja að konur sem ferðast einar geti gist saman í séraðstöðu. Þá þurfi að sjá til þess að konur séu í hópi starfsfólks auk þess sem kvensjúkdómalæknar séu til staðar.

Í gær bárust svo fréttir af því að Evrópusambandið hefði komið sér saman um það, hvernig fjármagna ætti þær þrjár milljónir evra, sem sambandið ætlar að greiða Tyrklandi til að koma þar upp betri aðstæðum fyrir flóttafólk í von um að fólkið haldi kyrru fyrir í Tyrklandi frekar en að leggja upp í áhættusama ferð til Evrópu.

gudsteinn@frettabladid.is

### Neyðarsöfnun

Þessa dagana stendur yfir neyðarsöfnun á vegum UN Women á Íslandi til að veita konum á flótta vernd og öryggi.

Íslendingar geta tekið þátt með því að senda sms-ið KONUR í síma 1900 og styrkja þar með verkefni UN Women á svæðinu.


# Hefur þú áhuga á að starfa í forystu VR?

Samkvæmt 20. gr. laga VR auglýsir kjörstjórn félagsins eftir einstaklingsframboðum í stjórn félagsins og listaframboðum í trúnaðarráð.

- Um er að ræða annars vegar sjö sæti í stjórn og þrjú til vara. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna einstaklingsframboðs til stjórnar og varastjórnar.
- Hins vegar er um að ræða listaframboð fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Til að listi vegna trúnaðarráðs sem borinn er fram gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna sem og skriflegt samþykki frambjóðenda á listanum.

**Framboðsfrestur er til kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 12. febrúar 2016.** Framboðum og framboðslistum skal skilað til kjörstjórnar á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7.

Frambjóðendum er bent á **www.vr.is**, þar sem eyðublöð vegna framboða eru aðgengileg og ítarlegri upplýsingar birtar um framboð til stjórnar og trúnaðarráðs. Kjörstjórn VR veitir einnig frekari upplýsingar í síma 510 1700 eða með tölvupósti til kjorstjorn@vr.is.

**4. febrúar 2016**
**Kjörstjórn VR**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR



Rústir eftir loftárásir í borginni Aleppo í Sýrlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Viðræður í uppnámi vegna loftárása

**SVISS** Þessa dagana standa yfir í Genf viðræður um átökin í Sýrlandi, þar sem fulltrúar bæði stjórnar og stjórnarandstöðu eiga að reyna að finna lausnir, og hafa til þess stuðning frá Sameinuðu þjóðunum, Bandaríkjunum, Rússlandi, Evrópuríkjum og fleiri löndum.

Harðar loftárásir stjórnarhersins og Rússa á borgina Aleppo hafa þó komið þessum viðræðum í uppnám. Á þriðjudaginn neituðu fulltrúar uppreisnarmanna að mæta til viðræðnanna vegna loftárásanna.

Þetta eru fyrstu meiriháttar loftárásir stjórnarhersins á borgina síðan í haust, þegar Rússar hófu loftárásir sínar á svæði uppreisnarmanna í Sýrlandi.

Bandaríkin hafa skorað á Rússa að hætta loftárásum á meðan friðartilraunir standa yfir, en Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, segir það ekki koma til greina fyrr en hryðjuverkahópar hafa verið brotnir á bak aftur.

**» Bandaríkin hafa skorað á Rússa að hætta loftárásum á meðan friðartilraunir standa yfir, en Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, segir það ekki koma til greina að óbreyttu.**

Staffan de Mistura, sendifulltrúi Sameinuðu þjóðanna gagnvart Sýrlandi, segir vel geta farið svo að ekkert verði úr viðræðunum, að því er Reuters-fréttastofan hefur eftir honum í viðtali sem birt var á svissnesku sjónvarpsstöðinni RTS. Það yrði hins vegar afdrifaríkt.

„Ef þetta mistekst núna eftir að við reyndum tvisvar með ráðstefnum í Genf, þá verður engin von eftir fyrir Sýrland. Við verðum að reyna af öllum mætti að tryggja að þetta mistakist ekki,“ sagði hann í viðtalinu. – gb



*Gildir ekki með öðrum tilboðum
Finndu okkur á facebook
**Opið til kl. 21:00 í kvöld**
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Vinna beingræði úr rækjuskel

**Líftæknifyrirtækið Genís á Siglufirði hefur eftir rannsóknir og þróun í ellefu ár markaðssett tvö fæðubótarefni. Fleiri vörur munu fylgja í kjölfarið og klíniskar tilraunir með efni sem græðir illa sködduð bein eru að hefjast.**

**NÝSKÖPUN** Líftæknifyrirtækið Genís á Siglufirði hefur markaðssett tvö fæðubótarefni sem unnin eru úr rækjuskel. Fæðubótarefnin eru árangur áralangrar rannsóknar- og þróunarvinnu við að vinna verðmæti úr hráefni sem um áratugaskeið var hent. Þróun á efni til að græða beinvef eftir beinbrot eða annan alvarlegan skaða er langt á veg komin.

Lilja Kjalarsdóttir, framkvæmdastjóri Rannsóknar- og þróunarsviðs hjá Genís, segir að rannsóknar- og þróunarstarf fyrirtækisins hafi staðið yfir síðastliðin ellefu ár, og því sé um stóran áfanga að ræða hjá fyrirtækinu nú þegar tvær fyrstu vörurnar eru komnar í hillur lyfjaverslana.

„Þetta er vissulega búið að vera lengi í fæðingu og því stór áfangi. Þess utan erum við með fleiri vörur í þróun sem eru langt komnar,“ segir Lilja og tekur undir að þegar leikmaður les um virkni efnanna þá fari ekki á milli mála hversu mikil vísindi liggja þeim að baki.

„Við höfum fengið stór alþjóðleg ráðgjafarfyrirtæki til okkar þar sem við erum að undirbúa markaðssetningu um allan heim, og fulltrúar þeirra hafa látið þess getið hversu sérstakt það er að svo mikil rannsóknarvinna liggi að baki vöru sem er seld sem fæðubótarefni, hvað þá að vera svo vel varin af einkaleyfum.“

Í samhengi segir Lilja að Genís sé að stíga fyrstu skrefin inn á lækningatækjamarkaðinn með því að nýta þekkingu og tækni sem fyrirtækið er búið að byggja upp á rúmum áratug. Tæknin, sem er varin einkaleyfi, liggur að baki efni sem best verður lýst sem beingræði; efni sem græðir skaddað bein. Efninu, BoneReg-Inject™, er sprautað í laskaðan beinvef og skapar umhverfi fyrir nýmyndun beinvefs með góða tengingu við aðliggjandi bein og án nokkurrar örvefsmyndunar.

Verkefnið er unnið í samstarfi við innlenda og erlenda bæklunarskurðlækna, og í tilraun á öldruðum kindum tókst á nokkrum mánuðum að loka holu í beini sem var átta millimetrar í þvermál.

„Miðað við þau efni sem nýtt eru í dag eru þetta hreint ótrúlegar niðurstöður. Tilraunir hingað til hafa verið eingöngu í dýrum en nú styttist í að klíniskar tilraunir hefjist,“ segir Lilja.

Fyrir tveimur árum hófst undirbúningur að markaðssetningu fullþróaðra vara og þróunarverksmiðja var sett á laggirnar. Starfsmenn á Íslandi eru sextán; fimm í rannsóknar- og þróunardeild til húsa í Nýsköpunarmiðstöð Íslands í Reykjavík en ellefu í verksmiðju á Siglufirði.

**svavar@frettabladid.is**



Frá vinstri að telja er rannsókna- og þróunarteymi Genís, þau Unnur Magnúsdóttir, Jóhannes Gíslason, Jón M. Einarsson og Lilja Kjalarsdóttir. Úr teyminu vantar Ng Chuen How. MYND/GENÍS



## Landsliðið á Benecta Sport!

Fæðubótarefnin Benecta og Benecta Spor, eru að sögn Lilju byggð á kítínfásykrum sem unnar eru úr rækjuskelinni og hafa þá sérstöðu að hjálpa líkamanum að vinna úr bólgum og stuðla að endurnýjun vefja [brjósks, sina og beina] og hjálpa þannig til við að viðhalda heilbrigðu stoðkerfi.

„Miðað við fyrstu hópana sem hafa verið að prufa Benecta Sport má búast við að það eigi eftir að slá í gegn því fólk er hreint gáttað yfir árangrinum. Það er spurning hvor við ættum ekki bara að setja íslenska karlalandsliðið í fótbolta á Benecta Sport fyrir EM 2016,“ segir Lilja.

> **Þetta er vissulega búið að vera lengi í fæðingu og því stór áfangi. Þess utan erum við með fleiri vörur í þróun sem eru langt komnar.**

> **Miðað við þau efni sem nýtt eru í dag eru þetta hreint ótrúlegar niðurstöður. Tilraunir hingað til hafa verið eingöngu í dýrum en nú styttist í að klíniskar tilraunir hefjist.**
>
> Lilja Kjalarsdóttir, framkvæmdastjóri Rannsóknar- og þróunarsviðs hjá Genís



Ragnar Páll Dyer er framkvæmdastjóri Júpíters.

## Júpíter stofnar nýjan sjóð

**VIÐSKIPTI** Júpíter rekstrarfélag hf. hefur stofnað fagfjárfestasjóðinn JR Veðskuldabréf I í samstarfi við hóp fagfjárfesta. Upphafsstærð sjóðsins er tveir milljarðar, en hann er með vaxtaheimild. Sjóðurinn fjárfestir í veðskuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum þar sem undirliggjandi veð eru fasteignir.

Fjármögnun sjóðsins lauk í desember 2015 og hefur sjóðurinn nú keypt safn veðskuldabréfa eftir að áreiðanleikakönnum lauk. Þrettán fjárfestar koma að sjóðnum og samanstendur hópurinn af lífeyrissjóðum og fagfjárfestum.

Júpíter rekstrarfélag hf. sérhæfir sig í stýringu fjármuna og starfrækir úrval skuldabréfa-, lausafjár- og hlutabréfasjóða. Eignir í stýringu félagsins eru um 30 milljarðar. – **sg**



Gatnamót Grensásvegar og Miklubrautar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Hætta við útboð á hjólastíg

**SKIPULAGSMÁL** Útboð vegna byggingar á hjólastígum við Grensásveg hefur verið dregið til baka á þeim grundvelli að það hafi ekki verið tekið til umræðu né samþykkt af borgarstjórn þegar útboðið var auglýst. Það hafi hins vegar verið samþykkt í borgarráði.

„Útboðinu er því frestað og er beðist velvirðingar á þessu. Um er að ræða breytingar á götu og endurgerð gangstétta og gerð hjólastíga á Grensásvegi, frá Miklubraut í norðri að Bústaðavegi í suðri,“ segir í tilkynningu frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, furðaði sig á útboðinu í gær og gagnrýndi vinnubrögð meirihlutans í borginni. – **srs**




## Aurum-málið hefst að nýju í dag

**DÓMSMÁL** Fyrirtaka verður í Aurum-málinu í dag en þetta er í annað sinn sem málið er tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hæstiréttur ómerkti sýknudóm sakborninganna fjögurra í apríl á síðasta ári.

Jón Ásgeir Jóhannesson, Lárus Welding, Magnús Arnar Arngrímsson og Bjarni Jóhannesson eru ákærðir fyrir umboðssvik og hlutdeild í svikunum vegna sex milljarða króna láns sem Glitnir veitti félaginu FS38 ehf. sem var í eigu Pálma Haraldssonar, jafnan nefndur Pálmi í Fons, til kaupa á félaginu Aurum Holdings Ltd.

Nýir dómarar munu sjá um málið að þessu sinni en Hæstiréttur mat það svo að sérfróði meðdómarinn Sverrir Ólafsson væri vanhæfur til að dæma í málinu. Þá fór Ólafur Þór Hauksson saksóknari fram á að Guðjón St. Marteinsson viki vegna vanhæfis og féllst Hæstiréttur á það. Ákveðið var svo að Símon Sigvaldason tæki sæti í dómnum í stað Arngríms Ísbergs. Aðrir dómarar með honum verða Barbara Björnsdóttir dómsformaður og Hrefna Sigríður Briem, sérfróður meðdómari. – **skh**



Jón Ásgeir Jóhannesson sagðist himinlifandi þegar sýknudómur féll í héraði árið 2014. Málið hefur frestast töluvert síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Málið snýst um sex milljarða króna lán sem Glitnir veitti félaginu FS38 ehf. til kaupa á Aurum.**



the PIER
LJÓS FRÁ 7.990,-
MAPIRE MINI SKEMILL 12.990,-
Stærð:42xH28 cm.
JUNEAU SÓFI 79.900,-
107x70xH75 cm.
Glæsilegt úrval á pier.is
NÝJAR VÖRUR
ARBOIS SÓFI 129.900,-
Stærð: 121.5x69xH95 cm.
ERJA
BORÐSTOFUSTÓLL 29.900,-
Stærð: 52x67xH93 cm.
PAPLE BORÐ 29.900,-
Stærð: 52.5xH45 cm.
PAPLE BORÐ 19.990,-
Stærð: 34.5xH43 cm.
3 FYRIR 2
AF KERTUM
A WORLD OF INSPIRATION the PIER FOR YOUR HOME
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
TILVALIN Á PIZZUNA
98 kr. pk.
Kjarnafæði Skinka, 125 g
1.998 kr. kg
Kjarnafæði Lambalærisneiðar
Í raspi, frosnar
1.298 kr. kg
Stjörnugrís Grísakótilettur
Í raspi, ferskar
100kr verðlækkun
498 kr. 370 g
Rifinn Ostur, 370 g
Verð áður 598 kr.
319kr verðlækkun
1.179 kr. kg
Gouda Ostur, 26%
Verð áður 1498 kr./kg
NÝBAKAÐ!
198 kr. stk.
Bónus Ostaslaufa
120 g
379 kr. 400 g
HP Kanilsnúðar
400 g
PRÓTEIN BOMBA
1.398 kr. 200 g
Harðfiskur
Þorskur, 200 g
198 kr. 225 g
Bláber
Frosin, 225 g
298 kr. 1 l
Almond Dream
Möndlumjólk, 1 l
PRÓTEINDRYKKUR
498 kr. 3x250 ml
Hámark Próteindrykkur
3x250 ml
198 kr. 350 g
Sellerí
Spánn, 350 g
359 kr. kg
Gulrætur
Danmörk, 1 kg
LAUKUR Í LAUSU
98 kr. kg
Laukur
Holland, í lausu
LÁGT VERÐ ALLA DAGA
Verð í þessari auglýsingu gilda til og með 7. febrúar a.m.k.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## ALLT FYRIR BOLLUDAGINN




**498** kr. 10 stk.
**Bónus Vatnsdeigsbollur**
10x25 g




**259** kr. stk.
**Bónus Glassúr**
280 g, 3 teg.




**195** kr. 250 g
**Euro Shopper Þeytirjómi,** 250 g

## SPARAÐU MEÐ BÓNUS




**179** kr. 450 g
**Euro Shopper Jarðarberjasulta,** 450 g




**298** kr. 300 g
**Heima Suðu-súkkulaði,** 300 g




**298** kr. 400 g
**Kjarna Sultur**
3 tegundir, 400 g




**498** kr. kg
**Kjarnafæði Lambasaltkjöt**
2. flokkur




**1.298** kr. kg
**Kjarnafæði Lambasaltkjöt**
Blandað

BITAR ÚR FRAMHRYGG




**1.998** kr. kg
**Kjarnafæði Lambasaltkjöt**
Valið






**1.379** kr. kg
**Bónus Beikon**

GOTT Í SÚPUNA



**998** kr. kg
**Bónus Beikonbitar**




**259** kr. 620 g
**Kjarnafæði Kjötfars**
ferskt, 620 g




45% minna salt -sama bragð

**1.098** kr. kg
**Íslandslamb Saltkjöt**
Saltskert, blandað




**998** kr. kg
**Íslandslamb Saltkjöt**
Blandað

## BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# NEYTENDUR



Dagskrá verður á Listasafni Íslands.

## Endilega skellið ykkur á Safnanótt!

**SÖFN** Fyrir fjölskyldur með mikinn menningaráhuga er tilvalið að spara aurinn og skella sér á Safnanótt sem verður haldin á morgun frá klukkan sjö til miðnættis.

Þá opna tæplega fjörutíu söfn á öllu höfuðborgarsvæðinu dyr sínar og bjóða upp á skemmtilega og fjölbreytta dagskrá. Íbúar og gestir borgarinnar á öllum aldri geta notið yfir hundrað viðburða af öllum stærðum sér að kostnaðarlausu.

Það er hægt að spara mikið á þessu en að jafnaði kostar milli 1.000-1.500 krónur á söfnin, þó eru oft afslættir fyrir námsmenn, öryrkja og eldri borgara. – sg

**Ráð**
**Gæludýr**



## Að fjarlægja dýrahár af teppum

Til að ná hunds-, kattar- eða öðrum dýrahárum af gólfteppum er upplagt að bleyta í eldhússvampi og strjúka honum yfir teppin þegar ekki tekst að ná öllum hárunum með ryksugunni. Hárin festast auðveldlega í svampinum. Það hefur einnig borið góðan árangur að setja á sig einnota gúmmíhanska, bleyta þá og strjúka hanskaklæddum höndunum yfir teppið. Þannig er hægt að ná hárunum upp.

**App**
**Strætó-appið**

## Upplýsingar og miðakaup

Strætó-appið er lítið forrit fyrir farsíma og önnur fartæki þar sem hægt er að sjá upplýsingar í rauntíma um leiðakerfi Strætó, finna ferðir og kaupa farmiða og áskrift.

**Apple | Android | Windows**
Windows er með skertri virkni, þar sem vantar möguleikann á að kaupa farmiða í forritinu.

**UMSAGNIR** Alla jafna jákvæðar, utan að nýjasta uppfærsla fyrir Android virðist hafa valdið vandamálum sem eftir á að komast fyrir. Þá kvartar fólk sem á Windows-síma yfir því að ekki sé hægt að kaupa miða. Almennt finnst fólki hins vegar frábært að geta einmitt gengið frá miðakaupum og áskrift í snjalltækjum sínum.



Glæný uppskera grænmetis inniheldur mest af næringarefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fryst er ódýrara en ferskt

**Sérfræðingar í Noregi og Svíþjóð segja fryst grænmeti ekki óhollara en ferskt. Næringarefni í fersku grænmeti tapast á meðan það er flutt um langan veg. Neyta á minnst 500 g af grænmeti og ávöxtum á dag.**

**MATARÆÐI** Það er hægt að lækka matarreikninginn með því að nota fryst grænmeti í staðinn fyrir ferskt. Fryst grænmeti er í mörgum tilfellum ódýrara en ferskt og það er ekki óhollara en ferskt grænmeti ef marka má fullyrðingu næringarfræðings hjá sænsku matvælastofnuninni.

„Nei, það er ekki rétt að ferskt grænmeti sé hollara en fryst,“ segir næringarfræðingurinn, Veronica Öhrvik, í viðtali á fréttavefnum metro.se. Haft er eftir henni að grænmeti sé allra hollast þegar um glænýja uppskeru sé að ræða. Þegar grænmetið sé komið í búðina sé enginn munur á næringargildi fersks og frysts grænmetis.

Í fréttinni á metro.se er bent á að grænmeti sé hitameðhöndlað áður en það er fryst. Við það verði ensím í því mögulega ekki lengur virk. Næringargildið minnki ekki eftir að grænmeti hefur verið fryst. Næringargildi fersks grænmetis minnki hins vegar með hverjum deginum sem líður frá uppskeru.

Ólafur Reykdal, matvælafræðingur hjá Matís, kveðst ekki sammála fullyrðingu sænska næringarfræðingsins um að ferskt grænmeti sé ekki hollara en fryst þegar ekki er um nýja uppskeru að ræða. Hann segir fullyrðinguna of almenna til að hún gangi upp. „Mörkin fyrir nýja uppskeru eru heldur ekki ljós. Svo er það spurning yfir hvað hollusta nær. Ef við tökum C-vítamín sem dæmi þá ættum við að fá meira úr fersku en frosnu grænmeti. C-vítamín hefur kannski ekki verið tekið fyrir í rannsókninni. Frosið grænmeti getur þó verið ágætt vara.“

Í frétt norska ríkisútvarpsins fyrir tveimur árum var haft eftir Eyvin Bjørnstad, næringarfræðingi við Háskólann í Buskerud og Vestfold, að mest allt grænmetið sem er í verslunum í Noregi að vetrarlagi sé innflutt. Það hafi verið flutt um langan veg og legið á lager. Við það hafi tapast talsvert af næringarefnum. Bjørnstad bendir jafnframt á að grænmeti sem flutt er inn til Noregs að vetrinum sé oft tekið upp áður en það hefur náð fullum þroska.

Í ráðleggingum landlæknis um mataræði segir að borða eigi fimm skammta af grænmeti og ávöxtum á dag eða minnst 500 g samtals. Að minnsta kosti helmingurinn ætti að vera grænmeti. Einn skammtur, sem er 100 g, getur t.d. verið stór gulrót, stór tómatur, tveir dl af salati eða lítill banani. ibs@frettabladid.is

**Spergilkál** Í verslun Hagkaups 2. febrúar síðastliðinn



| 298 kr./kg | 599 kr./kg |
|---|---|
| FRYST ERLENT | FERSKT ERLENT |

> Ef við tökum C-vítamín sem dæmi þá ættum við að fá meira úr fersku en frosnu grænmeti. C-vítamín hefur kannski ekki verið tekið fyrir í rannsókninni. Frosið grænmeti getur þó verið ágætt vara.



Ólafur Reykdal matvælafræðingur hjá Matís



**Neytandinn** Finnur Orri Thorlacius, bílablaðamaður á Fréttablaðinu

# Mikilvægt að fá regluleg tilboð út af bílnum

Það eru margar leiðir til að spara við notkun bílsins að sögn Finns Thorlacius, bílablaðamanns á Fréttablaðinu.

### Reyna að forðast lán

Best er að byrja á að kaupa bíl sem maður hefur efni á og helst staðgreiða hann, þar sem lán geta kostað mikið.

„Sniðugt getur verið að aka gömlum bílum út, en ódýrasti rekstur bíls er á þeim sem gamlir eru og þá eru afskriftirnar svo til engar. Afskriftir á nýjum bílum skipta fjölmörgum hundruðum þúsunda á ári,“ segir Finnur.

Finnur bætir við að mikilvægt sé að fá reglulega tilboð frá tryggingafélögunum, þau virðist alltaf lækka við það.

### Nota bílskúrinn

Ef maður á bílskúr er gott að nota hann á veturna. Því þá er bíllinn heitur og eyðir mun minna næstu mínútur eftir ræsingu. Þetta tryggir líka endingu vélarinnar.

### Fjölbreyttar leiðir þegar eitthvað bilar

Það sama á við um viðgerð og tryggingar. Það á að leita tilboða hjá verkstæðum ef eitthvað bilar og taka ekki endilega fyrsta boði, að sögn Finns

„Einnig má nýta sér netið til kaupa á varahlutum, en þar má oftast finna miklu lægra verð en í boði er hérlendis. Margir eru lunknir við slík kaup og þeir sem ekki treysta sér til þess sjálfir gera vel í að fá aðstoð þeirra,“ segir Finnur.

### Spara í eldsneytiskostnaði

Að lokum er góð regla að nýta sér afsláttardaga olíufélaganna og helst ekki taka bensín á öðrum tímum. Einnig er gott að tryggja sér afsláttarkort olíufélaganna, þau kosta ekkert. – sg



Gott er að geyma bílinn inni í bílskúr þar sem það tryggir endingu vélarinnar.

Rýmum til miðvikudag – fimmtudag – föstudag – laugardag

# STÓRLÆKKAÐ VERÐ

## Fullt af bílum – frábær lánakjör

**Aðeins þrír dagar eftir – opið í dag kl. 10–19**

**Hyundai I 40 Wagon Style**
Árg. 2012, ekinn 43 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 3.990.000 kr.**
**Verð nú**
**3.290.000 kr.**
**27.900 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.






**Mercedes-Benz E 200 kompressor**
Árg. 2004, ekinn 284 þús. km, bensín, 164 hö., sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.
**Verð áður: 1.290.000 kr.**
**Verð nú**
**790.000 kr.**

**Mercedes-Benz B 180 CDI**
Árg. 2013, ekinn 38 þús. km, dísil, 109 hö., beinskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 3.990.000 kr.**
**Verð nú**
**3.390.000 kr.**
**28.500 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 85% lán í boði.





**Nissan Pathfinder**
Árg. 2007, ekinn 198 þús. km, dísil, 175 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Verð áður: 2.590.000 kr.**
**Verð nú**
**1.870.000 kr.**
**31.200 kr. á mán.** í 36 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

**BMW 318i Station**
Árg. 2010, ekinn 59 þús. km, bensín, 143 hö., beinskiptur, afturhjóladrifinn.
**Verð áður: 3.590.000 kr.**
**Verð nú**
**2.990.000 kr.**
**28.400 kr. á mán.** í 72 mán.*
Allt að 80% lán í boði.





**Audi Q7 Quattro S line**
Árg. 2011, ekinn 80 þús. km, dísil, 245 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Verð áður: 8.990.000 kr.**
**Verð nú**
**8.490.000 kr.**
**71.600 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

**Kia Sportage EX 4WD**
Árg. 2013, ekinn 71 þús. km, dísil, 136 hö., beinskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Verð áður: 4.190.000 kr.**
**Verð nú**
**3.890.000 kr.**
**42.200 kr. á mán.** í 60 mán.*
Allt að 65% lán í boði.





**Kia Ceed EX**
Árg. 2008, ekinn 230 þús. km, dísil, 115 hö., beinskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 990.000 kr.**
**Verð nú**
**790.000 kr.**
**13.500 kr. á mán.** í 36 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

**BMW X5**
Árg. 2006, ekinn 140 þús. km, bensín, 351 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Verð áður: 5.590.000 kr.**
**Verð nú**
**4.590.000 kr.**
**59.700 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.





**Mercedes-Benz E 200 NGT**
Árg. 2008, ekinn 156 þús. km, bensín/metan, 164 hö., sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.
**Verð áður: 2.990.000 kr.**
**Verð nú**
**2.590.000 kr.**
**30.700 kr. á mán.** í 54 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

* Mánaðargreiðsla m.v. **50%** fjármögnun. Vextir eru frá 9,25% og árleg hlutfallstala kostnaðar er frá 11,13%

Lykill

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR • Klettháls 2 • 110 Reykjavík
Sími 590 2160 • www.notadir.is

ASKJA

**NOTAÐIR BÍLAR**

# Einfalt er betra



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Heimild til endurgreiðslu á 100 prósentum af virðisaukaskatti vegna vinnu við viðhald eða endurbætur á húsnæði og frístundahúsum var samþykkt á Alþingi í mars árið 2009. Um var að ræða þjóðarátak stjórnvalda og fleiri til að koma hjólum atvinnulífsins í gang í kjölfar kreppunnar og atvinnuleysis sem því fylgdi. Heimildin átti að hvetja til vinnuskapandi framkvæmda. Þetta átak var kallað Allir vinna.

Hækkuð endurgreiðsla vegna íbúðarhúsnæðis og orlofshúsa var ekki síst ákveðin til þess að skapa hvata til heiðarlegra viðskiptahátta og draga úr svartri atvinnustarfsemi í byggingariðnaði, með tekjuhagsmuni ríkissjóðs að leiðarljósi.

Í ársbyrjun 2015 var ákveðið að lækka endurgreiðsluna til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu iðnaðarmanna á húsnæði þeirra niður í 60 prósent.

Á forsíðu Fréttablaðsins í gær var greint frá því að líkur væru á að skattaundanskot hefðu aukist í byggingariðnaði að undanförnu í kjölfar lægri endurgreiðslu virðisaukaskatts að mati ríkisskattstjóra. Í kjölfar breytinganna í byrjun ársins 2015 hefur beiðnum um endurgreiðslur fækkað um 60 prósent á sama tíma og umsvif í byggingariðnaði hafa aukist töluvert. Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir að kaupandi geti komið sér hjá því að greiða 40 prósent af virðisaukaskattinum og seljandinn sloppið við að gefa söluna upp til tekjuskatts með því að gefa vinnuna ekki upp. Sé skatturinn endurgreiddur sé hvatinn til að gefa vinnuna ekki upp enginn þar sem ávinningurinn er enginn.

Skúli segir einnig að þar sem eftirlit með vinnu á heimilum sé erfitt, sé mikilvægt að hvatinn til undanskota sé ekki fyrir hendi og veltir því upp hvort ekki sé rétt að endurgreiða virðisaukaskattinn að fullu á ný. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði hið sama á Alþingi á mánudaginn. Skilaboðin sem bærust frá kerfinu væru þau að minna sé um að virðisaukaskattskýrslum sé skilað eftir að endurgreiðslurnar voru lækkaðar.

Spurningin sem eftir stendur er almenn um skattkerfi. Skattar eru ávallt hækkaðir til að freista þess að fá meira í ríkiskassann. En þrátt fyrir þær fyrirætlanir gengur sú jafna ekki alltaf upp með þeim hætti sem gert er ráð fyrir. Þegar kemur að virðisaukaskatti af byggingariðnaði má spyrja sig – í ljósi þess að sterkur grunur leikur á því að skattaundanskotum sé að fjölga – hvort skatturinn sé ekki einfaldlega of hár. Markmið hvers skattkerfis á að vera að það sé einfalt, fyrirsjáanlegt og sanngjarnt og skili þannig tekjum inn í reksturinn. Ef skattkerfið er flókið, ófyrirsjáanlegt og ósanngjarnt verður líklegra að menn fari að stinga undan og finni leiðir til að koma sér hjá því að borga.

Ef atvinnulífið, og samfélagið allt, býr við hóflega skattheimtu þá skilar það sér á endanum í aukinni verðmætasköpun í þjóðfélaginu öllu. Því má spyrja sig hvort ekki sé tímabært að ríkið hætti þessari ómarkvissu millifærslu sem felst í endurgreiðslu ákveðinna skatta, og lækki þess í stað skatta, gjöld og annað og leyfi atvinnulífinu að blómstra í friði. Með einföldum, fyrirsjáanlegum og sanngjörnum hætti.

> Ef atvinnulífið, og samfélagið allt, býr við hóflega skattheimtu þá skilar það sér á endanum í aukinni verðmætasköpun í þjóðfélaginu öllu.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Fagnar ákvörðun Illuga**
**Fyrir nokkrum misserum voru uppi hugmyndir um að sameina menntaskólastofnanir á Norðurlandi eystra vegna fækkunar nemenda. Menntamálaráðherra ákvað því að setja á laggirnar starfshóp vegna málsins til að finna hentuga lausn til að tryggja framboð náms í heimabyggð fyrir menntaskólanemendur. Nú liggur fyrir skýrsla um málið og ætla skólarnir í mikla samvinnu á næstu skólaárum. Úr óvæntri átt kom stuðningur við vinnu menntamálaráðherra á þingi í gær. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður VG, fagnaði þessum úrræðum ráðherra. Hefur Illugi þannig fjölgað bandamönnum sínum á þingi.**

**Spilling í sinni tærustu mynd**
**Á meðan Bjarkey hrósaði menntamálaráðherra ræddi Guðmundur Steingrímsson styrkveitingar framsóknarmanns til framsóknarmanns. Gerði hann alvarlegar athugasemdir við umrætt verklag. „Ég vil ekki svona þjóðfélag,“ sagði þingmaðurinn, „það á ekki að vera úrslitaatriði hvort maður sé vinur ráðherra.“ Guðmundur passaði sig nokkuð á því að nota ekki orðið spilling í ræðu sinni en vissulega lýsir hann pólitískri spillingu í sinni tærustu mynd. Og það þarf ekki að hafa frjótt ímyndunarafl til að átta sig á því hvernig ákveðið var að veita nákvæmlega þessum manni þessa peninga til gerðar heimildamyndar um afrek Framsóknarflokksins. sveinn@frettabladid.is**

# Lúxusvandamál



Guðmundur Franklín Jónsson
viðskiptafræðingur

Íslandsbanki hefur bæst við efnahagsreikning ríkisins með ca. 1.000 starfsmenn. Fyrir á þjóðin Landsbankann með sínum ca. 1.000 starfsmönnum. Ekki virðast starfsmenn okkar hjá Landsbankanum hafa passað upp á verðmætin okkar nógu vel, og kom það best í ljós í einkasölunni á hlutafénu í Borgun.

En hvað er til ráða? Við vitum af fyrri reynslu að ríkisrekstur á fjármálafyrirtækjum hefur tilhneigingu til spillingar. Og ekki viljum við að núverandi stjórnvöld skipti bönkunum á milli sinna flokksgæðinga, með hinni frægu helmingaskiptareglu, því þá er voðinn vís.

Ég vil meina, að erfitt sé að lifa af á Íslandi fyrir smáfyrirtæki í frjálsri samkeppni ef tvær eða þrjár grúppur ráða á bankamarkaði. Þess vegna verðum við að fara öðruvísi að í þetta sinn.

**Dreifðasta eignarhald í heimi**

Ein einföld aðferð gæti verið sú að dreifa öllum hlutabréfum sem ríkið á í bönkunum endurgjaldslaust, á tilgreindu tímabili til hvers og eins núlifandi Íslendings, ca. 330.000 bréfum í hvorum banka, skrá bankana svo í kauphöllina og láta markaðinn sjá um rest. Þetta ferli væri hægt að gera á 5 til 10 árum, dreifa 5% til 20% af hlutabréfum í bönkunum á hverju ári.

**Með gegnsæi að leiðarljósi**

Af hverju er þetta sanngjarnt? Vegna þess að fólkið í landinu á bankana hvort sem er í gegnum ríkið og ber ábyrgð á endanum á öllum innlánum bankanna. Vonandi yrði þá stjórnað lýðræðislega með gegnsæi að leiðarljósi og af hverju ættu eigendurnir ekki að njóta ávaxtanna?

Tvo varnagla myndi ég þó að setja og annar er sá að enginn einn aðili gæti átt meira en 5% og hinn er að við þyrftum að aðskilja fjárfestingabankaþjónustu frá almennum bankarekstri. Ríkið tæki svo sitt í gegnum skattheimtu á söluhagnað hlutabréfa. Við fáum víst ekki oft tækifæri til þess að leysa úr svona lúxusvandamáli.

> Ein einföld aðferð gæti verið sú að dreifa öllum hlutabréfum sem ríkið á í bönkunum endurgjaldslaust, á tilgreindu tímabili til hvers og eins núlifandi Íslendings, ca. 330.000 bréfum í hvorum banka ...

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Alveg eftir bókinni

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

**Píratar þurfa að gera bara eitt að minni hyggju til að tryggja sér lykilstöðu við myndun næstu ríkisstjórnar. Þeir þurfa að lofa að staðfesta nýju stjórnarskrána sem bíður afgreiðslu Alþingis auk annarra hreingerninga.**

Stjórnmálaþróun síðustu ára í Bandaríkjunum kallast á við þróun mála hér heima. Við því var að búast þar eð Sjálfstæðisflokkurinn hefur frá því fyrir aldamótin 2000 sótt sér fyrirmyndir til bandaríska repúblikana sem berast nú á banaspjótum. Þáverandi formaður Sjálfstæðisflokksins lýsti opinberlega stuðningi við repúblikanann George Bush eldri í forsetakjörinu 1992. Skoðanakannanir sýndu að meiri hluti Íslendinga kaus heldur demókratann Bill Clinton sem náði kjöri. Skoðanakannanir sýndu 2012 að 98% Íslendinga studdu demókratann Barack Obama í forsetakjörinu það ár.

**Þeir efast aldrei**

Repúblikanar hafa gengið fram af demókrötum frá árinu 2000 þegar Hæstiréttur stöðvaði endurtalningu atkvæða í Flórída og dæmdi George Bush yngra forsetaembættið með fimm atkvæðum gegn fjórum eftir flokkslínum. Álit Hæstaréttar hrundi. Eftirmælin um forsetatíð Bush yngra eru yfirleitt á þá leið að hann hafi verið einn allra lakasti forseti landsins frá öndverðu. Forsetatíð hans markaðist af eyðileggingu, leynimakki, lygum og lögbrotum (skrifstofustjóri varaforsetans fékk fangelsisdóm, en Bush forseti skaut honum undan fangavist). Stjórnin og þingið eyðilögðu ýmsa almannaþjónustu eins og í ljós kom t.d. í flóðunum í New Orleans þar eð hún átti ekki að geta gert gagn skv. hugmyndafræði þeirra. Um þessa sögu alla eru margir vitnisburðir, t.d. bækurnar The Wrecking Crew (2009) eftir Thomas Frank og Worse than Watergate (2004) og Conservatives without Conscience (2006) eftir John Dean sem var starfsmaður Hvíta hússins 1970-1973 í forsetatíð Richards Nixon, sat í fangelsi í fjóra mánuði og sá sig um hönd þegar flokksbræður hans gengu endanlega fram af honum í forsetatíð Bush yngra.

Ég lýsti síðari bók Deans svo hér í Fréttablaðinu 5. september 2006: „[Þar] kafar Dean dýpra í hugskot þeirra illskeyttu öfgamanna, sem hann telur, að hafi nú undirtökin í Repúblikanaflokknum. Hann vitnar í rannsóknir sálfræðinga á drottnunargjörnum manngerðum; slíkir menn þrá sterka foringja og eru árásargjarnir, ósveigjanlegir og íhaldssamir, þeir eru lýðskrumarar, ganga um með guðs orð á vörum og mega þó helzt ekkert aumt sjá án þess að þurfa að traðka á því og skirrast ekki heldur við að vanvirða mannréttindi og stjórnarskrár; þeir efast aldrei. Þessir menn ganga fyrir heift og hefndum, segir Dean. Lýsing hans virðist ríma vel við greinargerð Morgunblaðsins 25. júní sl. um „vont andrúmsloft heiftar og hefndar“ á vissum stöðum hér heima.“

Í þessu ljósi verður það skiljanlegt hvers vegna bandarískir kjósendur gerðu það sem margir héldu að myndi varla gerast fyrr en eftir marga áratugi: þeir gerðu blökkumann að forseta.

**Bara venjulegur íslenzkur sjálfstæðismaður**

Repúblikanar hafa nú meiri hluta í báðum deildum Bandaríkjaþings. Ástandið í þinginu er þannig að flokkarnir talast varla við. Sæmileg sátt ríkir í röðum demókrata þótt þar séu skiptar skoðanir um ýmis mál. Innan þingflokks repúblikana ríkir á hinn bóginn stríðsástand þar sem lítill minni hluti ofstækismanna kúgar meiri hlutann sem hefur að sönnu ekki úr háum söðli að detta. Þannig stendur á því að þingið hefur nokkrum sinnum komizt á fremsta hlunn með að kalla greiðsluþrot yfir Bandaríkjastjórn til að koma höggi á forsetann. Repúblikanar virðast telja að þeir geti orðið öðrum til skammar. Þeir börðust gegn heilbrigðistryggingalöggjöf Obamas forseta með kjafti og klóm, en forsetinn hafði sitt fram. Sama máli gegnir um Parísarsamkomulagið um aðgerðir gegn hlýnandi loftslagi: langflestir repúblikanar á þingi hafa sagt sig úr lögum við vísindi til að þóknast olíufélögum.

Þetta ástand hefur dregið mjög úr áliti Bandaríkjaþings. Í júní 2015 sögðust 8% kjósenda treysta þinginu skv. Gallup, 32% treysta Hæstarétti, 52% treysta lögreglunni og 72% treysta hernum. Forsetaframbjóðendur sem eru þóknanlegir flokkseigendafélagi repúblikana njóta svo lítillar hylli meðal óbreyttra flokksmanna að tveir utangarðsmenn, Donald Trump frá New York og Ted Cruz frá Texas, virðast sigurstranglegastir þeirra sem keppa nú um útnefningu flokksins. Verði annar hvor þeirra fyrir valinu, mun hann trúlega gjalda afhroð í kosningunum líkt og Barry Goldwater gerði 1964. Repúblikanar búast sem sagt til að afhenda demókrötum forsetaembættið á silfurfati og gildir þá trúlega einu hvort demókratar útnefna sósíalistann Bernie Sanders frá Vermont, sem er nú bara venjulegur íslenzkur sjálfstæðismaður eins og þeir voru í formannstíð Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar, eða fyrsta kvenforsetann Hillary Clinton. Lúti Trump í lægra haldi fyrir Cruz eða fyrir Marco Rubio frá Flórída meðal repúblikana virðist líklegt að Trump bjóði sig fram sem þriðji maður og aukast þá enn sigurlíkur demókrata.

**Hingað heim**

Svipað er að gerast hér heima. Sjálfstæðisflokkurinn hefur gengið svo fram af kjósendum, m.a. með því að senda lýðræðinu langt nef með framgöngu sinni í stjórnarskrármálinu og með því að sýna veikan vilja til að gera upp ábyrgð sína á hruninu, að hann horfir nú fram á að þurfa að víkja fyrir pírötum í næstu alþingiskosningum. Píratar þurfa að gera bara eitt að minni hyggju til að tryggja sér lykilstöðu við myndun næstu ríkisstjórnar. Þeir þurfa að lofa að staðfesta nýju stjórnarskrána sem bíður afgreiðslu Alþingis auk annarra hreingerninga. Síðan þurfa þau að hefjast handa um að laga lög landsins að nýrri stjórnarskrá, m.a. kosningalögin og fiskveiðistjórnarlögin.

# Það má ekki nota skrúfjárn fyrir sleikjó



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
ritari Sjálfstæðisflokksins

„Það má ekki gera hitt og ekki þetta,“ var sungið í þekktu barnalagi um allt það sem væri bannað. Það væri leikur einn að búa til svipað lag um þær kvaðir sem settar eru af ríkinu á líf einstaklinga í dag.

Ef fólk kýs að skíra barnið sitt Skallagrímur Thor eða Christa Alex leggur ríkið dagsektir á foreldrana, þar til þeir breyta nafni barnsins. Allt skal vera samkvæmt ríkisreglum þar sem Reginbaldur Kaktus og Kormlöð Mímósa þykja hæfa vel íslenskum börnum.

Um fimmtán hundruð manns stunda líkamsrækt í Mjölni sem sérhæfir sig í blönduðum bardagaíþróttum eða MMA. Við eigum einn besta bardagamann heims í þeirri íþrótt og tvo Evrópumeistara. Ríkið hefur hins vegar ákveðið að það sé ekki sniðugt að stunda þessa íþrótt hér á landi, þó hér séu leyfðar aðrar bardagaíþróttir á borð við ólympíska hnefaleika og Taekwondo. Fótbolti og hestamennska eru einnig hættulegri en bardagaíþróttirnar. Gunnar Nelson og aðrir iðkendur blandaðra bardagaíþrótta þurfa því að fara til annarra landa til að keppa.

Margt af því sem íbúum annarra landa finnst eðlilegt og sjálfsagt, hefur íslenska ríkið ákveðið að skuli annaðhvort bannað eða takmarkað. Í flestum velmegunarlöndum Vesturlanda er áfengi selt jafnt í sérverslunum og matvöruverslunum. Þar er úrvalið og þjónustan í samræmi við eftirspurn og einstaklingar telja sjálfsagt að sjá víninu í næsta rekka við morgunkornið. Ríkið hér á landi telur þó afar nauðsynlegt að það sé ríkisstarfsmaður sem afhendir okkur þessa vöru.

**Sjálfsögð réttindi í öðrum löndum**

Þá telur ríkið auðvitað ótækt að við kaupum vörur á internetinu. Ég veit ekki hvenær ríkið kemst á tækniöldina, sem er löngu komin. Í öðrum löndum eru það sjálfsögð réttindi að geta pantað vörur á netinu og fengið þær sendar heim að dyrum. Á Íslandi þarf að fara á fund tollstjóra, ræða við embættismann og borga gjald til að fá vöruna afhenta.

Fjölskylda sem á sitt eigið fyrirtæki og byrjar að brugga bjór hefur engin tækifæri til að auglýsa og kynna sína vöru. Þegar í upphafi stendur hún höllum fæti gagnvart keppinautum, ekki síst erlendum framleiðendum. Á sama tíma horfum við á sjónvarpsútsendingar frá erlendum íþróttaviðburðum þar sem við okkur blasa Heinekenauglýsingar. Ríkið telur það ekki hollt að hér sé auglýst íslenskt áfengi.

Er allt orðið svo staðnað og þreytt að hér sé ekki hægt að ganga rösklega til verks og breyta löngu úreltum boðum og bönnum? Á endalaust að standa í vegi fyrir því að Ísland verði sambærilegt þeim löndum sem við berum okkur helst saman við? Með því er einungis verið að stöðva eðlilega framþróun sem mun eiga sér stað, hvort sem það gerist 2016, 2021 eða 2026. Ég er kannski óþolinmóð en nennum við að bíða mikið lengur? „Frelsið er yndislegt“ er a.m.k. svo miklu skemmtilegra lag til að syngja heldur en um allt sem er bannað.




RÁÐSTEFNA

Uppbygging og þróun íslensks fjölmenningarsamfélags

**Ráðstefnan Fræði og fjölmenning 2016 fer fram í Háskóla Íslands laugardaginn 6. febrúar kl. 10.00–14.30. Ráðstefnunni er ætlað að miðla og byggja upp frekari þekkingu á sviði fjölmenningar.**

Erindi ráðstefnunnar snúa m.a. að félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og atvinnuþátttöku, kennslu, uppeldismálum, íþróttum og tómstundum, sögu, trú, menningu og tungumálum, mannvísindum og stjórnmálum. Flutt verða erindi bæði á íslensku og ensku.

Meðal samstarfsaðila: Akureyrarbær, Hafnarfjarðarbær, innanríkisráðuneytið, Kópavogsbær, MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna, Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd, Rauði krossinn, Reykjavíkurborg, Stúdentaráð Háskóla Íslands og velferðarráðuneytið.

Ráðstefnan er opin öllum og fer skráning fram með tölvupósti á netfangið **jse@hi.is**.

**Upplýsingar um dagskrá ráðstefnunnar má finna á www.hi.is/fraediogfjolmenning**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Við getum – ég get




**Nanna Friðriksdóttir**
sérfræðingur í hjúkrun krabbameinssjúklinga, lektor á lyflækningasviði LSH og aðjunkt við HÍ

**Sigrún Lillie Magnúsdóttir**
hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins

Alþjóðlegur dagur gegn krabbameini er haldinn árlega 4. febrúar. Alþjóðasamtökin gegn krabbameini (UICC) skora nú á þjóðir heims að taka þátt í að vekja athygli á baráttunni gegn krabbameini undir slagorðunum VIÐ GETUM – ÉG GET.

Mikilvægt er að samfélög og einstaklingar leggi sitt af mörkum til að draga úr tíðni krabbameins og áhrifum sjúkdómsins.

Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga á Íslandi fagnar í ár 20 ára afmæli sínu og fer nú af stað, í samvinnu við Krabbameinsfélag Íslands, með röð greina undir heitinu VIÐ GETUM – ÉG GET. Í þessari fyrstu grein er áhersla lögð á forvarnir.

**VIÐ GETUM – haft áhrif á tíðni krabbameins**

Á Íslandi greinast árlega að meðaltali um 1.450 einstaklingar með krabbamein og um fjórðungur allra dánarmeina er af völdum krabbameins. Krabbamein er bæði flókinn og kostnaðarsamur sjúkdómur fyrir einstaklinginn og samfélagið. Áætlað er að koma megi í veg fyrir 30-40% krabbameina með heilsusamlegum lífsháttum. Þeir þættir sem skipta mestu máli eru reykingar, offita, ofneysla áfengis, mataræði og hreyfing. Við getum sem samfélag og sem einstaklingar minnkað líkurnar á krabbameini með því að tileinka okkur heilsusamlega lífshætti og með því að beita aðgerðum sem auðvelda slíkt. Við sem samfélag og einstaklingar getum fundið leiðir og beitt okkur fyrir eftirtöldum þremur meginráðleggingum:

Reykjum ekki né notum tóbak. Reykingar hafa verið og eru enn langstærsti áhættuþátturinn og eru orsök 20-30% allra krabbameinstilfella. Mikilvægt er að vinna stöðugt að tóbaksvörnum. Með því að reykja ekki né nota tóbak má koma í veg fyrir og draga úr líkum á mörgum tegundum krabbameina t.d. í lungum, munnholi, vélinda, brisi, nýrum, þvagblöðru og leghálsi.

Drekkum áfengi í hófi ef þess er neytt á annað borð. Ofneysla áfengis er áhætta fyrir mörg krabbamein, t.d. brjóstakrabbamein, krabbamein í munni, barka, vélinda, ristli og lifur.

Forðumst ofþyngd og offitu. Með því að borða hollan mat, hreyfa sig reglulega og vera í kjörþyngd má koma í veg fyrir um 25-30% krabbameinstilvika vegna t.d. krabbameins í ristli, brjóstum, legi, eggjastokkum, brisi, vélinda, nýrum og gallblöðru.

**Við getum sem samfélag og sem einstaklingar minnkað líkurnar á krabbameini með því að tileinka okkur heilsusamlega lífshættiog með því að beita aðgerðum sem auðvelda slíkt.**

**ÉG GET – verið meðvitaður um einkennin og brugðist við þeim**

Það er ekki alltaf auðvelt að greina krabbamein, sum þeirra gera engin eða óljós boð á undan sér fyrr en að sjúkdómurinn er langt genginn. Ýmsar leiðir hafa verið prófaðar til þess að greina krabbamein á forstigi eða á frumstigi hjá einkennalausum einstaklingum, en þær þurfa að vera áreiðanlegar og hættulitlar til þess að þeim sé beitt. Flestum aðferðunum er beitt á einstaklingsgrundvelli, en mælt er með þremur þeirra fyrir hópleit (skimun), við leit að brjóstakrabbameini, leghálskrabbameini og ristilkrabbameini.

Mörg krabbamein geta gefið frá sér einkenni eða merki sem er mikilvægt að þekkja og bregðast við. Líkur á lækningu er meiri því fyrr sem krabbamein er greint. Þetta á til dæmis við um krabbamein í lungum, þvagblöðru, ristli, brjóstum, leghálsi, kvið, eggjastokkum, eistum og sortuæxli.

Nokkur einkenni sem mikilvægt er að þekkja:

- Þrálátur hósti og erfiðleikar við kyngingu
- Erfiðleikar við þvaglát eða blóð í þvagi
- Blæðing frá endaþarmi eða blóð í hægðum
- Breytingar á brjóstum (til dæmis hnútur eða inndráttur, útferð)
- Blæðingar eftir tíðahvörf
- Viðvarandi kviðverkir
- Óútskýrt þyngdartap eða þyngdaraukning
- Viðvarandi þreyta sem minnkar ekki við hvíld
- Eitlastækkanir
- Hnútar, til dæmis í eistum
- Breytingar á húð og slímhúð (til dæmis sár í munni sem gróa ekki, sár á kynfærum eða breytingar á fæðingarblettum)

Einkenni hér að ofan geta vakið grun um krabbamein en geta einnig verið til marks um aðra sjúkdóma. Það skiptir miklu máli að hver og einn bregðist við þeim.

VIÐ GETUM sem samfélag og ÉG GET sem einstaklingur dregið úr tíðni krabbameins og bætt lífsgæði með því að leggja áherslu á að ástunda heilsusamlega lífshætti og bregðast við mögulegum einkennum.

*Heimildir:*
*Krabbameinsfélagið*
*http://www.krabb.is*
*Krabbameinsskráin*
*http://www.krabbameinsskra.is/*
*World Cancer Day*
*http://www.worldcancerday.org/*

# Við verðum að versla

Pistillinn Jón Gnarr

Mér leiðist að kaupa í matinn. Ég kvíði því jafnvel. Ég er að meina þessi stórinnkaup. Ég fresta þessu eins lengi og ég get og gef mér ekki tíma til að sinna þessu fyrr en á síðustu stundu. Mér finnst alveg gaman að fara í sumar búðir, bara ekki matvöruverslanir. Mér finnst gaman að ráfa um Elkó og skoða allskonar drasl sem ég kaupi sjaldnast.

Uppáhalds búðirnar mínar á Íslandi eru líklega Húsasmiðjan og Byko. Þar get ég hangið klukkutímum saman. Í Ameríku eru það Home Depot og Target. Ég tala nú ekki um ef það er Super Target. Þá bara verð ég að stoppa. Mér finnst krúttlegar sérvöruverslanir líka oft skemmtilegar, svona lífrænt og beint frá býli og svoleiðis. Það er líka yfirleitt gaman að koma í fiskbúð. Það er eitthvað svo hressandi.

Ég versla eins lítið við kaupmanninn á horninu og ég get og sneiði hjá 10-11 nema í algjörri neyð. Ég er líka einn fárra Vesturbæinga sem finnst ekki stórskemmtilegt og sjarmerandi að fara í Melabúðina. Hagsýna húsmóðirin í mér strækar á það. Ég vil ekki borga svona mikið fyrir matinn minn. Svo þekki ég svo marga þar að mestur tíminn fer í eitthvert spjall við fólk um hvað sé að frétta og hvort gangi ekki vel og svoleiðis. Mér finnst matvöruverslun enginn vettvangur fyrir slíkar samræður. Ég lít á matarinnkaup sem verkefni en ekki félagslega athöfn. Og mér finnst það leiðinlegt og reyni að ljúka því eins skipulega og effektíft og ég get; nái sem mestu, á ásættanlegu verði og á sem stystum tíma. Ég finn líka mikið til með fólki sem er að versla með smábörnum. Ég þekki þá martröð af eigin raun.

Þegar innkaupum er lokið þá tekur ennþá verra við. Það þarf að bera allar vörurnar út í bíl. Svo þarf að bera þær inn. Ég bý á annarri hæð og þarf því að púla upp endalausa stiga. Ef ég er með mikið þarf ég jafnvel að fara nokkrar ferðir framogtilbaka. Auðvitað lagaðist þetta heilmikið eftir að fjögur elstu börnin fluttu að heiman. Að kaupa í matinn fyrir fjóra hungraða unglinga er ekkert smáræði.

Ég fer yfirleitt í Krónuna eða Bónus. Ef ég nenni ekki þangað fer ég í Nettó. Mér finnst þessar verslanir allar nokkuð fyrirsjáanlegar og sjaldnast eitthvað sem kemur á óvart í vöruúrvalinu. Enda er þetta yfirleitt það sama sem ég er að kaupa. Geta þessar stóru matvöruverslanir ekki farið að bjóða uppá netkaup þar sem ég er með Mínar síður og get svo fengið þetta sent heim? Ég væri tilbúinn í slíkt samstarf.

**Geta þessar stóru matvöruverslanir ekki farið að bjóða uppá netkaup þar sem ég er með Mínar síður og get svo fengið þetta sent heim? Ég væri tilbúinn í slíkt samstarf.**





# Sameinumst um aðstoð við Sýrlendinga



**Stuart Mill**
sendiherra Bretlands á Íslandi

**Alþjóðasamfélaginu ber skylda til að hjálpa þeim fjórum milljónum manna sem dvelja í flóttamannabúðum í grannríkjum Sýrlands, sem og þeim 13 milljónum sem eru í nauðum staddar innan Sýrlands sjálfs. Sýrlenska þjóðin þarf að vita og finna að alþjóðasamfélagið stendur með henni og muni gera það áfram.**

Nú þegar líður að því að fimm ár séu liðin frá því að borgarastyrjöld braust út í Sýrlandi heldur alvarlegasti mannlegi harmleikur samtímans áfram, en um 250 þúsund mannslíf hafa tapast í Sýrlandsstríðinu fram til þessa. Alþjóðasamfélagið verður að taka sig verulega á til að bregðast við og hjálpa hinum átján milljónum íbúa Sýrlands og grannríkja þess, sem eru í brýnni þörf fyrir neyðaraðstoð.

Í dag hefst í London alþjóðlega ráðstefnan „Supporting Syria and the region 2016“, sem bresk stjórnvöld standa að ásamt Þýskalandi, Kúveit, Noregi og Sameinuðu þjóðunum. Ráðstefnunni er ætlað að nálgast vandann með nýjum og metnaðarfullum hætti, sem miðar að því að stuðla að meiri langtímastuðningi við flóttamenn. Þessu á að áorka með hnitmiðuðum aðgerðum til að tryggja afkomu fólksins og lífsviðurværi og bættan aðgang að menntun. Með þessu er vonast til að flóttafólkið búi yfir þeirri færni og þekkingu sem best er til þess fallin að tryggja framtíð þess og möguleika á að snúa heim og byggja upp heimaland sitt að nýju að stríði loknu. Það gleður mig að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra verður meðal leiðtoga sem sækja ráðstefnuna og leggur markmiðum hennar lið fyrir Íslands hönd.

Á ráðstefnunni í London er líka ætlunin að leita lausna á þeirri miklu neyð sem sýrlenskur almenningur stendur frammi fyrir, og safna verulega auknum fjárframlögum til að mæta þörfum nauðstaddra, bæði til skemmri og lengri tíma. Sameinuðu þjóðirnar kalla eftir framlögum upp á alls um 7,7 milljarða Bandaríkjadala. Þá er gert ráð fyrir að framlög upp á 1,2 milljarða dala til viðbótar vanti til að standa straum af kostnaði sem stjórnvöld í nágrannaríkjum Sýrlands bera af móttöku flóttamanna.

**Bretland leiðandi afl**

Bretland hefur verið leiðandi afl í viðleitni alþjóðasamfélagsins til að taka á vandanum í Sýrlandi. David Cameron forsætisráðherra hefur fylgt eftir af festu þeirri stefnu að finna allsherjarlausn á vandanum, sem tekur á rótum hans frekar en einvörðungu að bregðast við afleiðingunum.

Í þessari stefnu felst að alþjóðasamfélagið leggist saman á árar til að binda enda á hin grimmilegu stríðsátök sem enn geisa í landinu. Stefnan er þríþætt og nær til pólitískra og hernaðarlegra þátta auk mannúðaraðstoðar. Hvað hina pólitísku vídd varðar er Bretland einn af burðarásum Alþjóðabandalagsins til stuðnings Sýrlandi (ISSG – International Syria Support Group), sem vinnur að pólitískri lausn og að byggja brú yfir í friðsamlega framtíð. Hernaðarlega tekur Bretland virkan þátt í herferðinni gegn Daesh, hryðjuverkasveitunum sem kenna sig við Íslamskt ríki. Bretland er jafnframt annar stærsti veitandi neyðaraðstoðar við flóttafólk á svæðinu, næst á eftir Bandaríkjunum. Framlög frá Bretlandi eru nú þegar komin yfir 1,1 milljarð sterlingspunda, sem varið er til mannúðaraðstoðar af öllu tagi, matarsendinga, tjaldbúða, læknishjálpar og hreins drykkjarvatns fyrir hundruð þúsunda nauðstaddra.

Grannríki Sýrlands eins og Jórdanía, Tyrkland og Líbanon hafa án vafa bjargað miklum fjölda mannslífa með rausnarskap sínum gagnvart flóttafólki og með því að veita því hæli skammt frá heimahögum sínum, frekar en að það takist á hendur hættulega för í átt til Evrópu.

En við verðum öll að leggja meira á okkur. Við verðum að taka saman höndum um að gera Sýrland að öruggari stað, með markið sett á friðsamlega uppbyggingu til framtíðar. Alþjóðasamfélaginu ber skylda til að hjálpa þeim fjórum milljónum manna sem dvelja í flóttamannabúðum í grannríkjum Sýrlands, sem og þeim 13 milljónum sem eru í nauðum staddar innan Sýrlands sjálfs. Sýrlenska þjóðin þarf að vita og finna að alþjóðasamfélagið stendur með henni og muni gera það áfram.

Ráðstefnan í London mun ein og sér ekki vera fær um að leysa þau margslungnu vandamál sem við er að etja í Sýrlandi, og finna verður pólitíska lausn á deilunni. En með því að halda áfram að beina kastljósinu að óhæfuverkum í garð saklauss almennings munum við sjá til þess að áþján sýrlensku þjóðarinnar gleymist ekki.

4BLS KIPPA ÚT :)

# NÝJUSTU GRÆJURNAR

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF ÖLLUM NÝJUSTU GRÆJUNUM

**0% VEXTIR**
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

Í Febrúar fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum með 3.5% lántökugjaldi og 405kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga



ENN BETRA VERÐ

3 ÁRA ÚTSKIPTIÁBYRGÐ Á OCZ TRION
OCZ TRION HÁGÆÐA SOLID STATE DISKAR

**120GB SSD**
Ný kynslóð OCZ SSD diska með háhraða TLC NAND og Toshiba stýringu, Windows ræsir sig á örfáum sek.
**7.990**
240GB AÐEINS 14.900

TILBOÐ Í FEBRÚAR
VERÐ ÁÐUR 11.900

**1TB FERÐAFLAKKARI**
Glæsilegur ferðaflakkari frá Adata með ofur hröðu USB 3.0 tengi og G Shock Sensor Protection.
**9.990**
ÓTRÚLEGT VERÐ!

**7.1 GXT363**
Mögnuð 7.1 leikjaheyrnartól með hljóðnema og öflugum 50mm vibration búnaði sem tryggir nötrandi bassa og hámarks hljómgæði á ótrúlegu verði:)
**14.900**

TRUST GAMING
SÉRHANNAÐ FYRIR HÖRÐUSTU LEIKJA SPILARANA

UPPLÝST FJARSTÝRING FYRIR ALLAR HELSTU AÐGERÐIR

GXT TRUST GAMING

4 LITIR

**LEIKJASTÓLAR**
Stórglæsilegir hágæða Enzo leikjastólar frá Arozzi úr slitsterku PU-leðri með þykkum og mjúkum örmum.
**34.900**
ÞÚ SEKKUR Í ÞENNANN;)

4. FEBRÚAR 2016 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.

STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS

Hallarmúla 2 Reykjavík





STÆRSTA TÖLVUVERSLUN NORÐURLANDS


Undirhlíð 2 Akureyri


ÚRVALIÐ ER
Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EI
GIGABYTE
GAMING TÖLVUTILBOÐ 1
8 kjarna Vishera leikjaskrímsli með 970 GAMING móðurborði fyrir kröfuharða leikjaspilara sem vilja hámarks gæði í leikjum og nýjustu tækni :)
• Thermaltake Versa H25 leikjaturn
• Vishera X8 FX-8320E 4.0GHz Turbo 16MB
• GIGABYTE 970 GAMING móðurborð
• 8GB DDR3 1600MHz hágæða minni
• 240GB SSD OCZ Trion100 diskur
• 24x DVD SuperMulti skrifari
• 2GB Radeon R7 360 OC leikjaskjákort
• 7.1 HD ALC1150 hljóðstýring með magnara
• Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!
X8-CORE 4.0GHz
OFUR ÖFLUGT 8 KJARNA ÖRGJÖRVA SKRÍMSLI
149.900
8 KJARNA AMD LEIKJATURN!
BURSTUÐ TITANIUM ÁFERÐ ;)
256GB SSD
GIGABYTE
mini BRIX i5 SKYLAKE TÖLVUTILBOÐ
• GIGABYTE mini BRIX i5 borðtölva
• Intel Core i5-6200U 2.8GHz Turbo 4xHT
• 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 256GB SSD M.2 PCIe SP900 diskur
• 1GB Intel HD 520 DX12 skjákjarni
• 867Mbps Dual WIFI AC og BT 4.2
• 4xUSB3, GB Lan, HDMI, Display Port
• Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!
149.900
ÚRVAL AF BRIX FRÁ 79.900
20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 149.900
623 AIO
ASPIRE Z1
• Intel Dual Core i3-4005U 1.7GHz 4xHT
• 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 1TB SATA3 UltraFast harðdiskur
• 22" FHD LED 1920x1080 fjölsnertiskjár
• 1GB Intel HD4400 Graphics skjástýring
• 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
• 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
• 2.1 Hi-fi hljóðkerfi og öflugt bassabox
• Windows 8.1 & Windows 10 Update!
129.900
ÚRVAL SKJÁTÖLVA FRÁ 79.900
5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 19.900
UPPLIFÐU! 360°
NÆR ÓTAKMARKAÐ ÚRVAL AF 360° 3D VR LEIKJUM, TÓNLISTARMYNDBÖNDUM, KVIKMYNDUM, OFL. OFL.
FREEFLY VR
GXT155
LASER LEIKJAMÚS!
• Hárnákvæmur 5000 dpi laser skynjari
• 11 forritanlegir takkar fyrir allar aðstæður
• Innbyggt minni fyrir leikjaprófíla og Macros
• Öflugur gaming hugbúnaður fylgir
• Stillanleg þyngd með 8x 2 gramma lóðum
• 1.9 metra ofin USB anti-tangle snúra
• Sérlega slitsterk og gripgóð húðun
9.990
HÁRNÁKVÆM LEIKJAMÚS!
20% AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 14.900
HÁRNÁKVÆM EINN NÁKVÆMASTI OPTICAL SENSOR SEM VÖL ER Á!
100% KEPPNIS
ZASERIES
FYRIR ATVINNUSPILARA
• Zowie leikjamús fyrir atvinnuspilara
• ADNS 3310 LED Optical sensor
• Virkar jafnt fyrir rétthenta og örvhenta
• 7 forritanlegir Macro hnappar
• Virkar fullkomlega án hugbúnaðar
• Hægt er að stilla DPI frá 400 til 3200
• Fullkomin lift-off fjarlægð og Claw grip
11.920
FÆST Í 3 STÆRÐUM!
4 LITIR
BACKUP PLUS
1TBSlim
STÓRGLÆSILEGUR FERÐAFLAKKARI
Örþunnur og fisléttur ferðaflakkari með tímamóta hugbúnaði fyrir flestar tölvur og tæki, afritaðu myndasafnið beint af síma eða tölvu eða beint úr Facebook og álíka miðlum.
• Örsmár Seagate USB3.0 ferðaflakkari
• Einstaklega falleg Slim Metal hönnun
• Fær straum úr USB tengi
• Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
• One-Click Plan afritunarhugbúnaður
• Vistaðu beint á flakkarann í Facebook
• Örþunnur og fisléttur aðeins 150 gr.
• SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0
SEAGATE
12.900
2TB AÐEINS 19.900
250% ÖFLUGRI
ICONIA
2 LITIR
B1-750
• 7" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
• Intel Quad Core Z3735G 1.83GHz Burst
• Intel HD Graphics DX11 skjákjarni
• 8GB flash og allt að 64GB Micro SD
• 300Mbps WiFi net, Bluetooth 4.0, GPS
• Li-Polymer rafhlaða allt að 7 tímar
• USB2 micro og Micro SD kortalesari
• Tvær vefmyndavélar 5MP og 0.3MP
• Android 4.4 stýrikerfi og fjöldi forrita
19.900
FÆST Í 2 LITUM
ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR
3 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 12.900
2.4 GHz ÞRÁÐLAUS
FORCEK7
ÞRÁÐLAUST LEIKJALYKLABORÐ
Fullkomið og öflugt þráðlaust leikjalyklaborð með íslensku letri, hlaðið nýjungum og með Anti-Ghosting tækni á WASD svæðinu sem gerir það fullkomið í leikjaspilun.
• Ný kynslóð Membrane leikjalyklaborða
• Anti-Ghosting tækni á leikjatökkum
• Ábrennt íslenskt letur á hnöppum
• Dynamic stillir fyrir hljóðstyrk og zoom
• Sérstaklega hannað með þægindi í huga
• Hot-link flýtihnappar fyrir helstu aðgerðir
• Scissor-Key tækni veitir minna viðnám
• Lítill en öflugur 2.4GHz þráðlaus sendir
GIGABYTE
9.990
ÞRÁÐLAUST LEIKJALYKLABORÐ
LACIE
CLOUDBOX
4TB TÖLVUSKÝ
• 4TB LaCie CloudBox tölvuský
• Gögnin þín alltaf við hendina hvar sem er
• Deildu gögnum með vinum og fjölskyldu
• Streymir margmiðlunarefni í öll tæki
• 10 notendur með lykilorð og einkamöppur
• Gigabit net, HTTP, FTP, SMB og Torrent
• Fyrir PC, Mac, Android, iOS, SmartTV, ofl.
34.900
ÞITT EIGIÐ TÖLVUSKÝ:)
LACIE
ÞESSI TENGIST VIÐ ALLT USB, FW, eSATA
QUADRA
4TB USB3 & FIREWIRE FLAKKARI
• 4TB LaCie d2 Quadra USB3&FW800
• Glæsileg hönnun frá Neil Poulton
• Einstök viftulaus álkæling
• Allt að 130MB/s skrif & leshraði
• Öryggis- og afritunarhugbúnaður
• LaCie USB 3.0 rekill fyrir Mac fylgir
• USB 3.0, 2xFireWire800 og eSATA
49.900
OFUR HRAÐUR FLAKKARI!
1280x800 IPS HD FJÖLSNERTISKJÁR 178° SJÓNARHORN
NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 9.5mm OG 540gr
acer
KM6150
2.990
ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR
LYKLABORÐ OG MÚS
RASPBERRY PI 2 MODEL B
ÖFLUG TÖLVA MEÐ FJÖLDA STÝRIKERFA Í BOÐI. FULL HD HDMI STUÐNINGUR EIN BESTA MEDIA CENTER LAUSNIN Í DAG!
VERÐ FRÁ 9.990
FALLEGAR HÝSINGAR VERÐ AÐEINS 4.990
RASPBERRY PI 2
1TB PORSCHE 2.5"
16.900
2TB AÐEINS 24.900
1TB FERÐAFLAKKARI
16GB USB3
2.990
USB& MICRO USB ÓMISSANDI FYRIR SNJALLSÍMA!
16GB MINNISLYKILL
16GB WIFI
47.900
7.9" RETINA SNERTISKJÁR MEÐ 2048X1536 UPPLAUSN
16GB iPad mini 2
M6900
4.990
FLOTT LEIKJAMÚS
GJAFATASKA
1.495
50% AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 2.990
MÚS OG PENNI
4TB PORSCHE
29.900
3TB AÐEINS 24.900
4TB PORSCHE FLAKKARI
3 LITIR
16GB USB3
1.990
32GB 3.990
64GB 7.990
128GB 14.900
16GB MINNISLYKILL
ALVÖRU GALLABUXNA EFNI ;)
VERÐ FRÁ 2.99
SPJALDTÖLVUHLÍF
GIGABYTE LACIE OCZ SEAGATE THONET & VANDER state.of.the.art.sound TÖLVUTEK



## Fatamarkaður í Bókasafni Kópavogs

Efnt verður til fatamarkaðar í Bókasafni Kópavogs á Safnanótt. Uppákoman er liður í að poppa safnið upp. SÍÐA 2



„Þykkar leggings og síð peysa eru að verða einkennisbúningur minn,“ segir Edda glettin.

MYND/ANTON BRINK

# HIPPI SEM ELSKAR SKRÍTNAR FLÍKUR

**Spurt&Svarað** Edda Björgvinsdóttir leikur um þessar mundir í Eddunni í Austurbæ þar sem hún lítur yfir farinn veg og ferilinn. Edda, sem er ein ástsælasta leikkona landsins, segist elska skrítnar flíkur eftir frumlega hönnuði.

**Spáir þú mikið í tísku?** Ég er gamall hippi og verð að játa að ég fell alltaf fyrir indverskum mussum og gallabuxum. Dóttir mín er tískusérfræðingur og hún hefur lagt mikið á sig að „skvísa“ mig upp. Það er að skila árangri og líklega verð ég orðin tískufyrirmynd og módel þegar ég er orðin 87 ára!

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Minn stíll er afar sérkennilegur. Ég elska skrítnar flíkur eftir frumlega hönnuði, en þykkar leggings og síð peysa eru að verða einkennisbúningur minn. Vel oft þægindin fram yfir allt annað!

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Ég er yfirleitt í leðurstígvélum og leggings, eða uppreimuðum leðurskóm og ég elska að vera í þykkri bómullarpeysu með hettu (á nokkrar slíkar) og þröngum, teygjanlegum buxum.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Uppáhaldssparíflíkurnar mínar eru skrautlegar mussur með alls konar hippamynstri, perlum og litlum speglum. Ég á nokkrar sparileggings líka inn á milli í vetrarleggingshrúgunni.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Ég elska að fara á Camden-markaðinn í London. Ég myndi alltaf versla þar ef ég gæti. Þar eru öll gömlu hippafötin til enn þá og þar eru einnig allir ungu hönnuðirnir með skrítnu flíkurnar.

**Eyðir þú miklu í föt?** Nei, mjög litlu. Ég nenni yfirleitt ekki í fataverslanir hér á Íslandi þó að það sé hægt að finna allt sem hugurinn girnist. Ég þarf alltaf að hafa svolítið fyrir því að kveikja á kaup-alkanum í mér.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Það er utanyfirflík sem er stór anorakkur með hettu, úr þykku, svörtu hálfglansandi efni. Innan í hettunni og vösunum er efnið gyllt á litinn. Þessi flík vekur alltaf athygli og aðdáun og er rosalega þægileg.

**Uppáhaldshönnuður?** Því miður man ég engin nöfn á þeim fjölmörgu hönnuðum sem »

Enska í Englandi fyrir 13-16 ára



• 2 kennsluvikur í Kent School of English verð ca 245 þús. allt innif.
• Íslenskir hópstjórar með í för allan tímann
• Skráning í síma 891 7576
og erlaara@enskafyriralla.is

Nánari upplýsingar á
www.enskafyriralla.is

EA
ENSKA FYRIR ALLA




365.is | Sími 1817
365

# Við getum – ég get





**Nanna Friðriksdóttir**
sérfræðingur í hjúkrun krabbameinssjúklinga, lektor á lyflækningasviði LSH og aðjunkt við HÍ

**Sigrún Lillie Magnúsdóttir**
hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins

Alþjóðlegur dagur gegn krabbameini er haldinn árlega 4. febrúar. Alþjóðasamtökin gegn krabbameini (UICC) skora nú á þjóðir heims að taka þátt í að vekja athygli á baráttunni gegn krabbameini undir slagorðunum VIÐ GETUM – ÉG GET.

Mikilvægt er að samfélög og einstaklingar leggi sitt af mörkum til að draga úr tíðni krabbameins og áhrifum sjúkdómsins.

Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga á Íslandi fagnar í ár 20 ára afmæli sínu og fer nú af stað, í samvinnu við Krabbameinsfélag Íslands, með röð greina undir heitinu VIÐ GETUM – ÉG GET. Í þessari fyrstu grein er áhersla lögð á forvarnir.

**VIÐ GETUM – haft áhrif á tíðni krabbameins**

Á Íslandi greinast árlega að meðaltali um 1.450 einstaklingar með krabbamein og um fjórðungur allra dánarmeina er af völdum krabbameins. Krabbamein er bæði flókinn og kostnaðarsamur sjúkdómur fyrir einstaklinginn og samfélagið. Áætlað er að koma megi í veg fyrir 30-40% krabbameina með heilsusamlegum lífsháttum. Þeir þættir sem skipta mestu máli eru reykingar, offita, ofneysla áfengis, mataræði og hreyfing. Við getum sem samfélag og sem einstaklingar minnkað líkurnar á krabbameini með því að tileinka okkur heilsusamlega lífshætti og með því að beita aðgerðum sem auðvelda slíkt. Við sem samfélag og einstaklingar getum fundið leiðir og beitt okkur fyrir eftirtöldum þremur meginráðleggingum:

Reykjum ekki né notum tóbak. Reykingar hafa verið og eru enn langstærsti áhættuþátturinn og eru orsök 20-30% allra krabbameinstilfella. Mikilvægt er að vinna stöðugt að tóbaksvörnum. Með því að reykja ekki né nota tóbak má koma í veg fyrir og draga úr líkum á mörgum tegundum krabbameina t.d. í lungum, munnholi, vélinda, brisi, nýrum, þvagblöðru og leghálsi.

Drekkum áfengi í hófi ef þess er neytt á annað borð. Ofneysla áfengis er áhætta fyrir mörg krabbamein, t.d. brjóstakrabbamein, krabbamein í munni, barka, vélinda, ristli og lifur.

Forðumst ofþyngd og offitu. Með því að borða hollan mat, hreyfa sig reglulega og vera í kjörþyngd má koma í veg fyrir um 25-30% krabbameinstilvika vegna t.d. krabbameins í ristli, brjóstum, legi, eggjastokkum, brisi, vélinda, nýrum og gallblöðru.

**Við getum sem samfélag og sem einstaklingar minnkað líkurnar á krabbameini með því að tileinka okkur heilsusamlega lífshættiog með því að beita aðgerðum sem auðvelda slíkt.**

**ÉG GET – verið meðvitaður um einkennin og brugðist við þeim**

Það er ekki alltaf auðvelt að greina krabbamein, sum þeirra gera engin eða óljós boð á undan sér fyrr en að sjúkdómurinn er langt genginn. Ýmsar leiðir hafa verið prófaðar til þess að greina krabbamein á forstigi eða á frumstigi hjá einkennalausum einstaklingum, en þær þurfa að vera áreiðanlegar og hættulitlar til þess að þeim sé beitt. Flestum aðferðunum er beitt á einstaklingsgrundvelli, en mælt er með þremur þeirra fyrir hópleit (skimun), við leit að brjóstakrabbameini, leghálskrabbameini og ristilkrabbameini.

Mörg krabbamein geta gefið frá sér einkenni eða merki sem er mikilvægt að þekkja og bregðast við. Líkur á lækningu er meiri því fyrr sem krabbamein er greint. Þetta á til dæmis við um krabbamein í lungum, þvagblöðru, ristli, brjóstum, leghálsi, kvið, eggjastokkum, eistum og sortuæxli.

Nokkur einkenni sem mikilvægt er að þekkja:

- Þrálátur hósti og erfiðleikar við kyngingu
- Erfiðleikar við þvaglát eða blóð í þvagi
- Blæðing frá endaþarmi eða blóð í hægðum
- Breytingar á brjóstum (til dæmis hnútur eða inndráttur, útferð)
- Blæðingar eftir tíðahvörf
- Viðvarandi kviðverkir
- Óútskýrt þyngdartap eða þyngdaraukning
- Viðvarandi þreyta sem minnkar ekki við hvíld
- Eitlastækkanir
- Hnútar, til dæmis í eistum
- Breytingar á húð og slímhúð (til dæmis sár í munni sem gróa ekki, sár á kynfærum eða breytingar á fæðingarblettum)

Einkenni hér að ofan geta vakið grun um krabbamein en geta einnig verið til marks um aðra sjúkdóma. Það skiptir miklu máli að hver og einn bregðist við þeim.

VIÐ GETUM sem samfélag og ÉG GET sem einstaklingur dregið úr tíðni krabbameins og bætt lífsgæði með því að leggja áherslu á að ástunda heilsusamlega lífshætti og bregðast við mögulegum einkennum.

*Heimildir:*
*Krabbameinsfélagið*
*http://www.krabb.is*
*Krabbameinsskráin*
*http://www.krabbameinsskra.is/*
*World Cancer Day*
*http://www.worldcancerday.org/*

# Við verðum að versla

Pistillinn Jón Gnarr

Mér leiðist að kaupa í matinn. Ég kvíði því jafnvel. Ég er að meina þessi stórinnkaup. Ég fresta þessu eins lengi og ég get og gef mér ekki tíma til að sinna þessu fyrr en á síðustu stundu. Mér finnst alveg gaman að fara í sumar búðir, bara ekki matvöruverslanir. Mér finnst gaman að ráfa um Elkó og skoða allskonar drasl sem ég kaupi sjaldnast.

Uppáhalds búðirnar mínar á Íslandi eru líklega Húsasmiðjan og Byko. Þar get ég hangið klukkutímum saman. Í Ameríku eru það Home Depot og Target. Ég tala nú ekki um ef það er Super Target. Þá bara verð ég að stoppa. Mér finnst krúttlegar sérvöruverslanir líka oft skemmtilegar, svona lífrænt og beint frá býli og svoleiðis. Það er líka yfirleitt gaman að koma í fiskbúð. Það er eitthvað svo hressandi.

Ég versla eins lítið við kaupmanninn á horninu og ég get og sneiði hjá 10-11 nema í algjörri neyð. Ég er líka einn fárra Vesturbæinga sem finnst ekki stórskemmtilegt og sjarmerandi að fara í Melabúðina. Hagsýna húsmóðirin í mér strækar á það. Ég vil ekki borga svona mikið fyrir matinn minn. Svo þekki ég svo marga þar að mestur tíminn fer í eitthvert spjall við fólk um hvað sé að frétta og hvort gangi ekki vel og svoleiðis. Mér finnst matvöruverslun enginn vettvangur fyrir slíkar samræður. Ég lít á matarinnkaup sem verkefni en ekki félagslega athöfn. Og mér finnst það leiðinlegt og reyni að ljúka því eins skipulega og effektíft og ég get; ná sem mestu, á ásættanlegu verði og á sem stystum tíma. Ég finn líka mikið til með fólki sem er að versla með smábörnum. Ég þekki þá martröð af eigin raun.

Þegar innkaupum er lokið þá tekur ennþá verra við. Það þarf að bera allar vörurnar út í bíl. Svo þarf að bera þær inn. Ég bý á annarri hæð og þarf því að púla upp endalausa stiga. Ef ég er með mikið þarf ég jafnvel að fara nokkrar ferðir framogtilbaka. Auðvitað lagaðist þetta heilmikið eftir að fjögur elstu börnin fluttu að heiman. Að kaupa í matinn fyrir fjóra hungraða unglinga er ekkert smáræði.

Ég fer yfirleitt í Krónuna eða Bónus. Ef ég nenni ekki þangað fer ég í Nettó. Mér finnst þessar verslanir allar nokkuð fyrirsjáanlegar og sjaldnast eitthvað sem kemur á óvart í vöruúrvalinu. Enda er þetta yfirleitt það sama sem ég er að kaupa. Geta þessar stóru matvöruverslanir ekki farið að bjóða uppá netkaup þar sem ég er með Mínar síður og get svo fengið þetta sent heim? Ég væri tilbúinn í slíkt samstarf.

**Geta þessar stóru matvöruverslanir ekki farið að bjóða uppá netkaup þar sem ég er með Mínar síður og get svo fengið þetta sent heim? Ég væri tilbúinn í slíkt samstarf.**





# Sameinumst um aðstoð við Sýrlendinga



**Stuart Mill**
sendiherra Bretlands á Íslandi

Nú þegar líður að því að fimm ár séu liðin frá því að borgarastyrjöld braust út í Sýrlandi heldur alvarlegasti mannlegi harmleikur samtímans áfram, en um 250 þúsund mannslíf hafa tapast í Sýrlandsstríðinu fram til þessa. Alþjóðasamfélagið verður að taka sig verulega á til að bregðast við og hjálpa hinum átján milljónum íbúa Sýrlands og grannríkja þess, sem eru í brýnni þörf fyrir neyðaraðstoð.

Í dag hefst í London alþjóðlega ráðstefnan „Supporting Syria and the region 2016“, sem bresk stjórnvöld standa að ásamt Þýskalandi, Kúveit, Noregi og Sameinuðu þjóðunum. Ráðstefnunni er ætlað að nálgast vandann með nýjum og metnaðarfullum hætti, sem miðar að því að stuðla að meiri langtímastuðningi við flóttamenn. Þessu á að áorka með hnitmiðuðum aðgerðum til að tryggja afkomu fólksins og lífsviðurværi og bættan aðgang að menntun. Með þessu er vonast til að flóttafólkið búi yfir þeirri færni og þekkingu sem best er til þess fallin að tryggja framtíð þess og möguleika á að snúa heim og byggja upp heimaland sitt að nýju að stríði loknu. Það gleður mig að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra verður meðal leiðtoga sem sækja ráðstefnuna og leggur markmiðum hennar lið fyrir Íslands hönd.

Á ráðstefnunni í London er líka ætlunin að leita lausna á þeirri miklu neyð sem sýrlenskur almenningur stendur frammi fyrir, og safna verulega auknum fjárframlögum til að mæta þörfum nauðstaddra, bæði til skemmri og lengri tíma. Sameinuðu þjóðirnar kalla eftir framlögum upp á alls um 7,7 milljarða Bandaríkjadala. Þá er gert ráð fyrir að framlög upp á 1,2 milljarða dala til viðbótar vanti til að standa straum af kostnaði sem stjórnvöld í nágrannaríkjum Sýrlands bera af móttöku flóttamanna.

**Bretland leiðandi afl**

Bretland hefur verið leiðandi afl í viðleitni alþjóðasamfélagsins til að taka á vandanum í Sýrlandi. David Cameron forsætisráðherra hefur fylgt eftir af festu þeirri stefnu að finna allsherjarlausn á vandanum, sem tekur á rótum hans frekar en einvörðungu að bregðast við afleiðingunum.

Í þessari stefnu felst að alþjóðasamfélagið leggist saman á árar til að binda enda á hin grimmilegu stríðsátök sem enn geisa í landinu. Stefnan er þríþætt og nær til pólitískra og hernaðarlegra þátta auk mannúðaraðstoðar. Hvað hina pólitísku vídd varðar er Bretland einn af burðarásum Alþjóðabandalagsins til stuðnings Sýrlandi (ISSG – International Syria Support Group), sem vinnur að pólitískri lausn og að byggja brú yfir í friðsamlega framtíð. Hernaðarlega tekur Bretland virkan þátt í herferðinni gegn Daesh, hryðjuverkasveitunum sem kenna sig við Íslamskt ríki. Bretland er jafnframt annar stærsti veitandi neyðaraðstoðar við flóttafólk á svæðinu, næst á eftir Bandaríkjunum. Framlög frá Bretlandi eru nú þegar komin yfir 1,1 milljarð sterlingspunda, sem varið er til mannúðaraðstoðar af öllu tagi, matarsendinga, tjaldbúða, læknishjálpar og hreins drykkjarvatns fyrir hundruð þúsunda nauðstaddra.

Grannríki Sýrlands eins og Jórdanía, Tyrkland og Líbanon hafa án vafa bjargað miklum fjölda mannslífa með rausnarskap sínum gagnvart flóttafólki og með því að veita því hæli skamma frá heimahögum sínum, frekar en að það takist á hendur hættulega för í átt til Evrópu.

En við verðum öll að leggja meira á okkur. Við verðum að taka saman höndum um að gera Sýrland að öruggari stað, með markið sett á friðsamlega uppbyggingu til framtíðar. Alþjóðasamfélagið ber skylda til að hjálpa þeim fjórum milljónum manna sem dvelja í flóttamannabúðum í grannríkjum Sýrlands, sem og þeim 13 milljónum sem eru í nauðum staddar innan Sýrlands sjálfs. Sýrlenska þjóðin þarf að vita og finna að alþjóðasamfélagið stendur með henni og muni gera það áfram.

Ráðstefnan í London mun ein og sér ekki vera fær um að leysa þau margslungnu vandamál sem við er að etja í Sýrlandi, og finna verður pólitíska lausn á deilunni. En með því að halda áfram að beina kastljósinu að óhæfuverkum í garð saklauss almennings munum við sjá til þess að áþján sýrlensku þjóðarinnar gleymist ekki.

**Alþjóðasamfélaginu ber skylda til að hjálpa þeim fjórum milljónum manna sem dvelja í flóttamannabúðum í grannríkjum Sýrlands, sem og þeim 13 milljónum sem eru í nauðum staddar innan Sýrlands sjálfs. Sýrlenska þjóðin þarf að vita og finna að alþjóðasamfélagið stendur með henni og muni gera það áfram.**


FERMING
2016
Ótrúlegt
úrval
COSMO
Kringlunni





# SKIPTIR MESTU AÐ MANNI LÍÐI VEL

Þótt **Rúrik Andri** sé áberandi snyrtilega klæddur ungur maður segist hann hafa lítinn áhuga á tísku. Stíllinn hans er fyrst og fremst klassískur, faglegur og smekklegur ásamt því að vera persónulegur.

Það er nóg að gera hjá hinum 23 ára gamla Rúrik Andra Þorfinnssyni. Í vor klárar hann viðskiptafræði, með áherslu á fjármál, frá Háskóla Íslands auk þess sem hann kennir í Nóbel námsbúðunum og sinnir einkakennslu á háskólastigi.

Þess á milli starfar hann sem ráðgjafi hjá Íslandsbanka og hefur gert í nokkur ár. „Svo er ég leikmaður meistaraflokks Fram í knattspyrnu en hef lítið náð að spila undanfarin ár vegna þrálátra meiðsla.“

Rúrik Andri er fæddur í París þar sem foreldrar hans bjuggu á sínum tíma en hefur meira og minna búið í Hlíðunum undanfarin ár. „Ég hef brennandi áhuga á fjármálum, mannlegum samskiptum, smekklegum fatnaði, góðum mat, ferðalögum og hamingju. Síðan elska ég móður mína, kærustuna og nánustu aðstandendur. Ég kem af æðislegu fólki og reyni ég að taka þá samhygð og óeigingirni sem það sýnir daglega inn í mína eigin hegðun.“

**Hvenær fékkstu áhuga á tísku?** Ég myndi ekki segja að ég hafi áhuga á tísku. Frekar myndi ég segja að áhugi minn liggi í lífsstíl og hegðun fólks. Oft er hægt að lesa mikið í fólk út frá klæðnaði og hvernig það ber sig. Ég reyni að fylgja eigin huga þegar kemur að tísku en viðurkenni þó að hafa fallið í gryfju hóphegðunar þegar kemur að tískufyrirbærum eins og Nike Free og Timberland skóm.

**Hvernig myndir þú lýsa fatastílnum þínum?** Stíllinn minn er fyrst og fremst klassískur, faglegur og smekklegur ásamt því að ég vil að hann tengist mér persónulega. Að reyna að finna klæðnað sem hentar þér sjálfum er mikilvægt og þá meina ég að þér líði vel með fötin.

**Hvernig fylgist þú með tísku?** Ég myndi ekki segja að ég fylgist með tísku með markvissum hætti. Tíska er meira og minna komin inn í daglegt líf okkar í gegnum bíómyndir, sjónvarpsþætti, veraldarvefinn og annað afþreyingarefni. Því er næstum ómögulegt fyrir venjulega manneskju að fylgjast ekki með tísku.

**Hvað einkennir klæðnað ungra karlmanna í dag?** Hann er frábær. Fyrir hvern þann sem klæðir sig eins og Justin Bieber er annar strákur sem klæðir sig eins og hippi á leið á Woodstock. Það skiptir ekki máli hvaða stíl menn sækjast eftir svo lengi sem þeir eru ánægðir og líður vel í eigin skinni.

**Áttu þér uppáhaldsverslanir?** Kultur Menn og Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar eru í uppáhaldi. Svo þarf ég að prufukeyra Suitup á Laugaveginum þar sem góðvinur minn Egill Ásbjarnarson sérsaumar gæðafatnað á karlmenn.

**Áttu þér eina uppáhaldsflík?** Ég á leðurjakka sem færeyskur hönnuður gerði og býst ég ekki við að margir þannig séu til í heiminum. Hann er einstakur og passar mér mjög vel. **starri@365.is**



Hér klæðist Rúrik Andri jakkafötum frá Tiger of Sweden. Skyrtan og peysan eru einnig þaðan. Skórnir eru frá Paul Smith. MYNDIR/ERNIR

> Ég myndi ekki segja að ég hafi mikinn áhuga á tísku. Frekar myndi ég segja að áhugi minn liggi í lífsstíl og hegðun fólks. Oft er hægt að lesa mikið í fólk út frá klæðnaði og hvernig það ber sig.
>
> Rúrik Andri Þorfinnsson



Buxur og frakki frá Kormáki og Skildi og trefill frá Paul Smith.



Hér klæðist Rúrik Andri buxum frá Weekdays og jakka frá Pull and Bear.








Baknuddnámskeið
verður næst helgina 6 – 7 febrúar n.k.
frá kl. 11.00-15.00

Vinsælt og nothæft námskeið fyrir einstaklinga og pör sem ég hef verið með í 25 ár.

Námskeiðið byggist upp á slökunarnuddi á bak, háls og handleggi með sérvöldum ilmkjarnaolíum.
Djúp- og þrýstipunktanuddi ásamt svæðameðhöndlun.
Farið í ilmolíur og góðar uppskriftir.

Skráning og nánari upplýsingar í síma 896 9653 og á Heilsusetur.is eða á thorgunna.thorarinsdottir@gmail.com.




Stærðir
36-56
NÝ SENDING!
Flott úrval af buxum, kjólum, skyrtum og úlpum. Opið til kl 21.00 í dag
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL 5.990kr st. 36-56
KJÓLL 6.990kr st. 36-56
KJÓLL 6.990kr st. 36-56
KJÓLL 6.990kr st. 36-56
KJÓLL 5.990kr st. 36-56
PILS 8.990kr st. 36-48
SKYRTA 7.990kr st. 42-56
ÚLPA 12.990kr st. 36-56
KJÓLL 5.990kr st. 36-56
Einstaklega mjúkar með háa ísetu!
BUXUR 12.990kr st. 36-48
BUXUR 9.990kr st. 36-48
BUXUR 11.990kr st. 36-48
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314












**Hún klæddist þessum fallega kjól frá Calvin Klein á British Academy Britannia verðlaunahátíðinni á dögunum.**

**Saoirse var glæsileg á SAG-verðlaunahátíðinni í vikunni. Þar var hún í þunnum, síðerma Michael Kors kjól sem var sagður bæði fágaður og munúðarfullur.**

**Á frumsýningu myndarinnar Brooklyn í Los Angeles mætti Ronan í þessum mínimalíska samfestingi eftir Stellu McCartney.**

**Fáguð í þröngum, svörtum kjól frá Victoriu Beckham á New York Film Critics Circle verðlaunahátíðinni.**

# RÍSANDI STJARNA

Írska leikkonan Saoirse Ronan hefur vakið athygli fyrir leik sinn í myndinni Brooklyn enda hlaut hún tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir. Hún hefur líka skotist upp á stjörnuhimininn í tískuheiminum.

Saoirse Ronan er leikkona sem hefur fengið meiri og meiri athygli að undanförnu. Þrátt fyrir ungan aldur var Saoirse tilnefnd í annað sinn til Óskarsverðlauna á dögunum fyrir leik sinn í aðalhlutverki myndarinnar Brooklyn. Hún var einnig tilnefnd árið 2007 fyrir hlutverk sitt í myndinni Atonement, þá aðeins þrettán ára gömul.

Saoirse þykir hafa persónulegan og eftirminnilegan stíl og hefur hún að undanförnu slegist í hóp þeirra best klæddu á rauða dreglinum. Saoirse er bæði fáguð og ögrandi í senn og er á góðri leið með að verða fyrirmynd í tískuheiminum. Hún er þekkt fyrir að velja sér áberandi kjóla frá merkjum eins og Lanvin, Valentino, Mary Katrantzou og Gucci sem hún klæðir niður með settlegri förðun, einföldum hárgreiðslum og klassísku skarti.



**Hér klæðist Saoirse litríkum og mynstruðum kjól frá Emilia Wickstead number. Útlitið er svo fullkomnað með Alexander McQueen hælum.**



**Leikkonan var fáguð í þessum beinhvíta silkikjól frá Lanvin.**



**Saoirse fékk reyndar misjafna dóma fyrir þessa buxnadragt frá Roksana.** NORDIC PHOTOS/GETTY



MARTA JONSSON

ÍSLENSK HÖNNUN
HÁGÆÐA LEÐURSKÓR

MARTA JONSSON
KRINGLUNNI
s. 553 0809
LAUGAVEGI 51
s. 553 0816

# 25% afsláttur af kuldaskóm

## Fim 4. til mán 15. febrúar

| | | |
|---|---|---|
| Barnaskór (st. 25-35): | ~~Verð 24.995.-~~ | Nú 18.740.- |
| Dömuskór (st. 36-41): | ~~Verð 29.995.-~~ | Nú 22.490.- |
| Herraskór (st. 41-46): | ~~Verð 32.995.-~~ | Nú 24.740.- |

**Þægilegir skór með 100% ull, til í dömu-, herra- og barnastærðum**















**www.martajonsson.com** | **Póstsendum**

FRÉTTABLAÐIÐ

59,9%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

59,9% lesa Fréttablaðið

29,9% lesa Morgunblaðið



Skv. prentmiðlakönnun Gallup, okt.– des. 2015.




Allt sem þú þarft ...







Brúðarkjólar frá Alon Livne á brúðarsýningu fyrir 2016 sem fram fór í New York.





Jean Doucet sýndi brúðarföt fyrir samkynhneigð pör á tískuviku í París á dögunum.

# BRÚÐARKJÓLAR SUMARSINS

Helstu hönnuðir brúðarkjóla hafa verið að sýna vor- og sumartískuna 2016. Hún ber vott um mikla rómantík með blúndum og glitri. Kjólarnir eru engu að síður með klassísku yfirbragði.

Kjólarnir eru margir hverjir aðsniðnir, sumir með blómamynstri, ermalausir eða með síðum ermum. Ekki er mikið um slör við kjólana frekar en á síðustu árum. Þótt varla teljist þessir kjólar látlausir þá er yfir þeim kvenlegur en nútímalegur glæsileiki. Meira er um gólfsíða brúðarkjóla en stutta. Kjólarnir eru fallegir og ættu að gefa verðandi brúðum hugmynd að rétta kjólnum.

Athygli vakti að franski tískuhönnuðurinn Jean Doucet sýndi sérstakan brúðarfatnað fyrir samkynhneigð pör í París fyrir nokkrum dögum. Hvítur litur var valinn í allan fatnað, hvort sem það var fyrir herra eða dömur. Doucet valdi íburðarmikla kjóla fyrir brúðirnar, kjóla sem sumir myndu kalla rjómatertukjóla. Þeir voru áberandi öðruvísi en aðrir brúðarkjólar. Doucet kallaði sýninguna Be Happy og vildi kalla fram gleði og ánægju.




Pronovias sýndi þennan skrautlega brúðarkjól í New York. Haust - vetur 2016. Takið eftir hárskrautinu í stíl.



Theia heitir hönnuður þessa brúðarkjóls sem sömuleiðis var sýndur í New York. Fyrirsætan er óvenju mikið förðuð miðað við brúði.

# DEBENHAMS




# BIOTHERM DAGAR

## Í DEBENHAMS 4. - 10. FEBRÚAR.




KOMDU OG FÁÐU **HÚÐGREININGU** MEÐ **NÝJA BLUE SMART** HÚÐGREININGARTÆKINU.

**GLÆSILEGUR KAUPAUKI FYLGIR ÞEGAR ÞÚ KAUPIR BIOTHERM VÖRUR FYRIR 7.800 KR. EÐA MEIRA.***




*Gildir meðan birgðir endast

**20% AFSLÁTTUR AF VINSÆLU BB LAIT CORPOREL HÚÐMJÓLKINNI**

FYRIR LÍKAMANN SEM GEFUR SAMSTUNDIS JAFNAN OG FALLEGAN HÚÐLIT OG AF SJÁLFBRÚNANDI VÖRUM EINS OG ANDLITSSERUMINU SEM SLÓ Í GEGN ÞEGAR ÞAÐ KOM Á MARKAÐINN Í FYRRA. HREINSIMJÓLK, ANDLITSVATN OG 3 IN 1 VATN 400 ML PUMPUFLÖSKUR Á SAMA VERÐI OG 200 ML VANALEGA.

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## BÍLAR & FARARTÆKI

bilfang.is S.567 2000




**EINN EIGANDI !**
Mazda Tribute LUX 4WD árg 05/2005 ek 110 þ.km Leður, krókur ofl eins og nyr verð 1280 þús !




**VERÐLÆKKUN !**
Af sérstökum ástæðum er þessi M-Benz CLA 200 árg 02/2014 ek aðeins 20 þ.km sjálfskiptur til sölu fyrir 5 milljónir !!! sjá raðnr 157113

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

PLANIÐ bílasala 5170000



SUZUKI Swift gl. Árgerð 2015, ekinn 24 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.620.000. Rnr.302110. Á staðnum.



DACIA Duster 4x4. Árgerð 2014, ekinn 78 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.890.000. Rnr.106795. Á staðnum.



DACIA Duster 4x4. Árgerð 2013, ekinn 77 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.106809. Á staðnum.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið 10-18. Lau 12-16**
**www.planid.is**

MB bílar



MERCEDES-BENZ Ml 250 bluetec 4matic blue tec. Árgerð 2013, ekinn 51 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.Einn eigandi Verð 8.290.000. Rnr.120250.



LAND ROVER Discovery 3 se. Árgerð 2006, ekinn 160 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.690.000. Rnr.120248.



BMW X5 xdrive30d 3.0d e70 30d. Árgerð 2013, ekinn 55 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.Flottur bíll. Verð 8.900.000. Rnr.120334.



VW Touareg v8. Árgerð 2007, ekinn 142 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.Einn eigandi . Verð 2.950.000. Rnr.100206.

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

BÍLA GALLERÍ



HYUNDAI SANTA FE PREMIUM+. Árgerð 2015, ekinn 7 Þ.KM, Dísel 200HÖ, Sjálfskiptur, Leður, Glerþak ofl ofl. Umboðsbíll. Verð 8.5 millj. Rnr.100771.

**Bílagallerí bílasala**
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**
**Sími: 554 6700**
**Hagstæð sölulaun ! 2,9 %**
**www.bílagallerí.is**

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**SPARI YARIS!**
'15 TOYOTA YARIS SOL PANORAMA. EK 37þ. BENSÍN, SJÁLFSK. BAKKMYNDAVÉL, PANO, SUMAR- OG VETRARDEKK. V: 2.380þ. #470348. S: 580-8900



**ROKKANDI RENAULT!**
'15 RENAULT CLIO. EK 35þ. DÍSEL, SJÁLFSK. ÍSLENSKT NAVI, BLÁTÖNN, HITI Í SÆTUM. V: 2.380þ. #450796. S: 580-8900



**EKKI LJÓTI SKODI!**
'07 SKODA OCTAVIA 1,9 TDI. EK 182þ, DÍSEL, SJÁLFSK. SNYRTILEGUR Á GÓÐUM NEGLDUM GÚMMISKÓM. V: 1.380þ. #470332. S: 580-8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



BMW 520D XDRIVE F10 04/2014, ek. 31 Þ.km, fjórhjóladrif, diesel, sjálfskiptur, leður, lúga og mikið af aukabúnaði. Verð 8.990.000 TILBOÐ 8.390.000 kr. Raðnr.254156 á www.BILO.is



VOLVO S60 TURBO 20V 05/2003, ekinn 212 Þ.km, bensín, sjálfskiptur, leður, lúga ofl. Verð 1.290.000 TILBOÐ 850.000 kr. 100% kortalán. Raðnr.254160 á www.BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**


## Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum

# Rafbílar frá 1.990 þús.

**Islandus hefur í meira en áratug aðstoðað við kaup á nýjum og nýlegum bílum frá Evrópu og USA. Fjölmargir hafa sparað hundruði þúsunda, jafnvel milljónir króna, með beinum innflutningi.**




**Fáðu betra tilboð á www.islandus.is**

**100% fjármögnun og íslensk ábyrgð í boði.**

**Nýr 4x4 Rafbíll**



**Mitsubishi Outlander phev**

Nú er hægt að fá jeppa sem ekur á rafmagni. Flottur í innanbæjar akstur og einnig með bensínvél fyrir lengri ferðalög

TOYOTA AUDI MITSUBISHI GM NISSAN BMW

**islandus.is**

**www.islandus.is — facebook.com/islandusbilar — Sími: 552 2000**

## TIL LEIGU
## HAFNARBRAUT 2 – 200 KÓP.



- 368 fm. atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum.
- Húsnæðið er jarðhæð og kjallari, samtals 368 fm.
- Tveir inngangar.
- **Eignin hentar undir ýmiskonar starfsemi.**
- **2 baðherbergi með sturtu.**
- **Mögulegt að nota undir gistiaðstöðu.**
- **Afar snyrtilegt og aðgengilegt húsnæði.**
- **Eldhús aðstaða.**



**Magnús**
Löggiltur Fasteignasali
Sími: 897 8266



**Þórarinn**
Sölustjóri
Sími: 770 0309

**Nánari upplýsingar um m.a. leiguverð og leigutíma veita Þórarinn Thorarensen og Magnús Einarsson.**

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS



Snæfellsbær

## Lagning ljósleiðara í Snæfellsbæ
## BEIÐNI UM UPPLÝSINGAR

Fyrirhuguð er bygging ljósleiðaranets í Snæfellsbæ, nánar tiltekið í Staðarsveit, Breiðuvík, á Arnarstapa, á Hellnum að Malarifi. Gert er ráð fyrir að öllum lögbýlum, frístundahúsum, fyrirtækjum og stofnunum á þessum svæðum standi til boða að fá ljósleiðaratengingu.

**Auglýst er eftir:**
A. Aðila eða aðilum sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaraneti á ofangreindum svæðum í Snæfellsbæ á næstu þremur árum,
eða
B. Hæfum aðila eða aðilum til að taka að sér að byggja og e.t.v. reka til framtíðar ljósleiðaranet með stuðningi frá sveitarfélaginu komi til þess að enginn aðili svari lið A hér að ofan.

Aðilar sem óska eftir stuðningi munu þurfa að uppfylla tilteknar kröfur um fjarskiptaleyfi og fjárhagslegan styrk, hafa reynslu af uppbyggingu og rekstri sambærilegra kerfa, auk þess að leggja fram raunhæfa verk- og rekstraráætlun o.þ.h.

Áhugasamir aðilar skulu senda tilkynningu um fyrirætlanir sínar til Snæfellsbæjar á netfangið kristinn@snb.is fyrir **kl. 12:00 þann 25. febrúar 2016**. Í tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala aðila auk upplýsinga um ofangreint eftir því sem við á.

Hægt er að óska eftir nánari upplýsingum og skýringum og skulu slíkar fyrirspurnir sendar á netfangið kristinn@snb.is



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.


## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**
Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**HÚSASMÍÐAMEISTARI**
getur bætt við sig verkefnum.

Uppl. í s. 897 4720

eða bragi@boga.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254

### Nudd

Kínverska Nuddstofan í Hamraborg 20A Getum hjálpað þér að losna við ýmsa verki og kvilla. S. 5646969

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

### Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

Spái í spil, tek fólk heim, spái einnig í gegnum síma. Tímap. í s. 445 8787. Geymið auglýsinguna.

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.




GULL BYLGJAN



Póst dreifing
við komum því til skila

VIÐ ELSKUM SNJÓ EN...
værirðu til í að hafa útiljósin kveikt og stéttina auða ... fyrir okkur?

www.postdreifing.is


### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Trésmíði

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, tilboð eða tímavinna S. 7740866

### Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## KEYPT & SELT

### Til sölu

Von & Bjargir
Hjálparsamtök



Nytjamarkaðir
Grensásvegi 14, bakhúsi og Norðurbrún 2



Opið virka daga 11-18 og laugardaga 11-17

**Viltu gefa eitthvað? ...við sækjum**
**Símar 662 7222 og 578 6262**
**Vefverslun: vonogbjargir.is**



**ÚTSALA 50-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM.**
Gallastredsbuxur 50% afsláttur þá er verð 3995 stærð 34-50 Erum á facebook Súpersól, Hólmaseli 2, Seljahverfi. 567-2077 587-0077 Opið 10-22 alla virka daga Laugardaga 12-18

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

### Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 10,3 m S: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**GULLNESTI GRAFARVOGI**
Óskum eftir röskum, íslenskumælandi starfskrafti virka daga frá 9-5.
25 ára eða eldri og helst vanur grilli og afgreiðslu.
**Upplýsingar í síma 898-9705**
**Daði**

**DISHWASHER AND KITCHEN HELP**
Dishwasher and kitchen assistant needed in a restaurant in Laugavegur. Full time job.

Please send email to steinigumm@gmail.com with information about you and experience.

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

## Leitum að góðri 3ja herbergja íbúð í 201 Kópavogi !

Eignin þarf að vera með góðu aðgengi

Ársalir, Núpalind
og fleiri götur koma til greina.



Í boði eru bein kaup eða skipti á stærri eign

Þá væri um að ræða 160 fm íbúð með bílskúr
á besta stað í Lindarhverfinu Kópavogi.



Nánari upplýsingar veitir
**Atli S. Sigvarðsson**
aðstoðm. fast.
sími: 899 1178
atli@miklaborg.is



**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**- með þér alla leið -**



vissir þú að...

**Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt á
vernd og umönnun


FÉLAG FASTEIGNASALA

Til félagsmanna í Félagi fasteignasala.

## AÐALFUNDUR 2016

**Aðalfundur Félags fasteignasala verður haldinn föstudaginn 19. febrúar kl. 17:00 síðdegis á Fosshóteli Höfðatorgi í Reykjavík.**

Á dagskrá aðalfundar FF verða eftirtalin mál:

1. **Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári.**
2. **Breyting á siðareglum**
3. **Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.**
4. **Ákvörðun um ávöxtun sjóða félagsins**
5. **Kjör skoðunarmanna reikninga**
6. **Kjör laganefndar**
7. **Kosning stjórnar.**
8. **Önnur mál, er upp kunna að vera borin.**

*Stjórnin*

---

**Aðalfundur Fasteignaleitar ehf föstudaginn 19. febrúar kl. 19:00 á Fosshóteli Höfðatorgi.**

**DAGSKRÁ:**
1. Ársskýrsla fasteignaleitar ehf
2. Endurskoðaður reikningur fyrir liðið reikningsár.
3. Önnur mál.


## Skrifstofuhæð á besta stað



**Hæðin er staðsett í miðju viðskipta og fjármálahverfi borgarinnar.**

Hæðin er á 3. Hæð í góðu lyftuhúsi. Hún er 520 m2 og þar af eru salerni 17,9 m2 og stigagangur telst 33,1 m2. Birt flatarmál skrifstofu eru 467 m2.

**Nánari upplýsingar um m.a. leiguverð og leigutíma veita Þórarinn Thorarensen og Magnús Einarsson.**

**Magnús**
Löggiltur Fasteignasali
Sími: 897 8266



**Þórarinn**
Sölustjóri
Sími: 770 0309



**LANDMARK**
FASTEIGNASALA

**SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS**


**MARTAK er framsækið og metnaðarfullt fyrirtæki í þróun og smíði hátæknibúnaðar og heildarlausna til matvælavinnslu. Ný og spennandi verkefni kalla á öflugt nýtt fólk. Meðal þess sem við leitum nú er:**

## Framleiðslustjóri:

Framleiðslustjóri er einn af lykilstjórnendum fyrirtækisins og ber mikla ábyrgð. Um krefjandi starf er að ræða sem gefur öflugum aðila möguleika á að hafa áhrif á þróun ört vaxandi fyrirtækis.

**Helstu verkefni**
• Gerð og framkvæmd framleiðsluáætlana
• Innkaupastýring og vörustjórnun
• Samskipti við birgja , innlenda sem erlenda
• Birgðastaða og eftirlit með hráefnisbirgðum
• Skráning og uppbygging nýs birgða og verkbókhaldskerfis
• Tillögugerð að innkaupum
• Starfsmannahald og verkstjórn
• Gerð verkáætlana og skipulagning verkferla innan félagsins
• Innleiðing og uppbygging gæðamála

**Hæfni- og menntunarkröfur**
• Menntun í verkfræði, tæknifræði eða vélstjórn
• Farsæl stjórnunarreynsla, tengd framleiðslu
• Reynsla og þekking á gæðamálum
• Góð kunnátta í íslensku og ensku

**Eiginleikar**
• Framúrskarandi samskiptahæfileikar
• Miklir leiðtogaeiginleikar
• Góð greiningarhæfni

## Starfmaður í framleiðsludeild:

Um fjölbreytt starf er að ræða. MARTAK sinnir fjölmörgum verkefnum bæði hérlendis og erlendis. Um krefjandi starf er að ræða þar sem faglegra vinnubragða er krafist.

**Helstu verkefni**
• Framleiðsla og samsetning á framleiðslulínum félagsins
• Samskipti við viðskiptavini félagsins bæði hérlendis og erlendis
• Uppsetningar á framleiðslulínum félagsins, innan lands sem utan.

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
• Menntun í stálsmíði æskileg
• Reynsla og þekking á gæðamálum
• Fagleg, skipuleg vinnubrögð - góðir samskiptaeiginleikar
• Góð enskukunnátta

**Eiginleikar**
• Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
• Reynsla og þekking á gæðamálum æskileg
• Vönduð og fagleg vinnubrögð

## Starfmaður á renniverkstæði:

Um fjölbreytt starf er að ræða á mjög vel búnu renniverkstæði. MARTAK hefur á að skipa 5 CNC tölvustýrðum vélum, rennibekkjum og fræsivélum. Um krefjandi starf er að ræða.

**Helstu verkefni**
• Almenn vinna á renniverkstæði
• Skráning birgða í ný birgðakerfi
• Uppbygging og viðhald gæðakerfis

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
• Menntun í rennismíði eða sambærileg reynsla af CNC vélum og tækjum kostur
• Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
• Góð almenn tölvukunnátta
• Góð íslensku- og enskukunnátta

**Eiginleikar**
• Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
• Reynsla og þekking á gæðamálum æskileg
• Vönduð og fagleg vinnubrögð

Martak

**Umsóknir skal senda rafrænt á: stefan@martak.is Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá**

**>>> Martak ehf • Hafnargata 21, 240 Grindavík • s. 422 1800 • www.martak.is <<<**

EFLA

NORÐURORKA

## Drög að tillögu að matsáætlun

Norðurorka undirbýr nú mat á umhverfisáhrifum hreinsistöðar fráveitu á Akureyri. Mat á umhverfisáhrifum er unnið samkvæmt lögum nr. 106/2000 og reglugerð nr. 660/2015, en framkvæmdin er matsskyld samkvæmt tölulið 11.04 í 1. viðauka laganna.

Mati á umhverfisáhrifum er ætlað að kanna nánar umhverfisáhrif hreinsistöðvarinnar.

EFLA verkfræðistofa vinnur að mati á umhverfisáhrifum. Drög að tillögu að matsáætlun hafa nú verið lögð fram til kynningar á heimasíðum Norðurorku, *www.nordurorka.is*, og EFLU, *www.efla.is*. Frestur til athugasemda er frá 4. til 18. febrúar 2016.

Allir hafa rétt til að kynna sér drögin að tillögu að matsáætlun og leggja fram athugasemdir. Að auglýsingatíma loknum verða drögin, ásamt þeim athugasemdum sem berast, send Skipulagsstofnun til umfjöllunar.

Hægt er að koma ábendingum eða athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun til Friðriku Marteinsdóttur hjá EFLU verkfræðistofu eigi síðar en 18. febrúar 2016. Athugasemdir er hægt að senda með tölvupósti á netfangið fridrika.marteinsdottir@efla.is eða skriflega á svæðisskrifstofu EFLU Norðurlandi að Hofsbót 4, 600 Akureyri, merkt *„Hreinsistöð fráveitu. Mat á umhverfisáhrifum"*.

**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA
+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is



„Þetta hefur verið draumur minn síðan ég var lítil. Þetta er stórt skref og ég er ánægð að fá að taka það núna.

Sandra María Jessen

Sandra María er hér í leik með Þór/KA í Pepsi-deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stutt í heimsókn til ömmu í Þýskalandi

**Sandra María Jessen söðlar um og spilar með Bayer Leverkusen í þýsku úrvalsdeildinni til vors en um lánssamning er að ræða. Sandra er hálfþýsk og hlakkar til að kynnast landinu betur. Fyrirliði þýska landsliðsins spilar með liðinu.**

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is

**FÓTBOLTI** Sandra María Jessen, sóknarmaður Þórs/KA, er á leið til Þýskalands í næstu viku en hún hefur verið lánuð til þýska úrvalsdeildarfélagsins Leverkusen til loka tímabilsins.

Sandra, sem hefur afrekað að skora fimm mörk í aðeins ellefu A-landsleikjum, er 21 árs gömul og telur það góðan aldur til að prófa eitthvað nýtt eftir að hafa leikið allan sinn feril með Þór/KA.

„Þetta hefur verið draumur minn síðan ég var lítil. Þetta er stórt skref og ég er afar ánægð að fá að taka það núna,“ sagði Sandra María í samtali við Fréttablaðið í gær.

### Undir mér komið

Sandra María fór ásamt Lillý Rut Hlynsdóttur, liðsfélaga sínum, til reynslu hjá Leverkusen eftir tímabilið í Pepsi-deild kvenna í haust. Félagið hafði svo samband við Þór/KA fyrir stuttu síðan og komust þau að samkomulagi um lánssamning. Leverkusen á þó þann kost að semja við Söndru Maríu til frambúðar í vor.

„Það er þá undir mér komið með því að standa mig vel, sýna mig og sanna. Það er ekkert öruggt með það en það væri auðvitað mjög gaman að halda áfram,“ sagði Sandra María sem stefnir að því að öðrum kosti að koma heim í maí og spila með Þór/KA í sumar.

Félögin eru þó sátt um það að Sandra María fái að koma heim fyrir 15. maí svo að hún þurfi ekki að bíða eftir leikheimild með Þór/KA til 15. júlí, þó svo að tímabilinu í Þýskalandi ljúki ekki fyrr en síðar í maímánuði.

### Hlakkar til að læra meira

Sandra María lítur á þetta sem stórt tækifæri fyrir sig og ætlar að nýta tímann í Þýskalandi vel.

„Ég hlakka til að kynnast nýjum leikfræðum og að spila í svo sterkri deild sem þeirri þýsku. Það er vonandi margt sem ég get lært og tekið með mér heim til Íslands og þá nýtt mér til að hjálpa öðrum leikmönnum í Þór/KA,“ segir Sandra María en Leverkusen er sem stendur í tíunda sæti af tólf liðum í þýsku deildinni.

„Stefnan er að liðið haldi sér uppi enda mjög sterkt,“ segir hún og bætir við að Annike Krahn, fyrirliði þýska landsliðsins, leiki með Leverkusen.

### Þýskan fljót að koma

Sandra María á þýskan föður en það hefur þó alltaf verið töluð íslenska á heimili hennar. „Ég myndi því ekki segja að ég væri altalandi á þýsku en ég get reddað mér. Ég verð fljót að læra auk þess sem ég bý að því að hafa lært þýsku í menntaskóla,“ segir Sandra María sem á ömmu í Köln sem er stutt frá Leverkusen.

„Það verður stutt að fara í heimsókn til hennar sem er mjög skemmtilegt,“ segir Sandra María.

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna í körfubolta**

**Haukar - Valur 73-67**
Helena Sverrisdóttir 26 (14 frák., 5 stoðs.), Chelsie Schweers 14 - Karisma Chapman 26 (15 frák.), Bergþóra Holton Tómasdóttir 12. Haukakonur unnu síðustu 9 mínúurnar 21-7.

**Snæfell - Grindavík 75-69**
Haiden Denise Palmer 29 (12 frák.), Bryndís Guðmunsd. 9, Gunnhildur Gunnarsd.9 - Whitney Frazier 29 (17 frák.), Petrúnella Skúlad.10, Hrund Skulad. 10. Generalprufa fyrir bikarúrslitaleikinn eftir 10 daga.

**Stjarnan-Hamar 59-64**
Adrienne Godbold 21 (18 frák.), Margrét Kara Sturludóttir 13 (15 frák., 7 stoðs., 6 stolnir) - Alexandra Ford 28 Íris Ásgeirsdóttir 13. Hamar vann lokaleikhlutann 29-16.

### VALA GESTUR Á STÓRMÓTI ÍR

Stórmót ÍR verður haldið í tuttugasta sinn í Laugardalshöllinni um næstu helgi. Sérstakir heiðursgestir mótsins verða sigurvegarar í keppnisgreinum fyrsta Stórmóts ÍR árið 1997. Þar er fyrsta að nefna Völu Flosadóttur sem setti heimsmet unglinga í stangarstökki á þessu móti þegar hún stökk 4,20 metra. Vala kemur sérstaklega til landsins af þessu tilefni en hinir heiðursgestirnir eru Jón Arnar Magnússon, Þórdís Gísladóttir, Ólafur Guðmundsson og Guðný Eyþórsdóttir.



### VINNA STELPURNAR SKOTANA AFTUR Í DAG?

Íslenska sautján ára landsliðið í fótbolta spilar landsleik á sérstökum tíma í dag þegar liðið mætir Skotum í Egilshöllinni klukkan 13.00. Ásdís Karen Halldórsdóttir, Hlín Eiríksdóttir og Sólveig Jóhannesdóttir Larsen skoruðu mörkin þegar þær unnu 3-0 í leik liðanna á þriðjudaginn. Frítt er á leikinn og þetta er flott tækifæri til að sjá framtíðarleikmenn kvennalandsliðsins spila á heimavelli en það er einmitt A-landsliðsþjálfarinn Freyr Alexandersson sem þjálfar stelpurnar.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | Grótta - Fylkir | Hertz höllin |
| 19.15 | Tindast. - Njarðvík | Sauðárkr. |
| 19.15 | KR - Höttur | DHL-höllin |
| 19.15 | FSu - Haukar | Iða |
| 19.15 | Keflavík - Snæfell | TM-höllin |
| 19.15 | ÍR - Þór Þ. | Hertz Hellirinn |
| 19.30 | Haukar - Afturelding | Ásvellir |
| 19.30 | FH - Víkingur | Kaplakriki |
| 19.30 | ÍR - ÍBV | Iða |
| 20.00 | Grótta - Fram | Hertz höllin |

# Kristinn aðeins sá fimmti til að skora í fyrstu tveimur landsleikjunum

**FÓTBOLTI** Kristinn Steindórsson hefur skorað í tveimur fyrstu leikjum sínum með íslenska A-landsliðinu í fótbolta og því hafa ekki margir aðrir náð.

Kristinn setti met fyrir ári þegar hann skoraði eftir aðeins sex mínútur í sínum fyrsta A-landsleik. Tækifæri númer tvö kom ekki fyrr en í Los Angeles á sunnudaginn eða 380 dögum síðar.

Það tók Kristin aðeins þréttán mínútur að koma Íslandi í 1-0 á móti Bandaríkjunum á heimavelli Los Angeles Glalaxy. Bandaríkjamenn unnu leikinn á endanum 3-2 en Kristinn var kominn í fámennan hóp.

Kristinn er aðeins einn af fimm leikmönnum sem hafa verið á skotskónum í fyrstu tveimur landsleikjum og jafnframt sá fyrsti til að ná því í tæp nítján ár. Hinir fjórir meðlimir klúbbsins eru stofnmeðlimurinn Lárus Þór Guðmundsson auk þeirra Erlings Kristjánssonar, Guðmundar Steinssonar og Tryggva Guðmundssonar. Tryggvi var síðastur á undan Kristni að fá aðild en hann skoraði í tveimur fyrstu leikjum sínum árið 1997.

Lárus Guðmundsson var fyrstur til að skora í tveimur fyrstu landsleikjum sínum en það leið þó meira en ár á milli fyrstu landsleikja hans. Erlingur Kristjánsson skoraði þrjú mörk í tveimur leikjum á móti Færeyjum í byrjun ágúst 1982 og var annar meðlimur klúbbsins. Guðmundur Steinsson þurfti að bíða í meira en fjögur ár eftir öðrum landsleiknum.

Aron Sigurðarson skoraði í sínum fyrsta landsleik í leiknum við Bandaríkjamenn og fær því möguleika á að bætast í þennan hóp þegar hann fær næsta tækifæri með landsliðinu. – óój



Kristinn Steindórsson hefur skorað í tveimur fyrstu leikjum sínum með íslenska A-landsliðinu og hér fagnar hann marki sínu um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI

**534 1020**

**Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is**




## TIL SÖLU / LEIGU

**Bæjarlind 6 – 201 Kópavogur**
Verslunarhúsnæði
Stærð samtals 695,1 fm.
Fjögur rými stærð frá 138 - 267,9 fm.

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*

**534 1024 / 897 7086**
**hmk@jofur.is**

Til sölu gott 695,1 fm verslunar- og þjónustuhúsnæði við Bæjarlind 6 í Kópavogi. Mjög góð staðsetning og mikill sýnileiki m.a. frá Fífuhvammsvegi. Eignin skiptist í fjögur fastanúmer og eru rýmin aðskilin, stærð frá 138 - 267,9 fm. Leigutekjur á hluta húsnæðisins. 267,9 fm. laust nú þegar, 156 fm. laust eftir samkomulagi.

# EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Vaðlasel 2 109 Rvk. - Fimm svefnherbergi**




Glæsileg um 269 fm eign í tvíbýlishúsi. Eignin er á tveimur hæðum. Á neðri hæðinni er forstofa, baðherbergi og hol auk tvöfalds bílskúrs. Á efri hæðinni er hol, stórar stofur, fimm svefnherbergi, snyrting sem er innaf hjónaherbergi og baðherbergi. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 4.febrúar milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 57,9 m.** 9319

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

**ÞAÐ ER LÍKLEGRA AÐ ÞÍN EIGN VERÐI SELD EF HÚN ER Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR**

# LUNDUR
FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík
533-1616


*Karl Gunnarsson*
*lögg. fasteignasali*
*s. 898 2102*


*Kristján P. Arnarsson*
*lögg. fasteignasali*
*s. 896 1188*


*Björn Stefánssson*
*sölufulltrúi*
*s. 698 9056*


*Unnur Karen Karlsdóttir*
*lögg. fasteignasali*
*s. 848 6352*

**ÞÚ BORGAR EKKERT EF VIÐ SELJUM EKKI. HRINGDU NÚNA OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.**
**Sími 533 1616 • Þjónustusími 891 9916**
**www.lundur.is • lundur@lundur.is**

**Við erum alltaf við. Ef við erum ekki inni við - þá erum við úti við. Þjónustusíminn er 891 9916**

# JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI

**534 1020**
**Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is**



Bergsveinn Ólafsson | Sigurður J. Sigurðsson | Helgi Már Karlsson | Magnús Kristinsson | Ólafur Jóhannsson | Helgi Bjarnason

# TIL SÖLU

Allar eignir að **Héðinsgötu 1-3**, **Héðinsgötu 2** og **Köllunarklettsvegi 3-5**, með áhvílandi leigusamningum. Hægt að kaupa félagið Laugarnesbyggð ehf. eða eignirnar allar saman út úr félaginu.

**Héðinsgata 1-3**
Skráð stærð lóðar 19.431 fm
Núverandi heildarbyggingarmagn 6.377,9 fm
Núverandi deiliskipulag gerir ráð fyrir nýtingarhlutfalli 0,52 sem gerir byggingarmagn 10.104,1 fm, og því ónýtt byggingarmagn 3.726,2 fm.
Sjö leigjendur, allir samningar ótímabundnir eða renna út á miðju ári 2016.

**Héðinsgata 2**
Skráð stærð lóðar 18.583 fm
Núverandi heildarbyggingarmagn 10.389,4 fm
Núverandi deiliskipulag gerir ráð fyrir nýtingarhlutfalli 0,5 sem gerir byggingarmagn 9.291,5 fm
Fimm leigjendur, allir samningar ótímabundnir eða renna út á fyrri hluta 2016, fyrir utan einn samning sem er til ársloka 2017.

**Köllunarklettsvegur 3-5**
Skráð stærð lóðar 18.425,0 fm
Núverandi heildarbyggingarmagn: 2.460,0 fm
Núverandi deiliskipulag gerir ráð fyrir nýtingarhlutfalli 0,50 sem gerir byggingarmagn 9.212,5 fm, og því ónýtt byggingarmagn 6.752,5 fm.
Einn leigjandi, samningur rennur út 1/3/16.


Höfundarréttur Loftmyndir

**Allar nánari upplýsingar veitir:**

**Helgi Bjarnason**
Viðskiptafræðingur, MBA
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*

**534 1020 / 663 2411**
**helgi@jofur.is**

Lóðareigandi er Faxaflóahafnir. Í gildi er deiliskipulag frá 1999 en nú er í gangi forsagnarvinna vegna nýs skipulags hjá Reykjavíkurborg, Faxaflóahöfnum og lóðarhöfum og stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki fljótlega. Vonast er til að nýtt skipulag liggi fyrir og lóðir verði byggingarhæfar skv. nýju skipulagi á árinu 2018, en væntanlegur kaupandi mun stíga inn í það ferli þegar kaupsamningur hefur komist á. Það er mat seljanda að ólíklegt sé að íbúðarbyggð verði heimiluð á svæðinu.

**Samantekt:**
Skráð stærð lóða 56.439,0 fm
Skráð stærð bygginga 19.227,3 fm
Laus rými eftir 1/3/2016 verða um það bil 5.800 fm
Ónýtt byggingarmagn á Héðinsgötu 1-3 og Köllunarklettsvegi 3-5 samtals 10.478,7 fm skv. núverandi deiliskipulagi.
Ástand húsa er mjög misjafnt. Kaupandi er hvattur til að kynna sér ástand eignanna mjög vel.
**Tilboðum skal skilað inn ekki seinna en fyrir hádegi mánudaginn 15. febrúar 2016.**



Endalaust 365
ENDA
NET
1.000 KR.*
ÓTAKMARKAÐ
GAGNAMAGN
Endalaus og áhyggjulaus
Internetáskrift.
365 er hreykið af því að geta boðið upp á þessa nýung á markaðinn fyrst
fjarskiptafyrirtækja. Þú þarft ekki að setja þig inn í flókinn heim fjarskiptanna.
* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini.
**Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer.
Nánari upplýsingar á 365.is


LAUST
GSM
2.990 KR.**
ÓTAKMARKAÐ TAL,
SMS OG NÚ Í FYRSTA
SINN ÓTAKMARKAÐ
GAGNAMAGN
Þú getur hringt, sent sms og vafrað um
á netinu innanlands áhyggjulaust.
Settu þig í samband og fáðu Endalaust 365
1817
365.is
365



Okkar elskulegi faðir,

**Daníel Pétursson**

flugstjóri, áður til heimilis að Sunnuflöt 32, Garðabæ, Hraunvangi 3, Hafnarfirði,

lést fimmtudaginn 21. janúar. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til alls starfsfólks Landakots á deild K2 fyrir einstaka umönnun.

**María Sigríður Daníelsdóttir** **Sigurður Jónsson**
**Pétur Daníelsson** **Sigrún Ósk Ólafsdóttir**
**Þóra Hrönn Daníelsdóttir** **Patrik Ahmed**
**og barnabörn.**



Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

**Hólmkell Ögmundsson**

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi, sunnudaginn 31. janúar síðastliðinn. Útför fer fram frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 6. febrúar kl. 11.00.

**Aðstandendur**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragna G. Ágústsdóttir**

lífeindafræðingur, Gullsmára 7, Kópavogi,

lést mánudaginn 1. febrúar síðastliðinn.

Útförin verður auglýst síðar.

**Elísabet Kristbergsdóttir** **Guðmundur Hjaltason**
**Halldóra Kristbergsdóttir**
**Magnús Kristbergsson** **Helena Bjarman**
**ömmubörn og langömmubörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhann Þorsteinsson**

frá Litlu Hlíð,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð mánudaginn 25. janúar sl. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 5. febrúar kl. 13.00. Þökkum starfsfólki Sunnuhlíðar góða umönnun.

**Sigurður Barði Jóhannsson** **Valgerður Vésteinsdóttir**
**Steingerður Jóhannsdóttir** **Árni B. Emanúelsson**
**Áróra Jóhannsdóttir**
**Friðþjófur Jóhannsson** **Áslaug Ó. Kolbeinsdóttir**
**Júlíus Ragnar Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar heittelskaða eiginkona, móðir, amma og tengdamamma,

**Ragnhildur Magnúsdóttir**

Skógarseli 43, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 28. janúar sl. Útförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 5. febrúar kl. 13.00.

**Jóhann Steinsson**
**Erla Jóhannsdóttir** **Pétur Guðmundarson**
**Steinn Jóhannsson** **Berglind Ósk Ólafsdóttir**
**María Jóhannsdóttir** **Bjarki Már Hinriksson**
**og barnabörnin Alexandra, Ólafur Jóhann, Ísak, Patrik, Andri Már, Jóhann Berg og Rakel**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Kristjón er búinn að skrifa nokkrar bækur og stefnir á þá braut síðar. Fjölmiðlabransinn hefur átt hug hans síðustu ár en hann lítur á það sem hluta af rithöfundarferlinum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vil ekki styggja mömmu

**Kristjón Kormákur Guðjónsson, ritstjóri Pressunnar og DV.is, er fertugur í dag og tilfinningarnar eru blendnar. Kvöldið lofar góðu því tilvonandi forseti boðar hann í heimsókn.**

„Undanfarið hef ég óspart reynt að sannfæra sjálfan mig um að aldur sé bara tala en eftir því sem nær dregur hinni stóru stund hefur fjarað mjög undan þeirri sannfæringu,“ segir Kristjón Kormákur Guðjónsson, ritstjóri Pressunnar og DV.is, um fertugsafmælið í dag. Honum finnst erfitt að verða miðaldra – finnur samt engan mun. „Ég er ekki farinn að hækka í sjónvarpinu og heldur ekki kominn með vatnsglas á náttborðið,“ huggar hann sig við og vippar sér í alvarlegri gír.

„Að öllu gamni slepptu þá eigum við að vera þakklát fyrir hvern dag sem við fáum að taka þátt í þessu samkvæmi og njóta stundanna með fjölskyldu og vinum.“

Kristjón býst við að drjúgur tími dagsins fari í að svara símtölum og kveðjum. Hann lýkur miklu lofsorði á samstarfsfólkið en kveðst þó munu beita sér fyrir því að þeir sem segi brandara á hans kostnað innan fyrirtækisins í dag verði umsvifalaust reknir. Þeir sem hrósa honum fyrir unglegt útlit gætu hins vegar átt von á stöðuhækkun síðar á árinu.

Í kvöld er móðir hans, Elísabet Jökulsdóttir, búin að bjóða honum í mat. „Það er ekki hægt að skorast undan því þegar tilvonandi forseti boðar mann í heimsókn. Ég vil heldur ekki styggja mömmu ef hún skyldi vinna þessar kosningar svo mér verði nú boðið á Bessastaði reglulega,“ segir Kristjón sem stefnir á að bjóða sínum nánustu í gott partí síðar í vetur. „Svo treysti ég því að þú veljir unglegustu myndina af mér. Ég hótaði ljósmyndaranum mjög mikið, þú skalt ekki verða hissa þó hann komi dálítið bældur til baka.“ **gun@frettabladid.is**



Þökkum auðsýnda samúð við andlát móður okkar,

**Jónínu Ásgeirsdóttur Kaaber**

**Guðrún Elín, Ásgeir, Eva, Kári og Birgir Kaaber og fjölskyldur.**



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og vinur,

**Páll G. Björnsson**

framkvæmdastjóri, Nestúni 13, Hellu,

lést á Sjúkrahúsi Selfoss 2. febrúar.

**Ragnar Pálsson** **Guðrún Dröfn Ragnarsdóttir**
**Ragnar Páll, Ásgerður og Þorgerður**
**Stefán Smári, Álfheiður Fanney og Ásrún Ásta**
**Þórný Þórarinsdóttir**



**Viðar Daníelsson**

byggingameistari

verður jarðsunginn frá Lindakirkju, Kópavogi, föstudaginn 5. febrúar kl. 13.

**Aðstandendur**



Innilegar þakkir fyrir veittan stuðning vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns,

**Jóns Halldórs Olsen Björnssonar**

Hringbraut 63, Keflavík.

Sérstakar þakkir fá MND teymi LSH, Nesvellir dagdvöl, Kobbi fyrir einstaka tryggð, Rikki hjá Útfararþjónustu Suðurnesja, yfirmenn og starfsfólk Byko Breidd, fyrir einstakan hlýhug og stuðning í þessari erfiðu baráttu og allir þeir sem heimsóttu hann í veikindum hans.

**Hanna Ingimundardóttir**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragnhildur Helgadóttir**

fyrrverandi alþingismaður og ráðherra,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 29. janúar. Hún verður jarðsungin frá Neskirkju við Hagatorg mánudaginn 8. febrúar kl. 15. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Ástusjóð (banki 301-13-302339, kt. 630714-0440) og minningarsjóði Landspítalans.

**Þórunn Þórsdóttir**
**Kristín Þórsdóttir og Þórir Óskarsson**
**Inga Þórsdóttir og Stefán Einarsson**
**Helgi Þórsson og Guðrún Eyjólfsdóttir**
**barnabörn og börn þeirra.**


netto
markhönnun ehf
SALTKJÖT
FRÁ 199KR/KG
Saltkjöt og baunir, túkall!
FRÁBÆR VERÐ
SALTKJÖT SÍÐUBITAR
VALIÐ SALTKJÖT
SALTKJÖT BLANDAÐ
SALTKJÖT ÓDÝRT


... Bolla, bolla, bolla
MIKIÐ ÚRVAL
FYRIR BOLLUDAGINN
MEGGLE
Creme Patisserie
31% AFSLÁTTUR
MEGGLE JURTARJÓMI
SPRAUTU 250ML
Verð áður: 289 kr
Tilboðsverð: 199 kr
nutella
FERRERO
coop

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Vaxandi austanátt í dag og bætir í ofankomu, 15-28 m/s síðdegis, hvassast sunnan- og vestan til, talsverð snjókoma, en slydda eða rigning við suðurströndina. Hægari vindur og úrkomuminna norðaustan til fram eftir kvöldi. Frost 0 til 5 stig, en hlánar sunnan til. Talsverð eða mikil snjókoma suðaustan og austan til í kvöld, en slydda eða rigning á láglendi í nótt.

### Föstudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | -2° | ←12 |
| Ísafjörður | -2° | ↙19 |
| Akureyri | -9° | ↗9 |
| Egilsstaðir | -8° | ↑7 |
| Kirkjubæjarkl. | -3° | ↙9 |
| Hveravellir | -10° | ↖8 |

### Laugardagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1° | ←7 |
| Ísafjörður | -1° | ↙15 |
| Akureyri | -3° | ←10 |
| Egilsstaðir | -0° | ←9 |
| Kirkjubæjarkl. | 1° | ↖10 |
| Hveravellir | -2° | ↖15 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. tilraunaupptaka
6. kraðak
8. viðmót
9. duft
11. í röð
12. húrra
14. virki
16. átt
17. veiðarfæri
18. málmur
20. bókstafur
21. innyfla

**LÓÐRÉTT**
1. magi
3. hvort
4. olíusósa
5. þrá
7. sérgrein
10. yfirbreiðsla
13. of lítið
15. baklaf á flík
16. andmæli
19. tveir eins



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. demó, 6. ös, 8. fas, 9. mél, 11. jk, 12. bravó, 14. skans, 16. nv, 17. net, 18. eir, 20. sé, 21. iðra.
**LÓÐRÉTT:** 1. vömb, 3. ef, 4. majónes, 5. ósk, 7. sérsvið, 10. lak, 13. van, 15. stél, 16. nei, 19. rr.

### Skák Gunnar Björnsson

Indverski stórmeistarinn Gopal (2.525) fann einkar laglega vinningsleið gegn David Howell (2.685) á Gíbraltar-mótinu.

**Hvítur á leik**

**45. Dc1!! Dxc1 46. Hxf8+ Kh7 4. Hxf7+ Kh8 48. Rxg6+ Kg8 49. Hg7#.** Gríðarlega smekkleg vinningsleið. Fimm skákmenn eru efstir og jafnir fyrir lokaumferðina sem fram fer í dag.

**www.skak.is:** Lokastaðan í Gíbraltar








## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 7 | | 6 | | | | 3 |
| | 1 | 3 | 4 | 8 | | 5 | | |
| 8 | 9 | | | | | 1 | 4 | |
| | | | 8 | | 2 | 3 | | |
| | 6 | 8 | | 3 | | | | 2 |
| 2 | | | 5 | | | 8 | | 1 |
| 1 | 7 | | | 4 | | | | 9 |
| | | 6 | | | | | | 8 |
| | | | 7 | | 3 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 8 | 1 | | | 9 | 3 |
| | | | 5 | 9 | | | | |
| 4 | | 1 | 2 | | | | | 6 |
| | | | | 2 | 9 | 4 | | 1 |
| 8 | 2 | 4 | | 7 | | | | |
| | | | | | | | 7 | |
| | 7 | 9 | | | 2 | | 1 | 4 |
| | | 6 | | | | 7 | | |
| 2 | | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 1 | | | | | 4 |
| | | | | 5 | 7 | 6 | 8 | |
| 1 | | | | | 8 | | 2 | 3 |
| | 9 | | 7 | | | | | 5 |
| | | | | | | | 3 | |
| | 5 | | | 3 | | | 7 | |
| | 2 | | | | | 5 | | |
| | 3 | 7 | | 8 | | | | |
| 9 | 6 | | | | 1 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 8 | 2 | 9 | 3 | 1 | 6 | 4 |
| 1 | 9 | 3 | 6 | 8 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 6 | 4 | 2 | 5 | 7 | 1 | 3 | 8 | 9 |
| 9 | 7 | 5 | 3 | 1 | 2 | 6 | 4 | 8 |
| 3 | 6 | 1 | 7 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 3 |
| 2 | 8 | 6 | 4 | 3 | 7 | 9 | 5 | 1 |
| 4 | 3 | 9 | 1 | 6 | 5 | 8 | 7 | 2 |
| 5 | 1 | 7 | 8 | 2 | 9 | 4 | 3 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 3 | 4 | 1 | 5 | 7 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 1 | 2 | 3 | 6 | 9 | 4 | 8 |
| 6 | 2 | 4 | 7 | 9 | 8 | 1 | 5 | 3 |
| 3 | 1 | 6 | 8 | 4 | 2 | 5 | 9 | 7 |
| 9 | 4 | 8 | 5 | 7 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 5 | 7 | 2 | 9 | 6 | 1 | 3 | 8 | 4 |
| 4 | 3 | 5 | 6 | 2 | 9 | 8 | 7 | 1 |
| 1 | 8 | 7 | 3 | 5 | 4 | 2 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 9 | 1 | 8 | 7 | 4 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 2 | 6 | 7 | 3 | 8 | 1 | 4 |
| 1 | 7 | 8 | 2 | 5 | 4 | 3 | 6 | 9 |
| 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 5 | 2 | 7 |
| 4 | 6 | 7 | 3 | 8 | 2 | 9 | 5 | 1 |
| 8 | 3 | 5 | 9 | 1 | 7 | 6 | 4 | 2 |
| 2 | 9 | 1 | 4 | 6 | 5 | 7 | 8 | 3 |
| 5 | 2 | 3 | 7 | 4 | 8 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 5 | 3 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 6 | 4 | 3 | 5 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
THE BOY
THE REVENANT
RIDE ALONG 2
THE HATEFUL EIGHT
SISTERS
NONNI NORÐURSINS

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
| --- | --- |
| THE BOY | 8, 10:10 |
| THE REVENANT | 5:50, 9 |
| RIDE ALONG 2 | 5:50 |
| NONNI NORÐURSINS | 5:50 ÍSL.TAL |
| THE HATEFUL EIGHT | 10:30 |
| SISTERS | 8 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG
Robert De Niro Zac Efron
Dirty Grandpa
Frábær grínmynd frá þeim sömu og færðu okkur BORAT
CREED
ÓSKARSTILNEFNING
Besti leikari í aukahlutverki - Sylvester Stallone
5 ÓSKARSTILNEFNINGAR
THE BIG SHORT
NEW YORK TIMES
5 ÓSKARSTILNEFNINGAR
Þökkum frábærar viðtökur
Yfir 80.000 manns
STAR WARS
Frábær teiknimynd fyrir alla fjölskylduna
Úbbs! Nói er farinn...
Sýnd með íslensku tali
DADDY'S HOME

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
| --- | --- |
| DIRTY GRANDPA | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| DIRTY GRANDPA VIP | KL. 8 - 10:20 |
| CREED | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSLTAL | KL. 6 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 - 10:20 |
| POINT BREAK | KL. 10:10 |
| STAR WARS 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| STAR WARS 2D | KL. 7 |
| STAR WARS 2D VIP | KL. 5:15 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D | KL. 5 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
| --- | --- |
| DIRTY GRANDPA | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| CREED | KL. 10:10 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSLTAL | KL. 6 |
| THE BIG SHORT | KL. 5:20 - 8 - 10:45 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
| --- | --- |
| DIRTY GRANDPA | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| CREED | KL. 8 - 10:40 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSLTAL | KL. 5:10 |
| THE BIG SHORT | KL. 8 |
| DADDY'S HOME | KL. 5:50 |
| STAR WARS 2D | KL. 5:10 - 10:10 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
| --- | --- |
| DIRTY GRANDPA | KL. 8 - 10:20 |
| CREED | KL. 10:20 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
| --- | --- |
| DIRTY GRANDPA | KL. 8 - 10:20 |
| CREED | KL. 10:20 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSLTAL | KL. 5:50 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 |
| STAR WARS 3D | KL. 5:15 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
6 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
SPOTLIGHT
LA TRAVIATA
Fleiri myndir í sýningu á emidi.is
THE 5TH WAVE
12 ÓSKARS TILNEFNINGAR
THE REVENANT
5 ÓSKARSTILNEFNINGAR
THE HATEFUL EIGHT
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

## 4. FEBRÚAR 2016

### Leiðsögn

**Hvað?** Leiðsögn um sýningar Jóns Laxdal Halldórssonar og Jónborgar Sigurðardóttur
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Hlynur Hallsson mun leiða leiðsögnina um sýningarnar sem bera heitin ... úr rústum og rusli tímans og Völundarhús plastsins en auk Hlyns tekur Jonna á móti gestunum. Aðgangur ókeypis.

### Listasýningar

**Hvað?** Opnun listasýningarinnar KONA
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallery O, hjá Orange Project í Ármúla 4-6.

**Hvað:** Opnun listasýning „KONA“
Málverk eftir Gunnar Gunnarsson, skúlptúrar eftir Finnbogi Gunnlaugsson og að auki frumsamin tónlist eftir Finnboga með raftónlistarmanninum Jakob Reyni. Allir velkomnir á opnunina, sem og sýninguna sem verður opin alla virka daga frá klukkan 9.00-17.00.

**Hvað?** Ljósmyndasýning
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Coocoo's Nest
Brynja Bjarnadóttir stendur fyrir ljósmyndasýningu, sem verður opnuð í dag. Myndirnar eru teknar á Kúbu, en hún ferðaðist þangað með filmuvélina sína. Eru myndirnar prentaðar á gömul lök og rammarnir úr gömlu timbri. Sýningin stendur út febrúarmánuð. Aðgangur ókeypis.

### Önnur afþreying

**Hvað?** Félagsvist á vegum Rangæinga- og Skaftfellingafélagsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salur Skaftfellingafélagsins, Laugavegi 178 , 4. hæð
Mikið verður um dýrðir þegar blásið verður til félagsvistar í kvöld. Vegleg verðlaun eru í boði og kaffiveitingar á boðstólum. Allir hjartanlega velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Opnunarkvöld Vetrarhátíðar
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Við Hörpu
Vetrarhátíð verður sett með afhjúpun verksins Slettireku, við Hörpu. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri setur hátíðina. Á opnunarkvöldinu verður ljósahjúp Hörpu breytt í risastóran gagnvirkan striga sem almenningur getur myndskreytt með sýndarmálningu. Einnig verður blásið til snjóbrettapartís. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

### Fyrirlestrar og erindi

**Hvað?** Bragur og breytingar, Kolbeinn og himnasmiðurinn
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Askja, stofa 132
Í fyrirlestrinum, sem Guðrún Þórhallsdóttir, dósent í íslenskri málfræði við Hugvísindasvið Háskóla Íslands, mun flytja, verður fjallað um gildi kveðskapar sem heimildar um íslenskt mál að fornu og málbreytingar á fyrstu öldum ritaldar á Íslandi. Tekið verður dæmi af skáldinu Kolbeini Tumasyni og kveðskap hans, ekki síst sálminum Heyr, himna smiður, kvæði sem sker sig úr bæði efnisins vegna og bragarháttarins. Allir velkomnir.


Grammy-verðlaunahafinn Paul Brown verður á Café Rosenberg í kvöld.

**Hvað?** Hönnuðir hittast á Einari Ben
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Einar Ben, Veltusundi
Opnir fræðslu- og spjallfundir sem snúast að miklu leyti um HönnunarMars og sitthvað hagnýtt sem tengist þátttöku í hátíðinni. Í dag verður boðið upp á spurningar og svör með HönnunarMars teyminu. Hönnuðir og arkitektar sérstaklega hvattir til að kíkja við. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Skapandi greinar – ný mjólkurkýr?
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Nauthóll
Félag atvinnurekenda efnir til opins fundar á undan aðalfundi félagsins. Yfirskrift fundarins er „Skapandi greinar – ný mjólkurkýr?“ og verður þar fjallað um vaxandi verðmætasköpun listgreina á borð við kvikmyndagerð, tónlist og hönnun og framlag þeirra til útflutningstekna og hagvaxtar. Taka til máls þau Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra, Guðný Guðjónsdóttir, forstjóri Sagafilm, Sigtryggur Baldursson, framkvæmdastjóri Útón, og Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður. Hanna Friðriksson, framkvæmdastjóri hjá Icepharma, sér um fundarstjórn. Fundurinn er öllum opinn meðan húsrúm leyfir.


Verkið Old Bessastaðir verður frumsýnt í kvöld, en ekki í gær líkt og Fréttablaðið greindi frá. Hér með er það leiðrétt.

**Hvað?** Heimilið er hægfara atburður. Þjóðfræðileg greining á Stúdentagörðunum
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Safnahúsið, Hverfisgötu
Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir tekur að sér að flytja næsta fyrirlestur í mánaðarlegri fyrirlestraröð Félags þjóðfræðinga á Íslandi. Sigrún er með MA-próf í þjóðfræði, og segir hún gestum frá MA-ritgerð sinni, sem ber sama titil og fyrirlesturinn. Allir velkomnir.

**Hvað?** Frontex og landamærastjórn
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Berndt Körner, varaforstjóri Frontex, Landamærastofnunar Evrópu, verður ræðumaður á hádegisfundi Varðbergs í dag. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

### Tónlist

**Hvað?** Paul Brown og hljómsveit
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Grammy-verðlaunahafinn, gítarleikarinn og upptökustjórinn Paul Brown leikur á tónleikum í kvöld. Aðeins er um að ræða þessa einu tónleika kappans á landinu, en hann hefur að auki fengið Jack Magnet og Friðrik Karlsson til liðs við sig. Aðgangseyrir 2.500 krónur.

**Hvað?** Hádegistónleikar Hönnu Þóru og Birgis
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Hanna Þóra Guðbrandsdóttir sópran og Birgir Þórisson píanóleikari flytja fjölbreytta dagskrá á ljúfum nótum í hádeginu í dag. Flutt verða Verk eftir Edvard Grieg, Kurt Weill, Jón Múla Árnason og fleiri. Tónleikarnir taka um hálfa klukkustund og aðgangseyrir er 1.500 krónur. Ekki er tekið við greiðslukortum.

**Hvað?** Opið hús með Dj Julie
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Samtökin 78, Suðurgötu 3
Opið hús í dag, þegar DJ Julie mun leika fyrir gesti hinsegin tóna. Kjörinn vettvangur til að koma saman og kynnast fólki. Allir velkomnir.

**Hvað?** Moses Hightower
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex Hostel
Hljómsveitin Moses Hightower hefur fyrir löngu heillað landsmenn með huggulegum tónum. Bandið mun í kvöld ylja gestum Kex Hostels. Aðgangur ókeypis.

### Leiksýningar

**Hvað?** Frumsýning Old Bessastaðir
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Old Bessastaðir er nýtt leikverk eftir Sölku Guðmundsdóttur í uppfærslu Sokkabandsins, þar sem þær Arndís Hrönn Egilsdóttir, Elma Lísa Gunnarsdóttir og María Heba Þorkelsdóttir standa á sviðinu í kvöld og frumsýna verkið í leikstjórn Mörtu Nordal. Miðasala á midi.is.

BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
| --- | --- |
| Youth | 17:30 |
| 45 years | 18:00 |
| Rams / Hrútar ENG SUB | 18:00 |
| Njósnir, lygar og fjölskyldubönd ENG SUB | 20:00 |
| Joy | 20:00 |
| Sparrows / Þrestir ENG SUB | 20:00 |
| Marguerite | 22:00 |
| A Perfect day | 22:30 |
| Virgin mountain / Fúsi ENG SUB | 22:00 |

BLAST

# Ævintýralegur dans



Óður og Flexa halda afmæli er langþráð og skemmtileg danssýning fyir börn á öllum aldri.

**DANS**

**Óður og Flexa halda afmæli**
★★★★★

**Hannes Þór Egilsson og Þyri Huld Árnadóttir**

**Leikstjóri:** Pétur Ármannsson
**Ljósahönnuður:** Jóhann Friðrik Ágústsson
**Hljóðmynd:** Baldvin Magnússon
**Sviðsmynd og búningar:** Júlíanna Lára Steingrímsdóttir
**Dansarar:** Ásgeir Helgi Magnússon, Cameron Corbett, Ellen Margrét Bæhrenz, Hannes Þór Egilsson og Þyri Huld Árnadóttir

Óður og Flexa halda afmæli er framhald af verkinu Óður og Flexa reyna að fljúga, sem Þyri Huld og Hannes Þór sýndu á sviðslistahátíðinni ASSITEJ árið 2014. Nú fá þau til liðs við sig þrjá dansara Íslenska dansflokksins: Cameron Corbett, sem er í hlutverki sögumannsins með látbragðsleik og Ásgeir Helga og Ellen Margréti sem eru í hlutverki „prumpuskrímslanna“.

Óður og Flexa eru krakkar með feikilega ríkt hugmyndaflug og ótrúlega líkamlega tilburði. Þau virðist vera venjulegir krakkar en breytast svo í ofurhetjur sem geta allt. Hvort það er í eigin hugarheimi eða í raunveruleikanum sjálfum skal ósagt látið. Verkið fléttar saman danslist, látbragð og sjónhverfingar.

Pétur Ármannsson leikstýrir verkinu og tekst honum einkar vel upp við að halda góðum takti, breytingum og óvæntum snúningum í gegnum allt verkið. Sérstaklega má þar nefna síðasta atriði verksins þar sem trúðahúmor skín skýrt í gegn.

Mikill hlátur var meðal áhorfenda sem spönnuðu mjög breiðan aldurshóp, allt frá eins árs börnum til fullorðinna sem allir virtust skemmta sér konunglega.

Leikmyndin eftir Júlíönnu Láru er mjög snjöll og þótt hlutirnir virðist hversdagslegir búa þeir yfir töfrum sem flytja áhorfendur í ný rými/víddir. Búningarnir eru einnig sérlega skondnir og margþættir. Þeir öðlast svo sitt eigið líf þar sem þeir vakna bókstaflega til lífsins og dansa um sviðið með ævintýralegum hætti.

Verkið studdist við klassíska tónlist, m.a. eftir Johann Strauss, Wagner og Tsjajkovskí, sem léði verkinu yfirbragð klassísks gríns eða trúðaleiks eins og mætti kalla það.

Hljóðmyndin eftir Baldvin Magnússon var mjög skondin og þá má sérstaklega nefna þegar prumpuskrímslin eru kynnt til sögunnar með viðeigandi hljóðum.

> **ÓÐUR OG FLEXA ERU KRAKKAR MEÐ FEIKILEGA RÍKT HUGMYNDAFLUG OG ÓTRÚLEGA LÍKAMLEGA TILBURÐI.**

Allir dansarar stóðu sig með stakri prýði og héldu uppi orku, húmor og leikrænum tilburðum í gegnum allt verkið. Einnig má hrósa lengd verksins. Hnitmiðaðar 40 mínútur reyndust einstaklega heppileg lengd fyrir barnaverk af þessu tagi. Þessar mínútur voru stútfullar og aldrei mátti finna orkuna falla. **Kara Hergils Valdimarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Vel unnið barnaverk þar sem hugmyndin, útfærslan og umgjörðin voru til fyrirmyndar.




Bráðfyndið barnaverk sýnt alla laugardaga og sunnudaga kl. 13:00 í febrúar í Borgarleikhúsinu

Miðaverð 2.500 kr.
Tryggðu þér miða á www.id.is eða í miðasölu Borgarleikhússins í síma 568 8000

# Segir margt með fáum tónum

**TÓNLIST**

**Kammertónleikar**
★★★☆☆

**Caput hópurinn**

Verk eftir Svein Lúðvík Björnsson, Hallvarð Ásgeirsson, Guðmund Stein Gunnarsson, Þráin Hjálmarsson og Gunnar Karel Másson.
**Norðurljós í Hörpu**
Föstudaginn 29. janúar



Sveinn Lúðvík Björnsson FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sveinn Lúðvík Björnsson er vaxandi tónskáld. Skemmst er að minnast einstaklega hrífandi klarinettukonserts eftir hann sem var frumfluttur á Sinfóníutónleikum í fyrra. Hann kann þá list að segja margt með fáum tónum, einföldum hendingum og markvissum endurtekningum.

Verk sem bar nafnið Dropakast og var frumflutt á tónleikum Caput hópsins á Myrkum músíkdögum olli ekki vonbrigðum. Tónsmíðin var í sex köflum. Hún var eins konar konsert þar sem einleikarinn var slagverksleikarinn Steef van Oosterhout en hljómsveitin eingöngu fjórir blásarar. Andrúmsloftið var grípandi. Ýmist var tónlistin svo innhverf að hún heyrðist varla, eða þá alsett vélrænum, hvössum, síendurteknum tónum. Þessi mikla breidd í skáldskapnum var mögnuð; útkoman var dásamlega margræð.

Samspil einleikarans og blásaranna var litríkt. Stundum var blásturinn kröftugur, eða bara andvarp. En hann rammaði ávallt einleikinn inn á athyglisverðan hátt og lyfti honum upp í hæstu hæðir. Einleikurinn sjálfur var pottþéttur, taktfastur og akkúrat, en líka fínlega mótaður.

Infernal Oscillation eftir Hallvarð Ásgeirsson kom ekki eins vel út. Tónlistin sjálf var þó eftirtektarverð, en hún leið fyrir slakan flutning. Þar bar mest á samspili bassaklarinettu og sellós, sem var oft ónákvæmt. Útkoman missti óneitanlega marks.

Mun verra var þó Erfiljóð handa Guðmundi eftir Guðmund Stein Gunnarsson. Tónlistin var afskaplega fráhrindandi, hún hljómaði helst eins og almannavarnaflauta. Það var ófagurt.

Influence of Buildings on Musical Tone fyrir sex hljóðfæraleikara eftir Þráin Hjálmarsson var hins vegar spennandi. Í tónleikaskránni var sagt að verkið væri „óður til hljómburðar torfhúsa sem voru algengustu hljóðvistarrými Íslendinga um aldir“. Tónlistin samanstóð sumpart af þruski og óljósum tónum sem var raðað upp á smekklegan máta. Heildarmyndin var þrungin stemningu og fallegum blæbrigðum sem voru heillandi.

Einleikskonsert fyrir túbu og sinfóníettu (stóra kammersveit) eftir Gunnar Karel Másson var líka dálítið spúkí. Túban er ákaflega gróft hljóðfæri og tónlistin var groddaleg, bæði einleikurinn og hljómsveitarspilið. Framvindan var einbeitt og tónmálið blátt áfram. Einleikarinn Nimrod Ron lék af festu og öryggi, og hljómsveitin var með allt sitt á hreinu. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Megnið var gott, sumt frábært, annað ekki.

# LÉTTUSTU FERÐA TÖSKURNAR

## 25% VILDAR AFSLÁTTUR



**Ferðataska - IT luggage**
**55 cm, 4 hjól.**
VILDARVERÐ: 13.499.-
Verð: 17.999.-

**Ferðataska - IT luggage**
**65 cm, 4 hjól.**
VILDARVERÐ: 14.999.-
Verð: 19.999.-

**Ferðataska - IT luggage**
**74 cm, 4 hjól.**
VILDARVERÐ: 17.249.-
Verð: 22.999.-

**Ferðataska - IT luggage**
**83 cm, 4 hjól.**
VILDARVERÐ: 18.749.-
Verð: 24.999.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

NÝJIR LITIR!





## EKKI MISSA AF GÓÐUM KAUPUM!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildia til og með 7. febrúar. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# BÍÓ


Njósnir, lygar og fjölskyldubönd er bæði ágætis sögukennsla og áhugaverð fjölskyldusaga, en rannsóknarhlutinn er ekki eins vel heppnaður.

# Njósnir, lygar og fjölskyldubönd: Hrífandi saga í þokkalegum umbúðum

**KVIKMYNDIR**

★★★☆☆

**Leikstjóri:** Helgi Felixson
**Framleiðendur:** Helgi Felixson og Titti Johnson
**Klipping:** Titti Johnson
**Tónlist:** Emil Brandqvist
**Kvikmyndataka:** Helgi Felixson

Njósnir, lygar og fjölskyldubönd, eða Spies, Lies and Family Ties eins og hún hefur verið svo skemmtilega þýdd á ensku, er nýjasta heimildamynd leikstjórans Helga Felixsonar. Hann segir hér mjög persónulega sögu af afa sínum og ömmu sem urðu fyrir því að vera handtekin af breska hernum á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar fyrir að taka þátt í að hylma yfir með þýskum njósnara. Þetta er allt hið furðulegasta mál og er myndin í senn rannsókn á þessu máli hjá Helga og skoðun á sögu fjölskyldu hans, sem fléttast saman við tvær heimsstyrjaldir og dreifist á milli þriggja landa.

Hér er sannarlega á ferðinni hrífandi viðfangsefni og Helga tekst nokkuð vel að setja þessa sérstöku atburði úr sögu fjölskyldu sinnar í samhengi. Fyrri hluti myndarinnar kafar ágætlega ofan í ævi afa hans og ömmu, en amma hans var þýsk. Þau kynntust í New York og fluttu síðan til Ísafjarðar þar sem þau settust að. Hér er gefin góð tilfinning fyrir bæði stað og stund og Helgi fyllir myndina af skemmtilegu og lifandi myndefni af lífinu á Ísafirði á millistríðsárunum.

Þessi mynd er bæði ágætis sögukennsla og áhugaverð fjölskyldusaga, en rannsóknarhluti myndarinnar er ekki alveg jafn vel heppnaður. Vissulega er gefin góð mynd af atburðunum sem hentu fólkið og auðvitað er ekki hægt að svara öllum spurningunum en það hefði vel mátt kafa dýpra í suma hluti. Sem dæmi er minna en þriðjungur eftir af myndinni þegar loksins kemur að sjálfri handtökunni og það sem henni fylgdi og hefði vel mátt skoða það betur. T.d. kemur aldrei skýrt fram hversu lengi þau sátu inni og ekki farið mjög ýtarlega út í hvernig sjálf fangelsisdvölin var.

Stíll myndarinnar og frásagnarmáti eru tiltölulega hefðbundin en hún er þó mjög vel klippt og samansett og flæðir ágætlega, heldur manni við efnið og verður sjaldan langdregin en þó svolítið endurtekningarsöm á köflum. Þá er tónlistin í myndinni flott og hljóðvinnslan að mestu góð. Aftur á móti er myndatakan ekki sérlega vönduð í nýju viðtölunum sem voru tekin upp fyrir myndina, bæði eru þau illa lýst og greinilega ekki tekin upp í háskerpu eins og gert er með allar myndir í dag. Það er eitthvað skrítið að sjá nýja heimildamynd þar sem gamalt efni í myndinni er oft í betri gæðum en glænýja efnið.

Helgi er sjálfur sögumaður í myndinni og greinilega ekki vanur sögumaður, röddin er frekar eintóna og takturinn skrítinn, en það er skiljanlegt að hann hafi sjálfur viljað segja þessa persónulegu sögu og á endanum venst röddin hans.

Í stuttu máli má segja að hér sé á ferðinni ágætis mynd til að sjá á RÚV á sunnudagskvöldi.

**Atli Sigurjónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Hrífandi saga, sögð á frekar hefðbundinn hátt. Kvikmyndagerðin hefur sína galla en er að mestu ágæt og myndin heldur manni við efnið.

## Frumsýningar



ALVIN OG ÍKORNARNIR, ÆVINTÝRIÐ MIKLA
Fjölskyldumynd
Aðalhlutverk: Orri Huginn Ágústsson, Björgvin Franz Gíslason og Ólafur Sk. Þorvaldz
IMDb 4,1/10
Rotten Tomatoes 55%
Frumsýnd: 5. febrúar



CONCUSSIONS
Drama
Aðalhlutverk: Will Smith, Alec Baldwin og Albert Brooks
IMDb 7,1/10
Rotten Tomatoes 77%
Frumsýnd: 5. febrúar



13 HOURS: THE SECRET SOLDIERS OF BENGHAZI
Drama og hasar
Aðalhlutverk: John Krasinski, Pablo Schreiber og James Badge Dale
IMDb 7,6/10
Rotten Tomatoes 87%
Frumsýnd: 5. febrúar






HTH

# Leikum saman





- Eldhúsinnréttingar
- Baðinnréttingar
- Þvottahúsinnréttingar
- Fataskápar

**HTH** er leiðandi framleiðandi eldhússinnréttinga. Samspil fágaðrar hönnunar og einstakra gæða einkenna **HTH** innréttingarnar enda er dönsk hönnun mikils metin og danskt handverk eftirsótt um heim allan.

Hönnuðir okkar vinna með þínar hugmyndir og óskir, teikna tillögur að draumaeldhúsinu og gera þér frábært tilboð.
**Þannig leikum við saman.**

**20% afsláttur af hágæða AEG eldhústækjum með kaupum á HTH innréttingum.**

**Opið mánudaga - föstudaga kl. 10-18**
**og á laugardögum kl. 11-15.**
**Alltaf opið á Ormsson.is**

ORMSSON

Lágmúla 8 • Reykjavík • 2. hæð
símar 530 2818 / 530 2819 / 530 2820 / 530 2821

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur




2 | 19:25
**MATARGLEÐI EVU**
Það er bolludagsþema hjá Evu Laufeyju. Fiskibollurnar hennar ömmu, ítalskar kjötbollur á pastabeði og dásamlegar Berlínarbollur með sultu og rjóma.

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



2 | 19:50
**JAMIE'S SUPER FOODS**
Í þessum skemmtilegu þáttum ferðast Jamie Oliver víða um heim til að komast að leyndarmáli þeirra sem lifa lengur.



2 | 20:35
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.




2 | 21:20
**BLACKLIST**
Við höldum áfram að fylgjast með James Spader í hlutverki Raymonds Reddington í þessum mögnuðu spennuþáttum.




2 | 22:05
**DEATH ROW STORIES**
Vandaðir og spennandi heimildarþættir þar sem fjallað er um alríkisglæpi sem varða dauðarefsingu í Bandaríkjunum.



b | 22:00
**SNAKES ON A PLANE**
Hörkuspennandi, glettilega fyndin og laglega ýkt hasarmynd með Samuel L. Jackson í aðalhlutverki.



3 | 21:05
**FLASH**
Spennuþættir sem byggðir eru á teiknimyndaseríunni Flash Gordon úr smiðju DC Comics og fjalla um ævintýri vísindamannsins Barry Allen.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.10** The Middle
**08.30** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Jamie's 30 Minute Meals
**11.25** Um land allt
**12.05** Hindurvitni
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Amazing Spider-Man 2
**15.25** The Prince and Me 4
**16.55** Tommi og Jenni
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.25** Matargleði Evu Þriðja þáttaröð þessara fróðlegu og freistandi þátta þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni.
**19.50** Jamie's Super Food
**20.35** NCIS
**21.20** The Blacklist Þriðja spennuþáttaröðin með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymonds Reddington eða Red, sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum.
**22.05** Death Row Stories
**22.50** Married
**23.15** Shetland
**00.10** The X-Files
**00.55** Shameless
**01.45** The Burning Plain
**03.30** Bronson
**05.00** The Middle
**05.25** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

**09.40** Ítalski boltinn Leikur Hellas Verona og Atalanta
**11.20** Dominos deild kvenna
**12.50** Ítalski boltinn
**14.30** Ítalski boltinn Leikur Lazio og Napoli í ítölsku úrvalsdeildinni.
**16.10** Spænski boltinn Leikur Real Madrid og Espanyol
**17.50** Spænsku mörkin
**18.20** Þýski boltinn 20
**20.00** Bundesliga Weekly
**20.30** World Strongest Man 2015
**21.00** FA Cup 2015/2016
**22.40** UFC Live Events 2016

## SPORT 2

**07.00** Premier League Leikur Watford og Chelsea.
**08.40** Premier League Leikur Everton og Newcastle
**12.50** Premier League World
**13.20** Premier League Leikur Manchester United og Stoke City
**15.00** Premier League Leikur Arsenal og Southampton.
**16.40** Premier League Leikur Leicester City og Liverpool.
**18.20** Premier League Leikur Watford og Chelsea.
**20.00** Premier League World
**20.30** Premier League Leikur Everton og Newcastle
**22.10** Premier League Leikur Sunderland og Manchester City**23.50** Premier League Leikur Norwich og Tottenham Hotspur

## GOLFSTÖÐIN

**08.50** Golfing World 2016
**09.40** Champions Tour Highlights
**10.35** PGA Tour 2016 - Highlights
**11.30** Omega Dubai Desert Classic
**13.45** Abu Dhabi HSBC Golf Championship
**18.45** Golfing World 2016
**19.35** Inside The PGA Tour
**20.00** Waste Management Phoenix Open

## STÖÐ 3

**18.15** Guys With Kids
**18.40** Comedians
**19.05** Suburgatory
**19.30** Fresh Off the Boat
**19.55** Sullivan & Son
**20.20** Supergirl
**21.05** Flash
**21.50** Arrow
**22.35** Lip Sync Battle
**23.00** NCIS Los Angeles
**23.45** Justified
**00.35** First Dates
**01.25** Fresh Off the Boat
**01.50** Sullivan & Son
**02.15** Supergirl
**03.00** Flash
**03.45** Arrow
**04.30** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Brunabílarnir
**07.25** Skógardýrið Húgó
**07.47** Ævintýraferðin
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.45** Gulla og grænjaxlarnir
**08.55** Tommi og Jenni
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Rasmus Klumpur og félagar
**09.55** UKI
**10.00** Ævintýri Tinna
**10.23** Lína langsokkur
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Brunabílarnir
**11.24** Skógardýrið Húgó
**11.46** Ævintýraferðin
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Gulla og grænjaxlarnir
**12.55** Tommi og Jenni
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Rasmus Klumpur og félagar
**13.55** UKI
**14.00** Ævintýri Tinna
**14.23** Lína langsokkur
**14.48** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Brunabílarnir
**15.24** Skógardýrið Húgó
**15.46** Ævintýraferðin
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Gulla og grænjaxlarnir
**16.55** Tommi og Jenni
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Rasmus Klumpur og félagar
**17.55** UKI
**18.00** Ævintýri Tinna
**18.23** Lína langsokkur
**18.48** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Kapteinn Skögultönn

## GULLSTÖÐIN

**17.10** Two and a Half Men
**17.35** Friends
**18.00** How I Met Your Mother
**18.25** Modern Family
**18.50** Major Crimes
**19.35** Cold Feet
**20.25** Death Comes To Pemberley Bresk framhaldsmynd sem byggð er á samnefndri metsölubók eftir P.D. James og er með sömu persónum og áhorfendur þekkja úr sögunni Pride and Prejudice eftir Jane Austen.
**21.30** Klovn Sjötta þáttaröðin um þá félaga Frank og Casper og þeirra ótrúlegu ævintýri sem oft á tíðum eru meira en lítið neyðarleg.
**22.00** The Sopranos
**22.45** It's Always Sunny in Philadelp
**23.10** The Glades
**23.55** Major Crimes
**00.40** Cold Feet
**01.30** Death Comes To Pemberley
**02.35** Klovn
**03.00** The Sopranos
**03.45** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.20** Battle of the Year
**12.10** The Mask of Zorro
**14.25** Miss Conception
**16.10** Battle of the Year
**18.00** The Mask of Zorro
**20.15** Miss Conception
**22.00** Snakes on a Plane
**23.45** Kill List
**01.20** Spring Breakers
**02.55** Snakes on a Plane

## RÚV

**17.05** Stóra sviðið
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Stundin okkar
**18.20** Veistu hvað ég elska þig mikið?
**18.32** Eðlukrúttin
**18.43** Hrúturinn Hreinn
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Íslenskur matur (5:8) Léttur þáttur á fróðlegur nótunum um það hvernig hugvit, tækni, menntun og dugnaður umbreyta íslenskri náttúru í matvörur á heimsmælikvarða. Dagskrárgerð: Svavar Halldórsson.
**20.40** Ljósmóðirin (5:8) (Call The Midwife IV) Breskur myndaflokkur byggður á sannsögulegum heimildum um ljósmæður og skjólstæðinga þeirra í fátækrahverfi í austurborg London í byrjun sjöunda áratugarins. Meðal leikenda eru Vanessa Redgrave, Jessica Raine og Pam Ferris.
**21.35** Best í Brooklyn (5:7) (Brooklyn Nine Nine) Lögreglustjóri ákveður að breyta afslöppuðum undirmönnum sínum í þá bestu í borginni. Aðalhlutverk: Andy Samberg, Stephanie Beatriz, Terry Crews og Melissa Fumero.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Lögregluvaktin
**23.05** Ófærð
**00.00** Kastljós
**00.30** Fréttir
**00.45** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Hotel Hell
**09.50** Minute To Win It
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**12.50** King of Queens
**13.15** Dr. Phil
**13.55** Survivor
**15.25** The Voice
**16.50** The Voice
**17.35** Dr. Phil
**18.15** Dr. Phil
**18.55** The Late Late Show with James Corden
**19.35** America's Funniest Home Videos
**20.00** The Biggest Loser - Ísland
**21.10** Billions
**21.55** Zoo
**22.40** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.20** The Late Late Show with James Corden
**00.00** Scorpion
**00.45** Law & Order. Special Victims Unit
**01.30** The Affair
**02.15** Billions
**03.00** Zoo
**03.45** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.25** The Late Late Show with James Corden

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

netto

Markhönnun ehf

# Saltkjöt og baunir, túkall

























**Tilboðin gilda 4. – 7. feb 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Lara Croft hefur aldrei litið betur út


Lara Croft veldur ekki vonbrigðum, en hér sést hún takast á við eina þrautina af allmörgum í leiknum.

**Rise of the Tomb Raider** er stórskemmtilegur leikur en tuttugu ár eru frá því að fyrsti leikurinn um Löru Croft leit dagsins ljós.

**LEIKUR**

**Rise of the Tomb Raider**

★★★★☆

**Hasarleikur**

**PC**

Ævintýrakonan Lara Croft er orðin tuttugu ára gömul en fyrsti leikurinn í þessari vinsælu seríu kom út árið 1996 og sló í gegn. Nýjasti leikur seríunnar er líklegast sá besti og er greinilegt að Crystal Dynamics vita hvað þeir eru að gera. Í ROTTR má finna góða blöndu af klisjum og alvarleika, útlit leiksins er einfaldlega frábært.

Þá er mjög mikið að sjá og gera í leiknum og oft á tíðum er erfitt að halda dampi.

Leikurinn Rise of the Tomb Raider var gefinn út fyrir Xbox One og 360 í nóvember. Á dögunum var hann hins vegar gefinn út fyrir PC og til stendur að gefa hann út fyrir PS4 seinna á þessu ári. Um er að ræða annan leikinn um ævintýrakonuna frægu frá því að serían var endurgerð árið 2013.

Að þessu sinni þarf Lara að fylgja vísbendingum sem faðir hennar skildi eftir sig.

Í grunninn gengur Tomb Raider út á að lifa af í mjög svo óvinveittu umhverfi, safna birgðum, byggja vopn og finna fornmuni. Þá þarf Lara að læra ýmis tungumál og verða öflugri bardagakona. Karakterkerfi leiksins er mjög gott og þá er einnig hægt að betrumbæta öll vopnin sem Lara beitir gegn dýrum og málaliðum skuggalegra samtaka sem elta hana við hvert fótmál.

Þrautir leiksins eru gífurlega skemmtilegar og krefjandi, en þær mættu jafnvel vera fleiri. Með skemmtilegri atburðum leiksins eru fjársjóðsleitir sem hægt er að fara í og tengjast sögu leiksins í raun ekki. Bardagar Löru fela oftar en ekki í sér að laumast úr einu fylgsni í annað og koma óvinum að óvörum. Þó er nóg um skotbardaga í ROTTR og þeir virka einnig vel.

Það sem er hægt að setja út á í PC-útgáfunni er til dæmis það að örvatakkarnir bjóða oft á tíðum ekki upp á jafn mikla nákvæmni í hreyfingum og fjarstýringar leikjatölva. Því gerðist það tiltölulega oft að ég hoppaði fram af klettasyllum og hitti ekki á brúnir sem ég ætlaði mér að grípa í.

Það sem einkennir PC-útgáfu ROTTR þó sérstaklega er útlitið. Grafíkin er mjög góð og með réttu tölvunum er hægt að gera hana einstaka. Spilunin er skemmtileg og þrautirnar eru krefjandi. Bardagar eru einnig skemmtilegir, svæði leiksins eru stór og stútfull af hlutum til að finna. **Samúel Karl**

# Það þarf ekki alltaf að vera vodki í kók

Reykjavik Cocktail Weekend er haldin í þriðja skiptið um komandi helgi. **Tómas Kristjánsson** segir kokteilana loks eiga aftur upp á pallborðið, eftir áralanga útlegð og setja hinn umrædda punkt yfir i-ið þegar fólk fer út að borða.

„Þetta er eins konar uppskeruhátíð barþjóna á Íslandi, þar sem skemmtistaðir Reykjavíkur leiða saman hesta sína,“ segir Tómas Kristjánsson, forseti Barþjónaklúbbs Íslands, sem er að vonum yfir sig spenntur fyrir helginni en kokteilhátíðinni Reykjavik Coctail Weekend var ýtt úr vör í gær.

Stendur Barþjónaklúbbur Íslands fyrir herlegheitunum í samstarfi við helstu veitinga- og skemmtistaði í Reykjavík, og er þetta í þriðja skiptið sem hátíðin er haldin. „Forkeppnin verður í kvöld í Gamla bíói, og þá má eiginlega tala um að þetta sé tvískipt. Það er þá Íslandsmeistarakeppnin þar sem farið er eftir alþjóðlegum stöðlum, og sigurvegarinn fer svo og keppir fyrir Íslands hönd í Tókýó í haust. Svo er það „freestyle“ vinnustaðakeppni, þar sem vinnustaðir keppa sín á milli,“ útskýrir Tómas og bætir við að í ár keppi fjörutíu og fjórir barþjónar um Íslandsmeistaratitilinn og þrjátíu og fimm veitingastaðir taki þátt í hátíðinni, þar sem hver bar skapar sinn eiginn kokteil sem stendur til boða yfir helgina á sama spottprís, eða 1.500 krónur. „Helgin verður öll lögð undir þetta, og verður svo sjálft úrslitakvöldið á sunnudaginn.“

Segist hann finna fyrir gríðarlegri grósku hér á landi þegar kemur að kokteilum, og horfir aftur um fjögur ár þegar hann segir ákveðinn uppgang hafa orðið í þessum efnum. „Það hefur verið rosalega gaman að fylgjast með þessu undanfarin ár, og maður sér hvernig kokteilarnir eru orðnir partur af menningunni. Fólk fer út að borða og fær þar góðan mat, en nú er góður drykkur í upphafi eða enda orðinn punkturinn yfir i-ið eins og menn segja,“ bendir Tómas á.

Aðspurður um hvort þetta sé spánýtt fyrir okkur Íslendingum, svarar hann til að svo sé reyndar ekki og bendir á að hér eigi sér stað ákveðið afturhvarf til áranna 1970 til 1980. „Þá var þetta mikið hérna, en svo datt þessi kokteilamenning alveg út,“ segir hann og fagnar mjög þessari fjölbreytni sem íslenskir barir hafa tileinkað sér. „Það er svo rosalega margt hægt að gera, og það þarf ekki alltaf að blanda vodka í kók,“ bendir hann á og skellir upp úr. Hann þakkar það auknu frelsi heildsalanna, sem nú bjóða upp á mun fleiri tegundir en áður, og það skapi þessa fjölbreytni sem raun ber vitni. „Nú er þetta bara orðið rosalegt áhugamál hjá fólki, og mikið sem þarf að pæla í, enda góður kokteill sambland af bragði, útliti og lykt. Menn eru þannig að undirbúa sig mikið, og prófa sig áfram með því að þefa upp úr flöskunum og finna út hvað passar saman. Þá skipta klakarnir miklu máli og svona ýmislegt. Þetta er bara ákveðin efnafræði,“ bendir hann á að lokum.


Forseti Barþjónaklúbbsins, Tómas, segir ákveðna efnafræði felast í starfi barþjónsins á Íslandi í dag, þar sem allt er gert eftir kúnstarinnar reglum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

gudrun@frettabladid.is

# GARNDAGAR Í A4

## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU GARNI OG PRJÓNUM

**4. - 8. FEBRÚAR**




**25% AFSLÁTTUR FYRIR FÉLAGA Í A4 KLÚBBNUM**

ÞÚ SKRÁIR ÞIG Í KLÚBBINN Í NÆSTU VERSLUN A4 EÐA Á A4.IS

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**








**Hópurinn er á fullu við að taka upp í hljóðverinu Sundlauginni í Mosfellsbæ þessa dagana. F.v. eru Ingibjörg Elsa, Pétur Ben, Soffía Björg, Kristofer Rodriguez og upptökustjórinn Ben Hillier.** MYND/KÁRI STURLUSON

# Vinnur með sama upptökustjóra og Blur og Depeche Mode

Soffía Björg ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur, en hún fær Ben Hillier til að vinna með sér að fyrstu sólóplötu sinni.

Tónlistarkonan Soffía Björg er um þessar mundir að hljóðrita sína fyrstu sólóplötu en breski upptökustjórinn Ben Hillier stýrir upptökum á plötunni. Ben Hillier hefur komið víða við og hefur unnið með þekktum nöfnum í tónlistarheiminum á borð við Blur, Suede, Depeche Mode, Balthazar og Elbow svo nokkur nöfn séu nefnd.

„Þetta atvikaðist þannig að ég var aðeins að þreifa fyrir mér úti í útlöndum, að leita að einhverjum heppilegum í þetta verkefni og hans nafn kom upp og okkur leist vel á hann. Hann kom svo til baka eftir að hafa hlustað á nokkrar prufuupptökur og sagðist vera rosa hrifinn af því sem hann væri að heyra og sagðist vera til í að taka eina góða viku með okkur,“ segir Kári Sturluson, umboðsmaður Soffíu Bjargar, spurður út í tildrög samstarfsins.

Upptökurnar hafa farið fram í hljóðverinu Sundlauginni í Mosfellsbæ í vikunni. „Hingað til hefur þetta gengið rosa vel og það er finn samhljómur á milli Bens og tónlistarfólksins sem er ekki af verri endanum það er að segja Pétur Ben á gítar, Ingibjörg Elsa Turchi á bassa og Kristofer Rodriguez Svönuson á trommum,“ bætir Kári við.

Upptökurnar eru þó einungis fyrsta skrefið í ferlinu og mun Ben einnig hljóðblanda plötuna í Bretlandi. „Ben er ekki bara svona týpískur upptökustjóri sem snýr tökkum fram og til baka heldur er hann mikill músíkant líka,“ segir Kári um Ben.

Það hlýtur að vera mikill fengur að fá eins reyndan og virtan aðila og Ben í verkefnið. „Jú, það er ansi stórt og gott skref að fá jafn þekktan og frjóan upptökustjóra og Ben inn í þetta með Soffíu og hljómsveit. Það setur meiri vigt í þetta og stuðning, bæði út og inn á við á margan hátt. Það er gaman að fá nýtt fólk inn og gott að fá nýja sín á hlutina.“ Þetta er jafnframt í fyrsta sinn sem Ben vinnur með íslenskum tónlistarmönnum.

Soffía Björg hefur komið víða við og var til dæmis meðlimur í hljómsveitinni Brother Grass. Hún er tiltölulega nýbyrjuð að vinna að sólóefni sínu en gaf út sitt fyrsta smáskífulag í haust, lagið Back & Back Again. Hún kom fram á Iceland Airwaves og þá er hún bókuð á Secret Solstice í sumar og ýmislegt annað er einnig bókað hjá Soffíu Björg.

Stefnt er að því að platan komi út í haust. **gunnarleo@frettabladid.is**



**Ben Hillier hefur talsvert unnið með bresku hljómsveitinni Blur.** MYND/FILMMAGIC

**BEN HILLIER HEFUR UNNIÐ MEÐ NÖFNUM Á BORÐ VIÐ:**

- Blur
- Suede
- Depeche Mode
- Balthazar
- Elbow
- The Editors
- Natalie Imbruglia
- Nadine Shah

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

2016

# FERMING

galleri sautján



## FERMINGARTREND

**STRÁKAR**

Jakkaföt og strigaskór eða stakur jakki við gallabuxur og Dr. Martens skó. Klassískir litir eins og svart, grátt og blátt. Aukahlutir setja svo punktinn yfir i-ið.

**STELPUR**

Fallegar og rómantískar flíkur eru einkennandi hjá stelpunum í ár. Blúnda, chiffon og blanda af 60's og 70's tísku. Litirnir eru mildir og skórnir einfaldir og dömulegir.

galleri sautján

Kringlan | Smáralind

... fleiri myndir á www.facebook.com/gallerisautjan

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Hugleikur Dagsson



## Er þetta frétt?

Mér finnst fréttir ekki vera fréttir lengur. Alltaf þegar maður kveikir á fréttunum er það sama. Stríð í útlöndum. Kemur ekki á óvart. Stjórnmálamaður er ósammála öðrum stjórnmálamanni. Duh. Og fótboltalið vann annað fótboltalið í fótbolta. Sem einhverra hluta vegna er hluti af fréttatímanum. Ekkert af þessu eru fréttir. Þetta gerist á hverjum degi. Alltaf.

Meirasegja þegar eitthvað hræðilegt gerist þá snertir það okkur ekki. Springandi börn í útlöndum eru of langt í burtu til að registera. Svakaleg spilling á Alþingi er of boring til að velta sér uppúr henni. Fótboltalið sem tapar mikilvægum leik vinnur kannski næsta leik. Og við heyrðum hvorteðer allar þessar fréttir í síðustu viku. Á svona tímum bíð ég eftir geimveruinnrás. Það væri frétt.

Þessvegna er ekkert skrítið að fólk leiti eftir fjölbreyttari fréttum á vafasamari miðlum. Ég nefni engin nöfn. En það er bara vegna þess að ég sé ekki lengur muninn á fréttamiðlum. Allar fullar af fyrirsögnum um fólk á Facebook sem sagði eitthvað um annað fólk á Facebook. Eða sexý fréttum eins og „Kim Kardashian bítur kött“. Og allir brjálast og úthúða miðlinum sem dirfist að kalla það frétt.

„Er þetta frétt?!“ spyrð þú. Svarið er já. Já, þetta er frétt. Þú gerðir þetta að frétt. Þú fórst á netið. Þú fórst á fréttamiðilinn. Þú smelltir á greinina. Þú gerðir hana meira lesna. Þú hjálpaðir til við að selja auglýsinguna sem er við hliðina á fréttinni. Fólkið sem skrifar fréttirnar er ekki vandamálið. Fjölmiðlarnir eru ekki vandamálið. Þú ert vandamálið.

Og ég líka. En ég vildi bara sjá afhverju Kim Kardashian beit kött.

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland



Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð
fimmtudaga milli 19:30 – 22:00
í síma 551-1012.




Alltaf tengd með Vodafone RED Office

Einfaldaðu lífið og auktu afköstin með því að hafa fjarskiptin og Office á sama stað!

Nánari upplýsingar á vodafone.is eða í síma 599 9500.

Vodafone
Við tengjum þig

